


skoðun 12

3 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Fasteignir.is
Híbýli og viðhald




Mótar slaufur úr tré.
*Guðmundur Jón Stefánsson sýnir frumlegar slaufur á sýningunni Handverk og hönnun.*
**allt 2**




# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Mánudagur
**1. nóvember 2010**
256. tölublað 10. árgangur
Sími: 512 5000


# Eignarnám HS orku nánast út af borðinu

**Hverfandi líkur eru á að ríkið taki HS orku eignarnámi. Starfshópi var gert að sætta sjónarmið stjórnarþingmanna og fékk skýra leiðsögn. Tormerki eru á áformum stjórnvalda um að takmarka eignarhald einkafyrirtækja á orkufyrirtækjum.**

**STJÓRNMÁL** Ólíklegt er að starfshópur ríkisstjórnarinnar um eignarhald á orkufyrirtækjum geti komist að þeirri niðurstöðu sem stjórnin lagði honum í hendur.

Hverfandi líkur eru á að hópurinn leggi til að ríkið taki HS-orku eignarnámi af eigandanum, Magma Energy og ljón eru í vegi þess að hann geti með góðu móti lagt til takmörkun eignarhalds einkafyrirtækja.

Starfshópurinn var skipaður í kjölfar þess pólitíska óróa sem varð í framhaldi kaupa Magma á HS-orku. Voru skipun hans og verkefni liður í lempun óánægðra stjórnarþingmanna, einkum úr röðum vinstri grænna.

Starfshópnum var gert að undirbúa lagafrumvarp sem tryggði opinbert eignarhald á mikilvægum orkufyrirtækjum og takmarkaði eignarhald einkafyrirtækja. Átti hann að vera búinn að skila af sér og stefndi ríkisstjórnin að því að leggja fram frumvarp um málið fyrir októberlok. Það áform gengu ekki eftir.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru þau meginsjónarmið uppi í starfshópnum að fara beri eftir niðurstöðum nefndar sem yfirfór viðskiptin með HS orku. Hún mat þau lögmæt og lagði ekki til eignarnám. - bþs / sjá síðu 8



**MÆNT Á MUNINA** Freyja Hlíðkvist Ómarsdóttir, sérfræðingur hjá Munasafni Þjóðminjasafnsins, og Þór Magnússon, fyrrverandi þjóðminjavörður, virða fyrir sér hundrað ára gamla silfurnælu á greiningardegi safnsins í gær. Slíkir dagar eru haldnir tvisvar á ári og gefst fólki þá tækifæri til að fá sérfræðigreiningu á gömlum munum í fórum sínum. Silfurnælan var talin verk gullsmiðsins Páls Þorkelssonar, sem lést árið 1936. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Gamlir félagar syngja
*Skagfirska söngsveitin fagnar afmæli með tónleikum.*
**tímamót 16**

Grænn hagvöxtur
*Tækifærin liggja í endurnýjanlegri orku og þróun umhverfistækni.*
**umræðan 14**



Þjálfarinn hefur áhyggjur
*Handboltalandsliðið tapaði með fimm marka mun úti í Austurríki.*
**íþróttir 24**

**veðrið í dag**




**ÚRKOMA VÍÐAST HVAR** í dag má búast við NA- og A-áttum, víða 10-18 m/s en lægir sunnantil um og eftir hádegi. Rigning S-lands en annars slydda eða snjókoma. Hiti lítillega í veðri.
**VEÐUR 4**



**FJÖGUR MÖRK Í SEX LEIKJUM** Gylfi Þór Sigurðsson fagnar marki. MYND/BONGARTS

Gylfi Þór fór á kostum:

## Nýtti tækifærið fullkomlega

**FÓTBOLTI Gylfi Þór Sigurðsson fór á kostum í fyrsta byrjunarliðsleik sínum með Hoffenheim í þýsku úrvalsdeildinni í gær. Gylfi skoraði tvö mörk og lagði upp það þriðja í 4-0 sigri á Hannover.**

**„Þjálfarinn fer ekki að breyta liðinu held ég eftir þennan leik. Þetta var samt ekki besti leikur sem ég hef spilað,“ sagði Gylfi í viðtali við Fréttablaðið eftir leikinn.**

**Gylfi hefur skorað fjögur mörk í fyrstu sex leikjum sínum með Hoffenheim síðan hann var keyptur þangað frá Reading í lok ágústmánaðar.** - óój, gm / sjá síðu 26

Afreksfólk í Kópavogi:

## Par sem safnar meistaratitlum

**FÓLK** Fimleikakonan Ásdís Guðmundsdóttir og knattspyrnumaðurinn Kári Ársælsson búa saman í Kópavoginum, en bæði eru þau nýkrýndir meistarar.

Ásdís hlaut gullverðlaun á Evrópumótinu með Gerplu á dögunum og Kári varð Íslandsmeistari með Breiðabliki í september. Þetta unga ofurpar þyrfti fleiri klukkustundir í sólarhringinn þar eð önnur áhugamál þurfa oftast að víkja fyrir æfingum. „Það skiptir ekki endilega öllu hversu miklum tíma maður eyðir saman, heldur hvernig maður nýtir tímann,“ segir Ásdís. - ka / sjá síðu 30

Þjálfun skipverja og öryggisbúnaði þakkað fyrir að ekki fór verr í eldsvoða á sjó:

# Eldur braust út í Goðafossi

**BRUNI** Eldur varð laus í reykháfi á Goðafossi, gámaflutningaskipi Eimskipafélagsins, þar sem það var á siglingu í slæmu veðri milli Íslands og Færeyja aðfaranótt laugardags.

„Það er alltaf hætta á ferðum þegar eldur kviknar í skipi,“ segir Ólafur W. Hand, forstöðumaður markaðs- og upplýsingamála hjá Eimskipi. Hann segir að þakka megi góðri þjálfun skipverja og öryggisbúnaðinum um borð fyrir að ekki fór verr. Um tugur er í áhöfn skipsins.

Þrátt fyrir að slæmt veður torveldaði skipverjum verkið gekk fremur greiðlega að ráða niðurlögum eldsins. Hann kviknaði í stromphúsi út frá olíuleka.

Skipverjar voru í sambandi við Landhelgisgæsluna og björgunarmiðstöðina í Færeyjum. Varðskip var til taks en ekki þurfti að senda björgunarmenn til að aðstoða skipverja, samkvæmt upplýsingum frá Landhelgisgæslunni.

Skipið kom til Færeyja í gær og var skipverjum boðið upp á áfallahjálp vegna eldsvoðans.



**GOÐAFOSS** Skipverjum var boðin áfallahjálp þegar Goðafoss kom til Færeyja í gær. Skipið sigldi eftir það áleiðis til Bretlands. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Einhverjar skemmdir urðu á rafkerfi skipsins, en vel gekk að gera við, segir Ólafur. Skipið var lagt af stað áleiðis til Bretlands í gærkvöldi. - bj







Asphalia – Náttúrulegur svefn
Fæst í apótekum og heilsubúðum

## SPURNING DAGSINS



*„Þórarinn, þarf þá forvarnarstarfið ekki að spítta í lófana?“*

**„Jú, það þarf vissulega á örvun að halda, sama hvaðan hún kemur.“**

Þórarinn Tyrfingsson er formaður aðalstjórnar SÁÁ. Fréttablaðið greindi á laugardag frá nýrri norrænni rannsókn þar sem fram kemur að hlutfall ungmenna sem prófað hafa amfetamín er hæst á Íslandi af öllum Norðurlandaríkjunum.

Talið að mótmælin á Austurvelli hafi haft áhrif á það að væntingavísitala Gallup hrundi í október:

# Svartsýnin ekki meiri síðan í hruninu

**KÖNNUN** Væntingavísitala Gallup hrundi í síðasta mánuði eftir nær samfellda hækkun undanfarna mánuði. Vísitalan hefur aðeins einu sinni hrunið jafn mikið milli mánaða, í nóvember 2008 að bankahruni nýafstöðnu.

Vísitalan er stillt þannig að hún standi í 100 stigum ef jafn margir eru bjartsýnir og svartsýnir. Ef hún fer undir 100 eru fleiri svartsýnir, en fari hún yfir 100 hafa bjartsýnir yfirhöndina.

Væntingavísitalan datt úr tæplega 68 stigum í september í 32 stig í október. Í október 2008 stóð hún í 23,2 stigum. Lægst fór hún þó í janúar í fyrra, í 19,5 stig.

Mestu munar um minnkandi tiltrú fólks á að ástandið í efnahags- og atvinnumálum þjóðarinnar muni batna á næstunni, samkvæmt upplýsingum frá Capacent Gallup.

Væntingar almennings eru mældar í byrjun hvers mánaðar, og í október fóru mælingarnar fram um svipað leyti og þúsundir mótmæltu á Austurvelli. Samkvæmt upplýsingum frá Capacent er talið að andrúmsloftið hafi haft talsverð áhrif á vísitöluna. **- bj**






**GRÍNFUNDUR** Spjallþáttastjórnendurnir Jon Stewart og Stephen Colbert héldu á laugardag fjölmennasta landsins í Washington. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þingkosningar á morgun:

## Repúblikanar sigurstranglegir

**BANDARÍKIN, AP** Þingkosningar fara fram í Bandaríkjunum á morgun en kosið verður um öll 435 sætin í fulltrúadeild Bandaríkjaþings og 37 sæti í öldungadeildinni.

Kannanir hafa bent til þess í allt haust að demókratar muni tapa meirihluta sínum í fulltrúadeildinni en halda naumum meirihluta í öldungadeildinni.

Tölfræðingurinn Nate Silver hjá New York Times, sem vakti mikla athygli með nákvæmum spám fyrir forsetakosningarnar 2008, spáði í gær repúblikönum 232 sætum í fulltrúadeildinni og 48 í öldungadeildinni en demókrötum 203 sætum og 52. **- mþl**

Sprengjur sendar frá Jemen:

## Áttu að granda flugvélunum

**BRETLAND, AP** Bresk stjórnvöld telja víst að sprengjum sem fundust í tveimur flugvélum á föstudag hafi verið ætlað að granda flugvélum sem flytja áttu þær til Bandaríkjanna.

Sprengjurnar voru faldar í pökkum sem sendir voru með UPS og FedEx hraðflutningafyrirtækjunum frá Jemen. Bæði fyrirtækin hafa hætt að taka við sendingum þar í landi í bili. Fimm hafa verið handteknir í Jemen vegna málsins. **- bj**

# Auðvelda aðgang að opinberum gögnum

**Upplýsingalögin eiga að taka til fleiri aðila en nú er og auðvelda á aðgengi að upplýsingum, samkvæmt drögum að breytingum á upplýsingalögum.**

**STJÓRNMÁL** Gera á almenningi auðveldara en nú er að óska eftir upplýsingum frá stjórnvöldum, samkvæmt drögum að breytingum á upplýsingalögum.

Lögin tóku gildi árið 1997. Með þeim er almenningi tryggður réttur til aðgangs að upplýsingum hjá stjórnvöldum og hefur reynslan sýnt að þau hafa falið í sér umtalsverða réttarbót.

Ríkisstjórnin taldi rétt að láta endurskoða lögin. Bæði hefði umfang stjórnsýslunnar aukist og breytingar orðið á umhverfi hennar, meðal annars vegna tækniframfara. Þá hefðu kröfur almennings til aðgangs að upplýsingum um opinber málefni aukist.

Liður í því að auðvelda aðgengi fólks að upplýsingum er að slaka á kröfum um tilgreiningu á máli. Felst breytingin í því að viðkomandi getur tilgreint það málefni sem hann óskar að kynna sér en mun ekki þurfa að tilgreina það með nákvæmum hætti. „Sú skylda verður að meginstefnu til lögð á stjórnvöld að finna þau mál sem efnislega falla undir það málefni sem tilgreint er í beiðni um aðgang,“ segir í greinargerð með frumvarpsdrögunum.

Sú breyting er líka gerð að upplýsingalög eiga að ná til fleiri aðila en nú er. Á það við um fyrirtæki sem eru í eigu hins opinbera að 75 prósentum hluta eða meira. Á það til dæmis við um Landsvirkjun, Orkuveitu Reykjavíkur, RARIK og fleiri, eftir því sem fram kemur í frumvarpinu.

Undanþágur verða þó á þessu. Þannig eiga upplýsingalög ekki að ná til þeirra sem fengið hafa eða sótt hafa um skráningu í kauphöll. Ástæða þess er fyrst og fremst sú að slíkum fyrirtækjum hvílir þegar rík skylda til að veita upplýsingar um starfsemi sína. Þá er áfram byggt á þeirri reglu að vegna samkeppnishagsmuna sé heimilt að undanþiggja ýmsar upplýsingar aðgangsrétti almennings.

Endurskoðun laganna önnuðust Trausti Fannar Valsson, lektor við Háskóla Íslands, Margrét Vala Kristjánsdóttir, lektor við Háskólann í Reykjavík, og Þórhallur Vilhjálmsson, yfirlögfræðingur Alþingis. **bjorn@frettabladid.is**



**VIRKJAÐ** Upplýsingalögin ná til fyrirtækja í eigu opinberra aðila, nái breytingar á þeim fram að ganga. Landsvirkjun og Orkuveita Reykjavíkur myndu þá falla undir lögin. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### Dæmi um breytingar á gildandi lögum

| Gildandi lög | Frumvarpsdrög |
|---|---|
| Stjórnvöldum er skylt, sé þess óskað, að veita almenningi aðgang að fyrirliggjandi gögnum sem varða tiltekið mál [...] Réttur til aðgangs að gögnum nær til: 1. allra skjala sem mál varða; 2. allra annarra gagna sem mál varða, svo sem teikninga, uppdrátta, korta, mynda, örfilma og gagna sem vistuð eru í tölvu; 3. dagbókarfærslna sem lúta að gögnum málsins og lista yfir málsgögn. Stjórnvöldum er heimilt að veita aðgang að gögnum í ríkari mæli en kveðið er á um í þessum kafla, nema fyrirmæli laga um þagnarskyldu standi því í vegi. | Sé þess óskað er skylt að veita almenningi aðgang að fyrirliggjandi gögnum sem varða tiltekið mál [...] Réttur til aðgangs að gögnum nær til: 1. allra gagna sem mál varða, þar með talinna endurrita af bréfum sem stjórnvald eða annar aðili samkvæmt I. kafla laga þessara hefur sent, enda megi ætla að það hafi borist viðtakanda, 2. dagbókarfærslna sem lúta að gögnum máls og lista yfir málsgögn. Ef ákvæði 6. til 10. gr. um takmarkanir á upplýsingarétti eiga aðeins við um hluta gagns skal veita aðgang að öðrum hlutum þess. |

## Lét lífið í Drammen

Ungur Íslendingur lést þegar hann varð fyrir lest í Drammen í Noregi aðfaranótt laugardags. Maðurinn hét Kjartan Björnsson og var búsettur í Noregi.



Kjartan var 23 ára gamall, fæddur árið 1987, og lætur eftir sig unnustu.

Slysið varð um klukkan hálfeitt aðfaranótt laugardags. Engin vitni voru að atvikinu önnur en stjórnandi lestarinnar. Lestin var á miklum hraða og er talið að maðurinn hafi látist samstundis. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni í Drammen er talið að um slys hafi verið að ræða en rannsókn stendur yfir.

Norræn æska þingaði:

## Deilt um innflytjendamál

**STJÓRNMÁL** Heitt var deilt um tillögu um að takmarka streymi innflytjenda frá Mið-Austurlöndum á Norðurlandaráðsþingi æskunnar á laugardag.

Fulltrúar ungliðahreyfingar Danska þjóðarflokksins lögðu fram tillögu um mál sem olli hörðum viðbrögðum á þinginu, að því er fram kemur í tilkynningu.

Einungis fulltrúar Svíþjóðardemókrata og Sannra Finna studdu tillöguna. Aðrir fulltrúar á Norðurlandaráðsþingi æskunnar höfnuðu henni alfarið.

Johan Petterson, fulltrúi forsætisnefndar Norðurlandaráðs æskunnar, lagði áherslu á að koma yrði eins fram við allt fólk sama hver uppruni þess væri. **- bj**






Hlaup er hafið í Grímsvötnum og er talið líklegt að gos fylgi í kjölfarið:

# Gos gæti hafist þá og þegar

**HAMFARIR** Hlaup hófst í Grímsvötnum seinnipartinn í gær. Um níuleytið í gærkvöld hafði yfirborð vatnsins hækkað um tíu sentímetra. Gunnar Sigurðsson, vatnamælingamaður hjá Veðurstofunni, segir líklegt að hlaupið fari vaxandi næstu daga. Síðasta hlaup í Grímsvötnum var árið 2004 og þá hafi það tekið fjóra til fimm daga að ná hámarki.

Gunnar telur ólíklegt að brúin yfir Gígjukvísl eigi eftir að skemmast í hlaupinu.

„Þetta er ekki Skeiðarárhlaup og á líklega ekki eftir að verða það stórt,“ segir Gunnar. Hann segir mælingar munu halda áfram næstu daga og erfitt sé að segja til um framhaldið.

Páll Einarsson jarðeðlisfræðingur telur afar líklegt að gos í Grímsvötnum eigi eftir að fylgja í kjölfar hlaupsins.

„Þessi atburðarás er mjög svipuð og árið 2004. Ástand eldstöðvarinnar og vatnanna er það líkt að það verður að teljast frekar líklegt að framhaldið verði svipað,“ segir Páll. „Þegar svona hlaup er farið af stað fylgir það ákveðnum lögmálum og atburðarásin fylgir í kjölfarið.“ Árið 2004 gaus í Grímsvötnum þremur dögum eftir að hlaup hófst fyrir alvöru.

### Jökulhlaup úr Grímsvötnum




„Það er spurning hversu næmur gikkurinn er á eldstöðinni. Ef hann er mjög næmur getur byrjað gos hvenær sem er,“ segir Páll. **- sv**



Fyrir hvert mjúkdýr
sem þú kaupir

↓

gefur IKEA

# 1 evru

↓

til að styrkja menntun barna



Saman hjálpum við nú þegar 8 milljónum barna víða um heim

# MJÚKDÝRALEIÐANGURINN 2010

1. nóvember-23. desember

© Inter IKEA Systems B.V. 2010

**HÖLDUM LEIÐANGRINUM ÁFRAM!**

unicef

Barnaheill
Save the Children

IKEA

www.IKEA.is

## GENGIÐ 29.10.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 111,84 | 112,38 |
| Sterlingspund | 177,94 | 178,80 |
| Evra | 154,68 | 155,54 |
| Dönsk króna | 20,743 | 20,865 |
| Norsk króna | 18,863 | 18,975 |
| Sænsk króna | 16,543 | 16,639 |
| Japanskt jen | 1,3836 | 1,3916 |
| SDR | 175,57 | 176,61 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
206,1695

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Orkuveitan á í viðræðum við fyrrverandi starfsmenn um rekstur í Hellisheiðarvirkjun:

# Vilja reka móttöku fyrir eigin reikning

**FÓLK** Viðræður standa yfir milli Orkuveitu Reykjavíkur og fyrrverandi starfsmanna um rekstur á móttökurými og safni í Hellisheiðarvirkjun. Móttökurýminu var lokað samhliða uppsögnum í fyrirtækinu í október. Mikill fjöldi fólks hefur heimsótt rýmið á hverju ári, langmest ferðamenn.

„Það eru nokkrir fyrrverandi starfsmenn sem hafa sýnt áhuga á að reka þarna þjónustu á sína áhættu," segir Eiríkur Hjálmarsson upplýsingafulltrúi OR. Hann segir mikla fjármuni vera í rýminu, sem er hið glæsilegasta. „Það standa yfir viðræður við þá, sem fyrirtækið hefur gengið inn í með opnum huga. Við þessar aðstæður sjáum við okkur ekki fært að bera kostnaðinn af þessu," segir Eiríkur.



**HELLISHEIÐARVIRKJUN** Starfsmenn vilja taka yfir rekstur safns og móttökurýmis.

Ókeypis hefur verið í safnið og fyrirtækið treysti sér ekki til að taka þá áhættu að sjá hvort gjaldtaka myndi skila sér, jafnvel þótt gestagangur hafi verið mikill.

Minjasafninu og Rafheimum í Elliðaárdal var líka lokað. Eiríkur segir að um nokkra hríð hafi verið viðræður við háskólasamfélagið og Árbæjarsafn um samstarf við þann rekstur. „Menn hafa verið að þreifa sig áfram með þetta en þessar ákvarðanir hér hafa vissulega ýtt við hlutum." - þeb

Faldi eiturlyfin innvortis:

# Dæmd fyrir fíkniefnasmygl

**DÓMSMÁL** Rúmlega fertug kona hefur verið dæmd í fjögurra mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir fíkniefnasmygl.

Konan flutti með flugi frá Amsterdam árið 2008 fimmtíu LSD-töflur og duft, kókaín, e-töfluduft og eina töflu og hass. Efnin faldi hún innvortis. Þá geymdi hún lítilræði af kannabisefnum og amfetamíni í eldhússkáp.

Konan átti ekki sakaferil að baki. Þá var staðfest að hún hefði sótt sér meðferðarúrræði á vegum SÁÁ. - jss



**ISTANBÚL** Skelfing greip um sig eftir sprengjuárásina.

Sjálfsmorðsárás í Tyrklandi:

# 32 slösuðust í sprengjuárás

**TYRKLAND, AP** 32 slösuðust í sjálfsmorðssprengjuárás á Taksimtorgi í Istanbúl í gær. Fimmtán lögreglumenn eru meðal hinna slösuðu og eru að minnsta kosti tveir alvarlega slasaðir.

Lögreglustjórinn í Istanbúl sagði að sprengjumaðurinn hefði án árangurs reynt að komast inn í stóran lögreglubíl. Hann hefði því sprengt sig í loft upp alveg við bílinn. Við rannsókn á torginu fannst ósprungin sprengja.

Hátíðarhöld voru á torginu í tilefni af þjóðhátíðardegi landsins. Hátíðarhöldunum hafði verið frestað á föstudag vegna mikillar rigningar.

Engin samtök hafa lýst tilræðinu á hendur sér. - þeb

## ÁRÉTTING

Vegna fréttar um Egil „Gillzenegger" Einarsson og símaskrána, sem birtist í helgarútgáfu Fréttablaðsins, vill Kristín Helga Gunnarsdóttir rithöfundur koma því á framfæri að hún sé ekki höfundur bréfs sem þar var greint frá. Hún hafi aðeins áframsent það.

# Skoða fordæmisgildi dóms

**Staðfesti Hæstiréttur að ekki hafi orðið forsendubrestur hjá lántakendum í bankahruninu getur það haft víðtæk áhrif. Varla í samræmi við þá niðurstöðu að samþykkja forsendubrest í öðrum lánum segir lögmaður.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hvaða áhrif hefur dómur Héraðsdóms Suðurlands í skuldamáli sambýlisfólks á Selfossi sem tók húsnæðislán í erlendri mynt?

Fall krónunnar vegna bankahrunsins felur ekki í sér forsendubrest fyrir þá sem sannarlega tóku lán í erlendri mynt, jafnvel þó að hrun krónunnar hafi tvöfaldað skuld þeirra í einu vetfangi.

Þetta er niðurstaða Héraðsdóms Suðurlands í skuldamáli sem Íslandsbanki höfðaði á hendur sambýlisfólki á Selfossi.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu á laugardag féllst dómurinn á kröfu Íslandsbanka. Fólkið, sem tók lán að andvirði 20 milljónir króna í japönskum jenum og svissneskum frönkum, var dæmt til að greiða bankanum 39,9 milljónir króna, auk vaxta og málskostnaðar.

Báðir aðilar féllust á að lánið hefði sannarlega verið veitt í erlendri mynt. Því var ekki deilt um hvort lánið hefði verið ólögmætt í sjálfu sér, á sama hátt og gengistryggð lán sem Hæstiréttur hefur dæmt ólögmæt.

Björn Þorri Viktorsson, verjandi lántakendanna, segir að meðvitað hafi verið fallið frá kröfu um að lánið teldist ólögmætt gengistryggt lán. Það hafi verið gert til þess að fá niðurstöðu varðandi kröfur um forsendubrest.

Hann segir að tilgangslaust hafi verið að krefjast úrlausnar um lögmæti lánsins sem slíks þegar stjórnvöld hafi boðað lagafrumvarp sem jafni stöðu þeirra sem tekið hafi lán í erlendri mynt.

Ekki hefur verið tekin afstaða til þess hvort málinu verði áfrýjað til Hæstaréttar, en Björn segir yfirgnæfandi líkur á því að svo verði.

Dómurinn tekur á þremur mikilvægum atriðum sem tekist hefur verið á um undanfarið, segir Andri Árnason, lögmaður Íslandsbanka í málinu. Hann segir að staðfesti Hæstiréttur niðurstöðu héraðsdóms um þau atriði muni sá dómur vafalaust hafa fordæmisgildi í mörgum málum.




**MÓTMÆLI** Viðbrögðum Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins við dómi héraðsdóms í gengistryggingarmálinu var mótmælt við Hæstarétt í júlí. Hæstiréttur dæmdi í málinu fyrir 45 dögum en viðbragða stjórnvalda er enn beðið. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

## Frumvarp mun ná yfir erlendu lánin

Hæstiréttur staðfesti hinn 16. september síðastliðinn að gengistryggt bílalán hefði verið ólögmætt, og að það skyldi bera lægstu óverðtryggðu vexti Seðlabankans en ekki þá samningsvexti sem tilgreindir væru á lánasamningunum. Tvö mál hafa í kjölfarið farið fyrir dóminn þar sem tekist er á um húsnæðislán í erlendri mynt og er niðurstöðu beðið.

Í kjölfar dómsins kynnti Árni Páll Árnason, efnahags- og viðskiptaráðherra, að sett yrðu lög þar sem tryggt yrði að niðurstaða Hæstaréttar næði til allra bílaláma einstaklinga og lána einstaklinga með veðum í fasteignum, hvort sem þau hefðu verið tekin í erlendri mynt eða tengd erlendri mynt.

Samkvæmt upplýsingum frá efnahags- og viðskiptaráðuneytinu mun frumvarpið ná yfir lán eins og það sem dæmt var í í Héraðsdómi Suðurlands á föstudag. Frumvarp þessa efnis hefur enn ekki litið dagsins ljós, en það hefur verið kynnt í ríkisstjórn. Þing kemur ekki saman fyrr en 4. nóvember, og gæti því orðið eftir það að frumvarpið kemur ekki fram fyrr en þá í fyrsta lagi.

Dómurinn telur í fyrsta lagi að ekki hafi orðið forsendubrestur þó að gengi krónunnar hafi hrunið. Dómurinn telur ekki skipta máli að lánið hafi verið greitt út í íslenskum krónum. Þá telur dómurinn ekki skipta máli að tilgreind hafi verið upphæð í íslenskum krónum sem var jafnvirði hins erlenda höfuðstóls á skuldabréfinu sjálfu.

Það væri varla í samræmi við þessa niðurstöðu héraðsdóms, komist dómstólar að þeirri niðurstöðu að forsendubrestur hafi orðið hjá lántakendum sem tóku verðtryggð lán í íslenskum krónum, segir Andri. Því geti fordæmisgildið orðið verulegt, staðfesti Hæstiréttur þá niðurstöðu.

### Forsendubrestur sterk lagarök

Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda, segir að staðfesti Hæstiréttur dóm héraðsdóms muni sá dómur hafa það vafalaust eitthvert fordæmisgildi. Hann segir að koma verði í ljós hvort hæstiréttur telji rökstuðning dómsins um að enginn forsendubrestur hafi orðið eiga við í málum þar sem um gengistryggð eða verðtryggð lán í íslenskum krónum sé að ræða.

„Ég taldi rök um forsendubrest vera sterk lagarök í svona málum, en hvort þetta var heppilegasta málið til að láta reyna á þau veit ég ekki," segir Gísli.

Efnahags- og viðskiptaráðherra hefur kynnt í ríkisstjórn drög að frumvarpi sem ætlað er að jafna stöðu þeirra sem tekið hafa erlend lán. Gísli segist ekki sammála öllu sem fram hafi komið í þeim frumvarpsdrögum sem hann hafi séð. Það sé þó jákvætt að með því sé ætlunin að koma í veg fyrir að tilviljunarkennd atriði eins og orðalag í samningum ráði úrslitum um réttarstöðu neytenda. brjann@frettabladid.is






## VEÐURSPÁ



Soffía Sveinsdóttir veðurfréttamaður

**HVASST Í DAG**
Búast má við töluverðum vindi í dag, einkum á Vestfjörðum og Snæfellsnesi. Lægir smám saman, fyrst sunnanlands. Á morgun og miðvikudaginn eru horfur á hægum vindi alls staðar nema á NV-landi. Hlýnar í dag en kólnar síðan smám saman.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 22° |
| Basel | 12° |
| Berlín | 12° |
| Billund | 12° |
| Frankfurt | 15° |
| Friedrichshafen | 15° |
| Gautaborg | 11° |
| Kaupmannahöfn | 11° |
| Las Palmas | 23° |
| London | 11° |
| Mallorca | 20° |
| New York | 9° |
| Orlando | 30° |
| Ósló | 9° |
| París | 15° |
| San Francisco | 17° |
| Stokkhólmur | 9° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.


**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Sigmundur Halldórsson *sigmundur@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*





einn dag enn...

# BARNADAGAR

# 20% AFSLÁTTUR

af öllum barnafatnaði...barnaskóm...
leikföngum... barnamat ásamt fleiri tilboðum






20%
AFSLÁTTUR
af Algjör Sveppi



20%
AFSLÁTTUR
af öllum barnamat

20%
AFSLÁTTUR
af öllum leikföngum






tilboð
2.990.-
fullt verð 3.990.-

gildir út mánudaginn 1. nóvember

24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## KJÖRKASSINN



*Er rétt að innheimta gjald af þeim sem nota aðstöðu á Hakinu við Almannagjá?*

| | |
|---|---|
| Já | 58,3% |
| Nei | 41,7% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Eiga stjórnvöld að setja aukið hlutfall fjármuna til rannsóknarstarfs í samkeppnissjóði?*

Segðu þína skoðun á visir.is VÍSIR

Laganemar í Háskólanum í Reykjavík segja sínar Þingvallaferðir fara vel fram:

# Drukku ekki fyrr en Líndal hafði talað

**FÓLK** Aldís Geirdal Sverrisdóttir, formaður Lögréttu, félags laganema við Háskólann í Reykjavík, segir að í árlegum ferðum Málfundafélags Lögréttu á Þingvöll sé góð hegðun í fyrirrúmi.

Eins og kom fram í Fréttablaðinu í gær voru fulltrúar Orators, félags laganema í Háskóla Íslands, kallaðir á teppið hjá formanni Þingvallanefndar og þjóðgarðsverði vegna ölvunar og „skrílsláta“ í Þingvallaferð 10. september síðastliðinn. Báðust Orator-menn afsökunar.

Sigurður Líndal lagaprófessor fór með Lögréttu á Þingvöll 27. ágúst síðastliðinn. Aldís segir ferðina hafa tekist með eindæmum vel – eins og jafnan fyrr.

„Í ferðum Lögréttu er lögð mikil áhersla á góða hegðun og áfengi var því ekki haft um hönd fyrr en eftir að framsögu Sigurðar og göngu um Þingvelli lauk. Síðan voru haldnir Lögréttuleikarnir og framsögumaður ársins krýndur en umfjöllunarefnið var vændi,“ segir Aldís.

„Sigurður þakkaði fyrir mikinn áhuga og góða athygli. Lögrétta brýnir mjög fyrir félagsmönnum sínum að góð hegðun endurspeglar lagadeild HR og skólann sjálfan,“ segir formaður Lögréttu. Eins og Orator býður félagið almenningi ókeypis lögfræðiaðstoð og stendur fyrir málþingum um ýmis brýn mál. **- gar**



**LÖGRÉTTA Á ÞINGVÖLLUM** Sigurður Líndal prófessor upplýsti upprennandi lögfræðinga í HR í vísindaferð á Þingvöllum í lok ágúst. MYND/STEVEN JOHNSON

Forsetakosningar í Brasilíu:

## Rousseff talin sigurvegari

**BRASILÍA, AP** Allt bendir til þess að Dilma Rousseff hafi sigrað í annarri umferð forsetakosninganna í Brasilíu. Endanlegar niðurstöður lágu ekki fyrir þegar blaðið fór í prentun.



**DILMA ROUSSEFF**

Rousseff hlaut 46,9 prósent atkvæða í fyrri umferðinni en Jose Serra hlaut 32,6 prósent.

Rousseff er náin núverandi forseta landsins, Luiz Inacio da Silva, sem er gífurlega vinsæll eftir átta ára setu. Rousseff mun hafa heitið því að halda miklu sambandi við da Silva sem forseti. **- þeb**

## DÓMSMÁL

### Sýknaður af árás

Karlmaður hefur verið sýknaður í Héraðsdómi Reykjavíkur af því að hafa stungið blóðugum fingri í munn lögregluþjóns. Maðurinn, sem var ákærður fyrir hættulegt brot á sóttvarnalögum, reyndist vera smitaður af lifrabólgu C.

### Ákærður fyrir spark

Ríkissaksóknari hefur ákært mann um þrítugt fyrir að sparka í sköflung lögreglumanns sem var við skyldustörf. Samkvæmt ákæru átti atvikið sér stað á heimili hins ákærða í Grindavík.

### Fimmtán dagar fyrir þjófnað

Tæplega fertugur karl hefur verið dæmdur í 15 daga fangelsi fyrir þjófnað. Maðurinn er sakfelldur fyrir að stela ýmsum veiðibúnaði úr bílskúr í Reykjanesbæ. Hann játaði sök fyrir dómi. Maðurinn á að baki langan sakaferil og hefur oft áður verið dæmdur fyrir brot á hegningarlögum.

# Sameining ríkjanna fæli í sér sóknarfæri

**Gunnar Wetterberg sagnfræðingur telur að Norðurlandaríkin ættu að sameinast í eitt sambandsríki og það myndi gera þau að einu sterkasta ríki heims. Sameining myndi auka vægi Íslands gríðarlega á alþjóðavettvangi, segir Wetterberg.**

**UTANRÍKISMÁL** Ísland yrði hluti af einu sterkasta efnahagskerfi heims, næðu hugmyndir Gunnars Wetterberg, sænsks sagnfræðings, fram að ganga. Wetterberg skrifaði nýverið bókina Sambandsríkið Norðurlönd, þar sem hann greinir frá því hvernig Norðurlandaríkin fimm myndu hagnast á því að sameinast og taka meðal annars upp sameiginlegt hagkerfi, atvinnumarkað, utanríkis- og öryggismálastefnu.

Wetterberg segir löndin myndu verða mun sterkari innan Evrópusambandsins (ESB) væru þau sameinuð. „ESB getur hunsað fámenn lönd með lítil hagkerfi. En það yrði erfitt að líta framhjá sterku sambandsríki eins og þetta myndi verða,“ segir Wetterberg. „Það yrði í fjórða til fimmta sæti yfir sterkustu sambandsríkin innan ESB og ég tel að slíkt myndi setja hlutina í nýtt samhengi.“

Sambandsríkið Norðurlönd myndi veita Íslandi hlutdeild í einu sterkasta efnahagsríki heims og segir Wetterberg að slíkt myndi auka vægi landsins gríðarlega á alþjóðavettvangi.

„Vettvangur fyrir norræn fyrirtæki myndi breikka og samvinna í rannsóknum og háskólastarfi aukast,“ segir hann. „Það yrðu stórvægilegir kostir í þessu fyrir Ísland.“

Ný rannsókn sem greiningarfyrirtækið Oxford Research gerði meðal íbúa Norðurlandaríkjanna leiðir í ljós að 42 prósent fólks eru jákvæð gagnvart hugmyndinni um pólitíska sameiningu þeirra. Wetterberg segir niðurstöðurnar koma sér gríðarlega á óvart.

„Við erum öll vön því að búa í fimm sjálfstæðum ríkjum. Fólk þarf virkilega að velta þessu fyrir sér í nokkur ár til þess að sjá þetta í samhengi. Þess vegna finnst mér þetta ótrúlega hátt hlutfall,“ segir hann.

„Það er ekki búið að ræða mikið um þessi mál. Vonandi mun enn fleira fólk líta á þetta jákvæðum augum þegar smáatriðin verða skoðuð og umræður farnar af stað til að leysa þau vandamál sem munu eflaust koma upp.“

**sunna@frettabladid.is**



**GUNNAR WETTERBERG** Sambandsríki Norðurlandaríkjanna fimm myndi styrkja stöðu Íslands verulega. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Viðhorf Norðurlandabúa til sameiningar




Tveir af hverjum fimm Norðurlandabúum eru annað hvort mjög hlynntir eða frekar hlynntir því að Norðurlöndin sameinist í eitt sambandsríki. 40 prósent 1.032 svarenda frá löndunum fimm eru andvígir hugmyndinni. Svíar og Íslendingar virðast taka best í hugmyndina. Almennt segjast svarendur þó ekki hafa mikla þekkingu á núverandi samstarfi Norðurlandanna.









Læknar fá þunga dóma vegna óþarfa aðgerða á „hryllingslæknastofu“ á Ítalíu:

# Fjarlægðu líffæri að nauðsynjalausu

**ÍTALÍA** Átta ítalskir læknar hafa verið dæmdir til fangelsisvistar eftir að hafa framkvæmt yfir 80 aðgerðir á sjúklingum sínum algerlega að nauðsynjalausu. Læknarnir fjarlægðu meðal annars líffæri úr sjúklingunum til að fá greiðslur frá heilbrigðisyfirvöldum.

Læknarnir ráku læknastofu í Mílanó, sem ítalskir fjölmiðlar kalla „hryllingslæknastofu“, að því er fram kemur í frétt BBC. Í það minnsta fimm aldraðir sjúklingar eru taldir hafa látist vegna óþarfra aðgerða sem framkvæmdar voru á læknastofunni.



**AÐGERÐIR** Læknarnir á læknastofu sem kennd var við heilaga Ritu framkvæmdu 83 óþarfa aðgerðir. NORDICPHOTOS/AFP

Yfirskurðlæknirinn á læknastofunni hlaut fimmtán og hálfs árs dóm fyrir helgi fyrir manndráp og fjársvik. Hann hefur þegar tilkynnt að hann muni áfrýja dóminum, og segist vera gerður að blóraböggli í málinu.

Saksóknarar fullyrða að samtals 83 aðgerðir sem gerðar voru á árunum 2005 til 2007 hafi verið óþarfar. Eitt dæmi var 88 ára kona sem var skorin upp þrisvar þegar ein aðgerð hefði dugað. Þá fjarlægðu læknarnir bæði brjóst átján ára stúlku án þess að nokkur þörf væri fyrir aðgerðina. **- bj**




Það munar um hvert ár ef þú vilt gefa börnunum þínum bestu forsendur til að koma undir sig fótunum sem sjálfstæðir þjóðfélagsþegnar. Því fyrr sem þú byrjar þeim mun betra. Með söfnunartryggingu leggur þú grunninn að fjárhagslegu sjálfstæði barna þinna.

Mikilvægt er að hafa traustan samstarfsaðila sér við hlið. Einhvern sem þú getur treyst fyrir peningunum þínum! Þetta öryggi býður Bayern-Versicherung sem tilheyrir Versicherungskammer Bayern, stærstu opinberu tryggingasamstæðu Þýskalands.

Versicherungskammer Bayern er meðlimur í sambandi fjármálafyrirtækja þýsku sparisjóðanna (Sparkassen-Finanzgruppe) sem er farsælasti samstarfsvettvangur á sviði fjármálaþjónustu í Þýskalandi og með um 50 milljónir viðskiptavina.

Sterk fjárhagsstaða og ströng fyrirmæli í þýskum lögum gera Bayern-Versicherung kleift að uppfylla tryggingaskuldbindingar sínar fyrirvaralaust hvenær sem er.

Nánari upplýsingar um þjónustuframboð okkar er að finna á www.sparnadur.is eða þú hringir einfaldlega í einn af okkar vottuðu ráðgjöfum hjá Sparnaði – við hlökkum til að heyra í þér í síma 577-2025.

SPARNAÐUR

Umboðsaðili Bayern-Versicherung sem er meðlimur
í fyrirtækjasamstæðunni Versicherungskammer Bayern
Holtasmári 1, Kópavogur • Kaupvangsstræti 1, Akureyri
Sími: 577 2025 • sparnadur@sparnadur.is
www.sparnadur.is

VERSICHERUNGSKAMMER BAYERN
Finanzgruppe

**VEISTU SVARIÐ?**



1 Hver er kostnaður heimsins við fjármálakreppuna í milljörðum Bandaríkjadala?

2 Hver er höfundur bókarinnar Birgir Andrésson – í íslenskum litum?

3 Hvar hyggst Bjarni „snæðingur“ Geir Alfreðsson opna nýja matstofu?

**SVÖR**

1 11.900 milljarðar dala 2 Þröstur Helgason 3 Við Skólavörðustíg.

Jakob S. Jónsson segir rangt með farið í frétt í sænskum fréttaskýringaþætti:

# Ekkert ólöglegt í bókhaldinu

**SVÍÞJÓÐ** „Það er skýr munur á óhófsneyslu og einkaneyslu. Ég verð seint sakaður um það að taka mér fé í eigin hagsmunaskyni,“ segir Jakob S. Jónsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri félags í eigu Heimilis og skóla í Svíþjóð. Jakob var ekki formaður félagsins, eins og Fréttablaðið greindi frá á laugardag.

Sænski fréttaskýringaþátturinn Uppdrag og granskning skýrði frá því í síðustu viku að í bókhaldi félagsins Heimilis og skóla væri meðal annars að finna veitingahúsakvittanir upp á 40.000 sænskar krónur, þar sem þúsund krónur hefðu farið í áfengi. Sænskir netmiðlar greindu í kjölfarið frá málinu. Jakob er að vinna í að fá fréttina leiðrétta.



**STOKKHÓLMUR** Samtökin Heimili og skóli í Svíþjóð komust í fréttir í síðustu viku vegna ásakana um fjármálamisferli.

„Þetta er allt saman rangt,“ segir Jakob. Hann segir ástæðurnar bak við umfjöllunina þær að innan sambandsins séu tvær fylkingar og andstæðingar hans hafi brotist inn að næturlagi og lekið bókhaldinu í þáttinn. Hann fullyrðir að ekkert ólöglegt hafi verið þar að finna.

„Það hefur verið endurskoðað og samþykkt og ekki gerðar neinar athugasemdir,“ segir hann. „Mér dettur þó ekki í hug að verja áfengið fyrir þúsund krónur, en reikningarnir fóru í gegnum endurskoðun án þess að eftir þeim hefði verið tekið. Það eru mannleg mistök. En það reyndi enginn að fela neitt.“ - sv

Fóstureyðingum fjölgar:

# Alls 971 fóstri eytt í fyrra

**HEILBRIGÐISMÁL** Alls var 971 fóstureyðing gerð hjá konum með lögheimili á Íslandi á síðasta ári, samkvæmt tölum frá Landlæknisembættinu. Þetta eru heldur fleiri aðgerðir en undanfarin ár.

Meðalfjöldi fóstureyðinga undanfarinn áratug hefur verið um 930 en þær voru fæstar árið 2005, eða 868, og flestar árið 2000, en þá voru þær 987. Á hinn bóginn var metár í fæðingum í fyrra og sé litið til fjölda fóstureyðinga miðað við hverjar 1.000 fæðingar má merkja svolitla fækkun. - jhh



**Á SÝNINGU Í BERLÍN** Nokkrar brjóstmyndir af Hitler eru meðal sýningargripa. NORDICPHOTOS/AFP

Leyniskjöl um Hitler birt:

# Átti til að rjúka upp á fundum

**BRETLAND, AP** „Hann er ljúfur í viðkynningu en hneigist til að berja í borð og öskra á fundum,“ segir um nasistaforingjann Adolf Hitler í breskum leyniskjölum, sem nú hafa verið gerð opinber.

Í skjölunum er að finna frásögn nítján ára austurrísks liðhlaupa, sem breskir hermenn yfirheyrðu.

Í máli liðhlaupans kemur fram að Hitler hafi oftast vaknað klukkan tíu að morgni og þá fengið sér kaffi og brauð með marmelaði í morgunmat. Síðdegis hafi hann tekið á móti gestum, þar á meðal lækni sínum. Síðan hafi hann unnið langt fram á nótt og oft farið mjög seint að sofa.

„Hann gat ekki þolað að fylgst væri með sér,“ sagði liðhlaupinn. „Vörðum var skipað að hafa hann í sjónmáli en vera sjálfir utan sjónmáls.“ - gb

# Takmörkun vefst fyrir nefnd

**Það er óráð að ríkið taki HS orku eignarnámi. Þetta er meginafstaða starfshóps ríkisstjórnarinnar um eignarhald á orkufyrirtækjum. Þá vefst fyrir hópnum að uppfylla óskir ríkisstjórnarinnar um niðurstöðu.**

**STJÓRNMÁL** Starfshópur fimm ráðherra og tveggja þingflokka mun að líkindum ekki leggja til að ríkið taki HS orku eignarnámi af núverandi eiganda, Magma Energy.

Skipun starfshópsins var liður í að leysa úr ágreiningi milli stjórnarflokkanna sem spratt eftir kaup Magma á HS orku. Hótuðu nokkrir þingmenn VG að láta af stuðningi við ríkisstjórnina ef viðskiptin yrðu ekki ógilt.

Fyrsta skref ríkisstjórnarinnar var að skipa nefnd sem meta átti lögmæti kaupa Magma á HS orku. Hún komst að því að kaupin stæðust lög. Benti hún jafnframt á að viðskiptin hefðu verið milli einkaaðila og stjórnvöld hefðu því ekki beina aðild að þeim. Segja mætti að stjórnvöld sætu uppi með orðinn hlut „og ef litið er framhjá ágreiningi um málið og þrýstingi í samfélaginu væri eðlilegt að þau hefðust ekki frekar að um þessi viðskipti sem slík“.

Eigi að síður fjallaði nefndin um möguleg viðbrögð stjórnvalda og um eignarnám sagði hún meðal annars að ákvæði stjórnarskrárinnar leiddi til þess að eignir manna yrðu ekki af þeim teknar með geðþótta stjórnvalda heldur yrði að rökstyðja ákvörðunina með vísan til þess að almenningsþörf væri fyrir hendi sem réttlæti það að aðili væri sviptur eign sinni með lögum.



**Í SVARTSENGI** Ríkisstjórnin skipaði starfshóp sem í raun var gert að vinda ofan af kaupum Magma Energy á HS orku. Verkefnið vefst fyrir starfshópnum FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Annað skref ríkisstjórnarinnar til að leysa úr ágreiningnum í eigin röðum var að skipa sjö manna starfshóp til að undirbúa lagafrumvarp „er tryggi opinbert eignarhald á mikilvægum orkufyrirtækjum og takmarki eignarhald einkaaðila“.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur starfshópurinn staðnæmst við áðurnefnt mat í athugun á möguleikanum á eignarnámi. Í ljósi þess geti það ekki talist fýsilegur kostur.

Við skoðun á lögfestingu takmarkaðs eignarhalds einkaaðila á mikilvægum orkufyrirtækjum hefur verið velt upp færum leiðum. Meðal annars er spurt hvort það eigi að banna með öllu eða binda við tiltekið hlutfall. Verði síðari kosturinn valinn gæti lögbindingin um leið þýtt að opna þyrfti fyrir eignarhald einkaaðila á fyrirtækjum sem nú eru alfarið í opinberri eigu. Með öðrum orðum gæti þurft að bjóða til sölu hlut í Landsvirkjun.

Bent er á að öll mikilvæg orkufyrirtæki landsins eru í hundrað prósenta opinberri eigu, utan HS orka. Opinbert eignarhald sé tryggt – að því marki sem hægt er að tryggja það – þar sem ekki einasta þurfi að breyta lögum um fyrirtækin til að selja þau einkaaðilum heldur þurfi einnig að kveða á um slíkt í fjárlögum. Tvöfalt samþykki Alþingis þurfi því til slíkrar sölu sem verði að teljast býsna góð trygging.

Þá hafa þau sjónarmið verið reifuð í starfshópnum að allt lagaumhverfi orkuiðnaðarins sé með þeim hætti að einkaaðilar geti ekki beitt sér með öðrum hætti en opinberir. Þeir þurfi að gangast undir nákvæmlega sömu lög og reglur um rannsóknir, framkvæmdir, starfsleyfi, framleiðslu og annað. Helstu álitamál er varði orkuframleiðslu snúist því alls ekki um eignarhald.

Í ljósi þessa alls vefst fyrir starfshópnum að komast að niðurstöðu um hvernig hann eigi að fara að vilja ríkisstjórnarinnar um niðurstöðu.

Stjórnvöld stefndu að því að frumvarp yrði lagt fram í lok október. Starfshópurinn er enn að störfum og óvíst hvenær hann skilar af sér tillögum. bjorn@frettabladid.is


## Mundu að panta posa fyrir jólaverslunina!

Borgun býður vandaða posa til leigu á hagstæðum kjörum. Hægt er að leigja posa í skemmri tíma, t.d. helgar- og mánaðarleigu.

- Einfaldir í notkun og uppsetningu
- Uppsetning á höfuðborgarsvæðinu er ókeypis
- Seljendur á landsbyggðinni fá posa senda uppsetta endurgjaldslaust

Pantaðu posa á borgun.is eða leitaðu frekari upplýsinga í síma 560 1600.




JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

BORGUN

Ármúla 30 • 108 Reykjavík
Sími 560 1600 • www.borgun.is

VISA VISA DISCOVER


VILDARÞJÓNUSTUTILBOÐ – ATLANTSOLÍA
VILDARÞJÓNUSTA BYRS
Kynntu þér kostina á byr.is
Það er alltaf gaman að fá sér bíltúr
Það skiptir líka miklu máli að komast lengra fyrir krónuna.
Þess vegna fá viðskiptavinir í Vildarþjónustu Byrs góðan afslátt af hverjum bensínlítra með dælulykli frá Atlantsolíu. Að auki fá þeir aukaafslátt á afmælisdaginn sinn. Fáðu þér bíltúr!
BYR
BYR | Sími 575 4000 | www.byr.is
Vertu í Vildarþjónustu Byrs og fáðu aukin fríðindi, persónulega þjónustu og sjálfvirkar lausnir sem veita þér betri yfirsýn yfir fjármálin. Þannig færðu tíma fyrir það sem skiptir máli. Að auki færðu ýmis sértilboð hjá samstarfsaðilum.
DYNAMO REYKJAVÍK



**FLÚÐU Á MÓTORHJÓLUM** Þúsundir íbúa á eyjunni Jövu flúðu á ný undan eldfjallinu Merapi í gær. Fólkið hafði nýtt sér lægð í gosinu til að fara heim til sín og huga að búskap. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Pólskur karlmaður framseldur vegna dóms um fjárdrátt:

# Þóttist ætla að kaupa hitakerfi

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur staðfest úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur um framsal pólsks manns til heimalands síns.

Maðurinn hafði verið dæmdur í héraðsdómi í Póllandi í mars 2005 fyrir fjársvik. Hann hafði í ágóðaskyni fengið konu til að greiða sér 4.500 pólsk slot, eða sem samsvarar rúmlega 176 þúsund íslenskum krónum, til kaupa á efni til uppsetningar á hitakerfi. Maðurinn keypti hvorki kerfið né endurgreiddi fjármunina. Hann var dæmdur í sjö mánaða skilorðsbundið fangelsi og til að endurgreiða konunni peningana. Þegar hann greiddi konunni ekki skaðabæturnar ákvað pólski dómurinn að hann skyldi afplána refsinguna, en hann hafði þá stungið af úr landi.

Í júlí á síðasta ári barst dómsmálaráðuneytinu beiðni frá pólskum dómsmálayfirvöldum um framsal mannsins. Honum var kynnt beiðnin, en hann hafnaði henni.

Hann kannaðist ekki við að hann hefði reynt að komast undan réttvísinni heldur komið hingað til lands til að leita sér að atvinnu, sem hann hefði fengið. Þá kvaðst hann hafa greitt skaðabæturnar sem hann var dæmdur til að greiða. - jss




**HÆSTIRÉTTUR** Staðfesti úrskurð héraðsdóms um framsalið.

Pósturinn fer ekki á Breiðavík:

# Heimilt að setja upp póstkassa

**SAMGÖNGUMÁL** Póst- og fjarskiptastofnun hefur hafnað kröfu Íslandspósts um að hætta póstdreifingu á bæina Láganúp og Breiðavík við Patreksfjörð, að því er segir á vef Bæjarins besta.

Stofnunin fellst hins vegar á að viðurkennt sé að íbúðarhúsin séu utan við almenna byggð í skilningi reglugerðar um alþjónustu og póstþjónustu. Því sé fyrirtækinu heimilt að setja bréfakassa við Hænuvík, fyrir íbúa á Láganúpi, og við gatnamót Kollsvíkurvegar, fyrir íbúa í Breiðavík.




www.lyfja.is

LYFJA – Lifið heil

**Hjúkrunarþjónusta í Lyfju Lágmúla**

Veitum ýmsa sérhæfða þjónustu, m.a. aðstoð við léttar sáraskiptingar og við að fjarlægja sauma.

**Þjónustan er opin virka daga frá kl. 8 -17.**

ÍSLENSKA/SIA.IS/LYF 51969 10/10




**VILJA STUÐLA AÐ FRIÐI OG SAMVINNU** Shakoor Khan og Sarafat Ullah, forsvarsmenn Ahmadiyya-múslima á Íslandi, standa fyrir ráðstefnu um uppruna trúarbragða. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Trúarbrögð eiga ekki að skapa hatur

**Ahmadiyya-múslimar á Íslandi eru ánægðir með viðtökur Íslendinga. Þeir segja ungt fólk vilja lesa Kóraninn og fræðast um íslam á eigin forsendum.**

**TRÚMÁL** Meginmarkmið ráðstefnu sem Samfélag Ahmadiyya-múslima á Íslandi stendur fyrir um miðjan mánuðinn er að sigrast á fordómum.

Shakoor Khan, forvígismaður samfélags Ahmadiyya á Íslandi, segir mikilvægt að fá fólk til að tala saman. Sú mynd hafi til dæmis verið dregin upp af múslimum að þeir séu hryðjuverkamenn sem vilji koma sínum boðskap á framfæri með stríði. „Það er ekki í samræmi við Kóraninn. Íslam stendur fyrir frið, en margir leggja það að jöfnu við eitthvað annað. Þess vegna leggjum við mikla áherslu á þetta atriði og okkar slagorð er: ‚Elskum alla, hötum engan‘.“

Ahmadiyya-múslimar hafa starfað hér á landi frá árinu 2008. Þeir eru ekki beintengdir öðrum hópum múslima hér á landi, en eiga í góðum samskiptum við Félag íslenskra múslima og Menningarsetur múslima á Íslandi.

Kahn og Sarafat Ullah, félagi hans, segjast hafa mætt ákaflega góðu viðmóti Íslendinga. „Þegar ég útskýri að sú mynd sem er dregin fram í fjölmiðlum um íslam er röng eru nær allir sammála mér,“ segir Khan. Sérstaklega ánægjulegt sé að tala við unga Íslendinga. „Þau vilja lesa Kóraninn. Hvort þau taki svo trú í framhaldinu er algerlega óskylt mál. En þau vilja sækja sér upplýsingar um trúarbrögðin milliliðalaust með því að lesa ritin sjálf.“

Aðspurðir segjast þeir vonast til að þessi ráðstefna muni koma á framfæri meginatriðum trúarbragðanna.

„Svona færum við fólk nær hvert öðru. Það er okkar tilgangur. Fólk hefur mismunandi trúarskoðanir en í stað þess að skapa hatur á milli okkar ættu þau frekar að stuðla að ást.“ thorgils@frettabladid.is

**Um samfélag Ahmadiyya-múslima**

Samfélag Ahmadiyya-múslima var stofnað árið 1889. Hreyfingin telur tugi milljóna meðlima í 195 löndum, en höfuðstöðvar hennar eru í Bretlandi.

Hreyfingin afneitar allri notkun hryðjuverka og sagði stofnandi hennar, Mirza Ghulam Ahmad, að beita ætti pennanum í stað sverðsins til að verja íslam.

Ahmadiyya-múslimar trúa því að Ahmad sé sá Messías sem aðrir fylgjendur íslam bíða enn eftir. Þeir hafa víða mátt þola ofsóknir af þeim sökum og eru jafnvel ekki taldir til múslima, eins og til dæmis í Pakistan.





Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 90 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing




Allt sem þú þarft...



„Íslendingar ættu að vera í dýragörðum við hliðina á öpunum og ljónunum“

www.crymogea.is

Framvísaði fölsuðum lyfseðli:

# Hrækti í auga lögreglukonu

**DÓMSMÁL** Maður um tvítugt hefur verið dæmdur í 45 daga skilorðsbundið fangelsi fyrir að framvísa fölsuðum lyfseðli og brjóta gegn valdstjórninni.

Maðurinn var dæmdur fyrir að hóta tveimur lögreglumönnum líkamsmeiðingum þegar verið var að flytja hann á lögreglustöð í Hafnarfirði. Við það tækifæri hrækti maðurinn í auga lögreglukonu. Fram kemur í dómnum að hinn dæmdi er með Asperger-heilkenni og þjáist af miklum kvíða og þunglyndi. - jss

Ný verðkönnun ASÍ á 21 þjónustulið hjá efnalaugum á höfuðborgarsvæðinu leiðir í ljós mikinn verðmun:

# Allt að 100 prósenta verðmunur á hreinsun

**NEYTENDUR** Allt að 100 prósenta verðmunur er hjá efnalaugum á höfuðborgarsvæðinu. Verðlagseftirlit ASÍ kannaði verð á hreinsun og þvotti í þvottahúsum og efnalaugum á miðvikudaginn síðastliðinn.

Drífa efnalaug og þvottahús við Hringbraut í Reykjavík var með lægsta verðið í flestum þjónustuliðum. Þvottahúsið Faghreinsun í Hafnarfirði var með dýrasta verðið á 5 þjónustuliðum af 20.

Mestur reyndist verðmunurinn á hreinsun á langerma blússu, tæp 200 prósent. Minnsti verðmunur var á buxnahreinsun, rúm 50 prósent. Mikill verðmunur mældist einnig á skyrtuþvotti, en þar er verðið allt frá 250 krónum og upp í 560 krónur.

Kannað var verð á hreinsun og þvotti á 20 þjónustuliðum í 21 þvottahúsi og efnalaugum í Hafnarfirði, Garðabæ, Kópavogi, Reykjavík og Mosfellsbæ.

Fatahreinsunin Geysir í Kópavogi neitaði þátttöku í könnuninni, en samkvæmt verðkönnun sem ASÍ gerði í júní á síðasta ári var sú efnalaug ein af þeim sem oftast var með hæsta verðið, ásamt Efnalaug Árbæjar. - sv

**Efnalaugar á höfuðborgarsvæðinu**

| | Drífa efnalaug og þvottahús | Borgarefnalaugin | Hraði efnalaug | Efnalaugin Kjóll og hvítt | Þvottahúsið Faghreinsun | Fatahreinsun Kópavogs |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Skyrta, þvottur | 350 | 250 | 550 | 560 | 620 | 600 |
| Pils, sítt | 1.150 | 1.490 | 1.990 | 1.300 | 1.490 | 2.200 |
| Jakkaföt | 2.470 | 1.500 | 2.800 | 2.600 | 2.980 | 2.950 |
| Peysa | 600 | 980 | 1.250 | 900 | 1.350 | 1.200 |
| Ullarkápa/frakki | 1.700 | 2.750 | 3.150 | 2.200 | 3.390 | 2.500 |
| Rykfrakki, stuttur | 1.500 | 2.750 | 2.690 | 2.150 | 2.900 | 2.500 |
| Svefnpoki – ekki dún | 1.500 | 2.450 | 2.990 | 1.650 | 2.950 | 3.250 |

ódýrast dýrast

Heimild: ASÍ




**LEIÐTOGI KVADDUR** Kona með skilti sem á er ritað á spænsku „Takk Nestor“ fyrir utan höll ríkisstjórnarinnar í Buenos Aires í Argentínu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Nestor Kirchner kvaddur:

# Missir fyrir öll Ameríkuríkin

**ARGENTÍNA, AP** **Leiðtogar Suður-Ameríkuríkja og þúsundir manna vottuðu Nestor Kirchner, fyrrverandi forseta Argentínu, virðingu sína fyrir helgina. Kirchner lést úr hjartaáfalli á miðvikudag einungis sextugur að aldri. Kista hans var látin standa uppi í forsetahöllinni í Argentínu.**



NESTOR KIRCHNER

**Ekkja Kirchners, Cristina Fernandez, er núverandi forseti Argentínu, en þau hjónin höfðu verið samhent í stjórnmálabaráttu landsins og njóta mikilla vinsælda. Auk fjölskyldumeðlima voru í forsetahöllinni forsetar Síle, Úrúgvæ, Bólivíu og Ekvadors. Þá var skærasta fótboltastjarna Argentínu, Diego Maradona, viðstaddur. „Þetta er missir fyrir Ameríkuríkin öll,“ sagði Sebastian Pinera, forseti Síle.** - óká

Vildu gefa Kárastaðabæinn:

# Of dýrt að taka við burstabæ

**MENNINGARMÁL** Þingvallanefnd hefur hafnað boði afkomanda fyrrum ábúenda á Kárastöðum um að ríkið fái gamla íbúðarhúsið að Kárastöðum til eignar.

Nefndin tók á sínum tíma jákvætt í að koma að endurbyggingu hússins sem byggt er 1925. Áætlað var að það myndi kosta 30,5 milljónir króna að gera gamla burstabæinn tilbúinn undir tréverk. Nú segir nefndin að fjárveitingar næstu ára dugi aðeins til brýnustu verkefna.

„Þingvallanefnd þakkar afkomendum fyrrum ábúenda á Kárastöðum þann góða hug sem að baki hugmyndinni býr, en telur sér ekki fært að þiggja hana og endurreisa bæinn eins og vert er,“ segir í samþykkt nefndarinnar. - gar

**DANMÖRK**

### Wammen vinsæll

Nicolai Wammen, borgarstjóri í Árósum, nýtur mests stuðnings sem næsti formaður Sósíaldemókrataflokksins í Danmörku. Þetta sýna nýlegar skoðanakannanir. Wammen gegnir nú varaformennsku í flokknum; Helle Thorning-Schmidt er formaður.





## Með kaupum á miða í happdrætti Blindrafélagsins styður þú blinda og sjónskerta til sjálfstæðis.

Blindrafélagið, samtök blindra og sjónskertra á Íslandi, er mannréttindasamtök sem berst fyrir því að blindir og sjónskertir einstaklingar geti lifað sjálfstæðu lífi og að þeim sé tryggður jafn réttur og tækifæri til virkrar þátttöku í samfélaginu.
Með því að kaupa happdrættismiða tekur þú virkan þátt í að styðja blinda og sjónskerta einstaklinga á öllum aldri til sjálfstæðis og stuðlar þannig að auknum lífsgæðum þeirra og um leið betra samfélagi. Á www.blind.is eru ítarlegar upplýsingar um mikilvæg og fjölbreytt verkefni Blindrafélagsins. Leiðsöguhundar eru aðeins eitt dæmi.

**Miði í happdrætti Blindrafélagsins er kominn í heimabankann þinn. Nú getur þú valið að styðja blint og sjónskert fólk.**

Happdrættismiðinn þinn birtist sem **valkrafa** í heimabankanum þínum. Númerið á miðanum er það sama og seðilnúmerið á valkröfunni. Dregið verður í happdrættinu þann **10. des. nk.** Vinningar í happdrættinu eru glæsilegir, alls tæplega 300 talsins og heildarupphæð þeirra er **yfir 50 m.kr.**

## Þinn stuðningur til sjálfstæðis

*Blindrafélagið þarf að afla 80-90% af tekjum sínum með fjáröflunum til að geta haldið úti nauðsynlegri starfsemi og þjónustu.*

**BLINDRAFÉLAGIÐ**
Samtök blindra og sjónskertra á Íslandi
STOFNAÐ 1939

Frekari upplýsingar á www.blind.is og í síma 525 0000. Vinningaskrá verður birt á síðu 290 í textavarpi sjónvarpsins og á www.blind.is

Hamrahlíð 17 • 105 Reykjavík • Sími 525 0000 • Fax 525 0001 • www.blind.is • Netfang blind@blind.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Ögmundur Jónasson brást skjótt við fréttaflutningi um varnarleysi Íslands gagnvart tölvuárás.

## Varnir á netinu

Fréttablaðið hefur undanfarna tíu daga fjallað um varnarleysi Íslands gagnvart tölvuárásum. Slíkar árásir eru taldar vaxandi ógn við öryggi ríkja og geta verið af margvíslegum toga. Tölvuþrjótar geta reynt að ráðast á netkerfi einstakra fyrirtækja eða jafnvel heilu ríkjanna og hefur glæpastarfsemi á netinu vaxið gríðarlega. Talið er að hryðjuverkamenn geti valdið miklum skaða í netkerfum og er rökstuddur grunur um að þjóðríki séu byrjuð að beita netárásum sem vopni gegn óvinum. Þannig urðu netkerfi í Eistlandi fyrir alvarlegum árásum í kjölfar deilna við Rússland árið 2007 og Georgía varð fyrir heiftarlegum netárásum samhliða innrás Rússa í landið ári síðar. Vitað er að kínverski herinn hefur lagt mikið fé til þróunar nethernaðar.

SKOÐUN

Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is



Netkerfi eru lífsnauðsynleg flestum þróuðum samfélögum. Truflun á netsamskiptum getur núorðið valdið gífurlegum usla, fjárhagstjóni og jafnvel slysum og dauðsföllum. Flest ríki leggja því vaxandi áherzlu á netvarnir. Varnir gegn tölvuárásum af margvíslegum toga eru þannig orðnar talsverður þáttur í starfi Atlantshafsbandalagsins (NATO). Eistum hefur verið falin forysta á því sviði innan bandalagsins, enda eru þeir reynslunni ríkari.

Undirbúningur netvarna var hafinn hér á landi bæði á vegum Póst- og fjarskiptastofnunar og Varnarmálastofnunar en stöðvaðist vegna fjárskorts, eins og Fréttablaðið hefur fjallað um. Póst- og fjarskiptastofnun hefur árum saman mælzt til þess að sérstöku viðbragðsteymi gegn netárásum yrði komið á fót hér á landi. Undir það hefur verið tekið í samþykktum Alþingis og var hópur sem vann hættumat fyrir Ísland á vegum utanríkisráðuneytisins sama sinnis.

Lítið hefur hins vegar gerzt í málinu fyrr en í síðustu viku, eftir að Fréttablaðið fjallaði um það. Að tillögu Ögmundar Jónassonar, dóms- og mannréttindamálaráðherra og samgönguráðherra, hefur ríkisstjórnin nú samþykkt að koma á fót öryggis- og viðbragðsteymi til að vinna gegn og bregðast við netárásum. Gert er ráð fyrir að á vegum Póst- og fjarskiptastofnunar verði tveir til þrír sérfræðingar í fullu starfi við þetta verkefni.

Þetta eru skjót viðbrögð hjá Ögmundi, en verkefnið er líka þess efnis að því verður að sinna. Kostnaðurinn við varnirnar er miklu minni en það tjón sem getur orðið ef Ísland er óviðbúið tölvuárás.

„Það er farið að skilgreina öryggi í netheimum sem grundvallarþátt í öryggi samfélaga. Þetta er eiginlega sjálfsagður hlutur að reyna að hafa í lagi, eftir því sem frekast er kostur,“ sagði Ögmundur í samtali við Fréttablaðið á laugardag.

Það er rétt hjá Ögmundi og jákvætt hvað ráðherrann er orðinn áhugasamur um landvarnir – að minnsta kosti á netinu.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Mikill misskilningur

Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, flutti ræðu á fundi LÍÚ á fimmtudag þar sem hann brást við gagnrýni forystu LÍÚ á „illa ígrundaðar og óraunhæfar“ hugmyndir stjórnvalda. Hann minnti fundarmenn á að í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar kæmi fram sú veigamikla yfirlýsing að stjórn fiskveiða skyldi endurskoða og bætti svo við að ef einhverjir héldu að engin alvara fylgdi þeim orðum þá væri það mikill misskilningur.



### Fylgir alvara orðunum?

Í ræðunni vék Jón einnig að aðildarviðræðum Íslands við ESB. Hann sagðist hafa mótmælt því aðlögunarferli sem nú ætti sér stað og fallast ekki á að málefni ráðuneytisins væru löguð að regluverki ESB meðan aðild hefði ekki verið ákveðin í þjóðaratkvæðagreiðslu. Jón minntist hins vegar ekki á að í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar kemur fram að ákvörðun um aðild skuli vera í höndum þjóðarinnar, sem muni greiða atkvæði um samning að *loknum* aðildarviðræðum. Fylgdi engin alvara þeim orðum?



### Kreddur og kellingar

Ásmundur Friðriksson, bæjarstjóri í Garði, hefur sætt gagnrýni fyrir orð sín á þá leið að Steingrímur J. Sigfússon væri eins og kelling, segði ekki orð, á fundi um atvinnumál á Suðurnesjum á fimmtudag. Í gær baðst Ásmundur afsökunar á ummælunum en benti auk þess á að „kerlingabók“ þýðir kredda eða hjátrú samkvæmt orðabók Menningarsjóðs og gaf þar með til kynna að hann hefði notað orðið í þeim skilningi. Hann átti semsagt við að Steingrímur væri hljóðlátur eins og hjátrúarfullur einstaklingur. Það verður að teljast langsótt líking hjá Ásmundi.

magnusl@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Gleðileg skókassajól!

Félagsmál

Björg Jónsdóttir

Skipuleggjandi verkefnisins Jól í skókassa



Það eru sex ár síðan hópur innan KFUM og K hóf verkefnið „Jól í skókassa“. Verkefnið snýst um að safna jólagjöfum handa munaðarlausum og veikum börnum í Úkraínu. Í gegnum Evrópusamband KFUM höfðu skapast tengsl við samtökin í Úkraínu og þannig barst hópnum til eyrna að á svæðinu byggi mikill fjöldi barna við erfiðar aðstæður. Aðstæður sem jafnvel Íslendingar í kreppu eiga erfitt með að ímynda sér. Fljótt vaknaði sú hugmynd að gleðja þessi börn og gera þeim lífið auðveldara með því að fá íslensk börn og allan almenning til að gefa þeim einfaldar jólagjafir, pakkaðar inn í skókassa. Viðtökurnar hafa verið frábærar og þúsundir gjafa glatt börn undanfarin ár sem annars fengju enga jólagjöf. Hvert ár hafa fulltrúar hópsins farið til Úkraínu og fylgst með dreifingu jólagjafanna og skoðað aðstæður þar sem gjöfunum hefur verið dreift. Nokkrar umbætur hafa orðið frá því að okkar fólk fór fyrst til Kirovograd. Stjórnvöld hafa látið meira fé til munaðarleysingjaheimila þar sem aðstæður hafa verið afar frumstæðar. Að sama skapi hefur verkefnið hjálpað við uppbygginguna með kaupum á þvottavélum, rúmdýnum, tónlistarvörum o.fl. Sú upplifun að sjá viðbrögð barnanna þegar þau fá jólagjafirnar frá Íslandi segir okkur líka að ekki þarf mikið til að hleypa gleði í líf margra.

Gjafirnar eru einfaldar en jafnframt fjölbreytilegar og gagnlegar fyrir börnin. Settir eru margvíslegir hlutir eins og leikföng, skriffæri, hreinlætisvörur, sælgæti og fatnaður í skókassa sem pakkað er inn í jólapappír. Við móttöku skókassanna höfum við síðan bætt í þá Biblíumynd með texta á úkraínsku. Á heimasíðu verkefnisins, www.skokassar.net, má finna nákvæmari leiðbeiningar.

Við viljum nota þetta tækifæri til að þakka öllum þeim sem tekið hafa þátt og hjálpað okkur við verkefnið. Fórnfúsir einstaklingar hafa lagt mikið af mörkum við að hvetja fólk til að búa til gjafir, safna þeim saman og koma til miðstöðvar söfnunarinnar í húsi KFUM og K Holtavegi 28. Hefur þar skapast skemmtilegt andrúmsloft á lokadegi söfnunarinnar þar sem fjöldi fólks hefur mætt með gjafir, þegið léttar veitingar og kynnt sér verkefnið frekar. Í ár verður þessi dagur haldinn laugardaginn 6. nóvember á sama stað og áður.

Að síðustu viljum við hvetja sem flesta til að slást í för með þeim sem gefa jól í skókassa og læra af eigin raun að það er sannarlega sælla að gefa en þiggja.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Neitendur gegn neytendum



Í DAG
Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur

Klemens Ólafur Þrastarson blaðamaður birti um helgina fréttaskýringu um áhrif ESB-aðildar á kjör neytenda. Þar rifjar hann upp ummæli sem einn helsti hugmyndafræðingur og leiðtogi andstöðunnar við ESB, Hjörleifur Guttormsson, lét falla í þingræðu um EES, þann 8. apríl árið 1994:

[Með samningi um EES ætlum við] að láta mælistiku fjárhagslegrar hagkvæmni ráða því hvar [...] sé ódýrast fyrir þennan stórflokk manna sem mér skilst að sé hér á Íslandi líka, telur sig á stundum allfyrirferðarmikinn, sem kallast neytendur. Það er það sem á að ráða ferðinni. Það er grundvöllurinn í þessari hugmyndafræði burtséð frá því hvað varðar atvinnustig og allt þess háttar, burt séð frá því hvað varðar umhverfi [...] Nei, það sem ræður ferðinni er græðgissjónarmiðið ef svo má segja, græðissjónarmiðið ost samsekan í þeim hernaði gegn móður jörð sem mikið af nútíma landbúnaði vissulega er – líka hér á landi.

**Neitendur gegn neytendum**
Að baki þessu tali liggur skiptingin í hin verðugu og hin gráðugu. Hin verðugu framleiða matvöru. Það hvort markaður er fyrir þá vöru skiptir ekki máli enda sé það hlutverk ríkisvaldsins að sjá til þess að hún sé keypt. Fólk verður bara að borða meira lambakjöt, sagði Lúðvík. Hin gráðugu starfa hins vegar við atvinnugreinar sem við þurfum síður á að halda eins og til dæmis kennslu, pípulagnir, listir, afgreiðslustörf, þvottavélaviðgerðir ...

Því kjarni málsins er þessi: Mikilvægara er að framleiðendur vörunnar fái það verð sem þeir telja sig þurfa að fá en að neytendur (afsakið svo dónalegt orð) fái að greiða það verð sem þeir treysta sér til.

Hjörleifur hæðist að hugtakinu „neytendur“. Fyrir honum eru bara til neitendur enda einn okkar helsti neitendafrömuður.

Við höfum mörg dæmi um þessa aðgreiningu í hina verðugu framleiðendur og hina

> Kannski fer ekki illa á því að gaddhestaarmur VG, gömlu ráðherrarnir, séu nú komnir í teboðshreyfingu með Styrmi Gunnarssyni og ýmsum öðrum áköfustu fylgismönnum Davíðs Oddssonar.

sem er að setja mannkynið, með hinn ríkari hluta í fararbroddi, á vonarvöl á plánetunni jörð.“

**Hagkvæmni og önnur svívirða**
Látum liggja á milli hluta rangfærslurnar um Evrópusambandið, umhverfisstefnu þess og byggðastefnu – við þekkjum þessar grýlusögur. Hitt er athyglisverðara: hvernig þingmaðurinn talar um okkur, fólkið sem þarf að kaupa sér í matinn af mislitlum efnum, þarf að horfa í aurinn, þarf að gera sér að góðu verðið sem einokunarhringirnir gera því að greiða. Við erum ekki hin verðugu. Við erum hin gráðugu. Við erum fólkið sem vogar sér að tæpa á öðrum eins dónaskap og „fjárhagslegri hagkvæmni“. Munið þetta, kæru lesendur: næst þegar þið dirfist að bera saman verðið á lifrarpylsunni frá SS og Fjallalambi – skinkunni frá Síld og fiski og Kjarnafæði – jógúrtinni frá MS og ... uh ... MS – næst þegar þið gerist sek um að velta fyrir ykkur verðlaginu á matnum þá stjórnar ykkur „græðgissjónarmiðið sem er að setja mannkynið [...] á vonarvöl á plánetunni jörð.“

Hjörleifur mótmælir því ekki að betri kjör kunni að fylgja auknum innflutningi og lægri tollum – hann gerir bara ekkert með það. Honum gæti ekki verið meira sama. „Fjárhagsleg hagkvæmni?“ Við tölum ekki um slíka lágkúru hér. Og gerir hvern þann Íslending sem lætur sig dreyma um spænska skinku, danska súrmjólk og franskan gráðugu kaupendur í íslenskum stjórnmálum. Hún nær langt aftur. Þetta er hugmyndafræði sveita-aðals og stórbænda – Hjörleifur stendur nær maddömunni á Útirauðsmýri í hugmyndafræði sinni en því fólki sem barðist fyrir réttindum og mannsæmandi kjörum verkafólks á fyrstu áratugum 20. aldarinnar. Og gleymum því ekki að mikil tækifæri eru fyrir íslenskan landbúnað innan ESB þar sem mikill áhugi er á ómenguðum og upprunavottuðum mat.

Kannski fer ekki illa á því að gaddhestaarmur VG, gömlu ráðherrarnir, séu nú komnir í teboðshreyfingu með Styrmi Gunnarssyni og ýmsum öðrum áköfustu fylgismönnum Davíðs Oddssonar. Þegar maður heyrir Ragnar Arnalds, þingmann, ráðherra og bankaráðsmann í Seðlabanka Davíðs en núverandi „grasrót“, tala um íslensku krónuna, þá telur hann henni það helst til tekna að vera „sveigjanleg“. Það er að segja, hversu auðvelt er að fella gengi hennar. Það er að segja hversu öflugt tæki til kjaraskerðingar hún er. Hjörleifur er ámóta áhugasamur um lífskjör almennings og telur hvers kyns viðleitni til lækkunar vöruverðs til marks um „græðgissjónarmið“ og til þess fallna að „setja mannkynið á vonarvöl á plánetunni jörð“.

Ef við göngum í ESB verður heimsendir. Það er skiljanlegt að þessir menn þurfi að seilast langt í rökum. Það er ekki heiglum hent að finna góð rök gegn bættum lífskjörum almennings.









AF NETINU

## Lítilmannleg framkoma við Halldór Ásgrímsson



Eini maðurinn í núverandi stjórnarliði, sem sýndi einhvern lit á að andæfa þessum þokkapiltum, var Ögmundur Jónasson, og var hann þó venslaður eiginkonu Jóns Ásgeirs. Ekkert heyrðist frá Steingrími J. Sigfússyni og Jóhönnu Sigurðardóttur. Raunar hafði Jóhanna aðeins áhyggjur af einu í Baugsmálinu svonefnda, þegar lögregla rannsakaði efnahagsbrot Jóns Ásgeirs og klíku hans. Það var kostnaðurinn! Það er lítilmannlegt að reyna nú að bregða fæti fyrir gamlan andstæðing, þegar hann hefur getið sér gott orð erlendis. Þeir, sem beita slíkum brögðum, mega síðar eiga von á því, að þeir verði brögðum beittir. Þeir, sem rjúfa grið, geta ekki vænst griða.

pressan.is/pressupennar/HannesHolmsteinnGissurarson

**Hannes Hólmsteinn Gissurarson**

## Hræddir hagfræðingar

Samkvæmt Má Guðmundssyni seðlabankastjóra þorðu seðlabankamenn ekki að segja frá dökkum spám sínum um efnahagshorfur. Hverjir skömmuðu hagfræðinga Seðlabankans? Við hverja voru þeir hræddir? Og er eitthvað gagn í svona huglitlum sérfræðingum – sem hafa meiri áhuga á að makka rétt en að segja sannleikann?

silfuregils.eyjan.is/

**Egill Helgason**











# Grænn hagvöxtur – leiðin út úr kreppunni


Norðurlandaráðsþing

**Helgi Hjörvar**
Íslandi, Forseti Norðurlandaráðs

**Dagfinn Høybråten**
Noregi, fulltrúi í forsætisnefnd Norðurlandaráðs

**Paavo Arhinmäki**
Finnlandi, fulltrúi í menningar- og menntamálanefnd

**Karin Åström (S)**
Svíþjóð, fulltrúi í forsætisnefnd Norðurlandaráðs

**Henrik Dam Kristensen**
Danmörku, fulltrúi í forsætisnefnd Norðurlandaráðs


Á Norðurlandaráðsþingi í Reykjavík á morgun fjalla norrænu forsætisráðherrarnir um spurninguna „Grænn hagvöxtur – leiðin út úr kreppunni?" Málefnið snertir okkur öll, þar sem grænn hagvöxtur veitir okkur tækifæri til að hætta notkun jarðefnaeldsneytis og skapa ný störf í grænu hagkerfi. Norðurlöndin eru framarlega í notkun endurnýjanlegrar orku og þróun umhverfistækni. Hvernig tryggjum við að þau verði það einnig í framtíðinni?

**Norræn tækifæri**

Áhugaverður markaður fyrir græna tækni er nú að verða til. Reiknað hefur verið út að alþjóðamarkaður fyrir græna tækni sé um 6.000 milljarðar sænskra króna og árlegur vöxtur hans 6-14%. Kínverjar verða sennilega stærstir og fremstir í framleiðslu og notkun umhverfistækni, þó ekki endilega á sviði umhverfiseinkaleyfa og nýsköpunar. Norðurlöndin, hins vegar, eru í sterkri stöðu á sviði umhverfistækni og aðstæður þar eru hagstæðar fyrir grænan hagvöxt.

Danir eru fremstir á sviði vindorku, Íslendingar á sviði jarðvarma, Svíar og Finnar á sviði lífefnaorku og Noregur og Svíþjóð á sviði fallorku. Þessi norræna þekking er ekki í innbyrðis samkeppni heldur hafa norrænu ríkin mikinn hag af því að vinna saman óháð landamærum. Í þessu felast norrænu tækifærin.

**Vegvísir**

Til þess að grípa viðskiptatækifærin verða norrænu ríkin að skapa réttar aðstæður fyrir grænan hagvöxt og standa vörð um norræn styrkleikasvið. Við verðum að bæta kynningar og markaðssetningu rannsóknaniðurstöðva okkar á alþjóðamarkaði. Vinnan við þróun hnattvæðingarverkefnisins á sviði rannsókna verður því enn mikilvægari. Norræna öndvegisrannsóknaverkefnið (TFI) er í því samhengi fyrirmynd framtíðarverkefna á sviði nýsköpunar og rannsókna.

Þróa verður efnahagslega hvata á sviði umhverfistækni til þess að skapa öflugri frumkvöðlamenningu með lítil fyrirtæki sem drifkraft. Með vel skilgreindum rammaskilyrðum og samstarfi þvert á mörk stofnana og landamæra gæti verið komið svar umhverfistækninnar við Maersk, Ikea eða Nokia á Norðurlöndum.

Tilurð græna hagkerfisins krefst þess, eins og þegar aðrar breytingar eiga sér stað, að við bæði hugsum og breytum á nýjan hátt. Norðurlandaráð leggur því til eftirfarandi vegvísa fyrir grænan hagvöxt:

- Gerum það arðbært fyrir atvinnulífið að veðja á umhverfistækni með styrkjum í byrjun þar til markaðurinn tekur við.
- Fjölgum efnahagslegum hvötum til breytinga yfir í umhverfistækni með því að verðleggja kolefnislosun og leggja til skattlagningu koltvísýrings í viðræðum við ESB og SÞ.
- Sköpum markaðslegan slagkraft og tengslanet fyrir norrænar lausnir með myndun norræns samstarfsnets sem samþættir styrk norrænu ríkjanna á sviði umhverfistækni.
- Sköpum aðstæður fyrir nýjar fjárfestingar á norrænum markaði með skýrum pólitískum rammaskilyrðum sem vinna gegn verndarstefnu og efla frjálsa verslun.

> Til þess að grípa viðskiptatækifærin verða norrænu ríkin að skapa réttar aðstæður fyrir grænan hagvöxt og standa vörð um norræn styrkleikasvið.

Álagið á náttúruauðlindir eykst og einnig krafa stjórnmálamanna um lausnir. Norðurlandaráð spyr því ríkisstjórnirnar hvernig þær ætli að vinna að þróun norrænna tækifæra og setja þessa vegvísa í norræna áætlun um grænan hagvöxt.

**Sameiginleg áætlun um grænan hagvöxt**

Hvert fyrir sig eru norrænu ríkin lítil, en í saman eru Norðurlöndin 10. stærsta hagkerfi heims. Tækifæri okkar til að hafa áhrif á þróunina í þjóðlöndunum, svæðisbundið í gegnum ESB og á alþjóðavettvangi í gegnum SÞ, eykst til muna ef Norðurlöndin vinna í sameiningu áætlun um grænan hagvöxt.

Í dönsku skýrslunni um grænan hagvöxt er því slegið föstu að pólitískrar forystu sé þörf til að breyta yfir í grænt hagkerfi. Sænska umhverfistækniráðið nefnir pólitíska stjórnun og samstarf sem stefnumarkandi svið fyrir grænan hagvöxt. Fundurinn með forsætisráðherrunum í Reykjavík verður því gott tækifæri til að skilgreina hvernig Norðurlöndin geta haldið forystuhlutverki sínu á sviði grænnar tækni.

Því grænn hagvöxtur er leiðin til að vinna á efnahagskreppunni og loftslagsvandanum. Og á þriðjudag verða ráðherrarnir einnig að velja hvort vegagerðin verður innan eða utan landamæra Norðurlanda.

# Hefð þjóðar, þróun og framtíð


Trúmál

**Toshiki Toma**
Prestur innflytjenda




Mikil umræða hefur átt sér stað varðandi tillögu mannréttindanefndar Reykjavíkurborgar um samskipti á milli skóla og kirkju. Mér líður eins og ég eigi tvo báta sem eru samsíða í höfn og ég hafi sett sitt hvorn fótinn í þá. Smám saman fara bátarnir að líða hvor frá öðrum og fæturnir mínir gliðna í sundur um leið. Líður ef til vill mörgum eins og mér? Samstarf milli skóla og kirkju er mikilvægt en samtímis viljum við virða mannréttindi í samfélaginu.

Mér virðist sem ástæða hinnar miklu umræðu um samskipti skóla og kirkju sé sú að Mannréttindaráð borgarinnar flýtti sér um of að komast að niðurstöðu. Kirkjan er meðvituð um að samskipti við grunnskóla eru viðkvæm og því hún hefur unnið með fagfólki skólanna og búið til samkomulag um hvernig samstarf á milli þessara tveggja aðila ætti að vera. Þetta er gott samkomulag að mínu mati.

Ef einhver brýtur samkomulagið eða að kvörtun berst frá skólabarni, foreldri þess eða forsjámanni til Mannréttindaskrifstofu (eða Mannréttindaráðs) borgarinnar, á hún þá ekki fyrst og fremst að kanna málið og gefa síðan kirkjunni eða skólanum viðvörun og krefjast úrbóta? Hlutverk Mannréttindaráðs er ekki að banna, heldur að benda á áþreifanleg vandamál og láta viðkomandi aðila vinna að úrlausnum. Mér virðist sem Mannréttindaráð misskilji hlutverk sitt. Ég tel því að það ætti að draga tillöguna til baka og setja málið aftur í umræðufarveg. Þetta er fyrsta tillagan sem ég hef.

Þá er ég með aðra tillögu sem varðar kirkjuna sjálfa, þ.á m. mig sjálfan. Í fyrsta lagi heyrist stundum í umræðunni orðasamband eins og: „þetta eru örfáar kvartanir á móti miklum meirihluta sem ekki kvartar." Við í kirkjunni skulum passa okkur vel á hugsunarhætti sem þessum. Hver einasti þegn samfélagsins á rétt á mannréttindum. Mannréttindi eru ekki hugtak um meirihluta eða minnihluta. Ef jafnvel einu skólabarni finnst það vera brot á mannréttindum sínum, á þá það skilið að verið tekið alvarlega. „Fáir í meirihluta þýðir lítið" er algjör villuhugsun.

Í öðru lagi þarf kirkjan að huga að áframhaldi samkomulagsins, sem er síðan árið 2007. Samkomulagið er fínt. En hvort það sé virt og framkvæmt eða ekki fer eftir sérhverjum presti eða starfsfólki kirkjunnar. Var kirkjan búin að gera prestum og öðrum starfsmönnum hvað fælist í þessu samkomulagi og hvað bæri að virða? Þegar kemur að hegðun sérhvers starfsmanns kirkjunnar er næstum ómögulegt að vita hvað gerist í raun og veru, þar sem enginn okkar veit nákvæmlega um allt sem er að gerast í hverjum einasta skóla. Það vantar bæði endurmenntun fyrir starfsfólk kirkjunnar og einnig eftirlit um að samkomulagið sé haldið.

Í síðasta lagi held ég að það sé nauðsynlegt að horfa á málið í stærra samhengi, sem er hvert er okkar samfélag að þróast? Aðskilnaður á milli opinbers vald og trúarlegs er óhjákvæmilegt í háþróaðri þjóð. Það er ekki hægt að halda í gömlum starfsháttum eða venjum að eilífu. Við þurfum alltaf að sýna málum tillitssemi með tilliti til þróunar samfélagsins. Það þýðir alls ekki að kirkjan skuli fylgja þróun samfélagsins skilyrðislaust. Hún á að neita slæmri þróun og villigötum en úrbætur fyrir mannréttindum geta ekki talist til slæmra mála. Það eru mál sem kirkjan á að taka virkan þátt í. Í því ferli gæti orðið árekstur á milli venja og siða kirkjunnar og einhvers annars eins og nú sést í umræðu í kringum samskipti kirkju og skóla. Það er mín persónulega skoðun að kirkjunni hafi mistekist síðastliðin ár að meta þróun samfélagsins. Dæmi um það var t.d. umfjöllun um kynferðisbrot innan kirkjunnar eða mál sem vörðuðu hjúskaparlög. Nú skulum við í kirkjunni læra af reynslu okkar og sýna frumkvæði að framtíðarsýn kirkjunnar okkar og samfélagsins.

Kostir þess að vera í Stofni | Endurgreiðsla | Vegaaðstoð | Afsláttur af tryggingum | Bílaleigubíll í 7 daga vegna kaskótjóns | Afsláttur af barnabílstólum

# NÁGRANNAVARSLA FÆKKAR INNBROTUM

Undanfarið ár hefur innbrotum, þjófnuðum og skemmdarverkum fækkað í hverfum þar sem framtakssamir viðskiptavinir í Stofni hafa komið á nágrannavörslu.

Nágrannavarsla er auðveld í framkvæmd og byggir á nokkrum einföldum skrefum. Á sjova.is getur þú sótt handbók með gagnlegum upplýsingum um nágrannavörslu. Að auki heldur Sjóvá reglulega námskeið um uppsetningu nágrannavörslu. Námskeiðið er öllum opið en viðskiptavinum í Stofni að kostnaðarlausu.

**Sýndu frumkvæði og taktu þátt í að auka öryggi í hverfinu þínu.**

**Fyrsta skrefið er á sjova.is**

ÞESS VEGNA ERTU HJÁ SJÓVÁ

SJÓVÁ



HVÍTA HÚSIÐ / SÍA · 10-1904

# tímamót

timamot@frettabladid.is



45 **HRAFN JÖKULSSON** rithöfundur er 45 ára.

*„Það er eins og Fassbinder sagði; Maður hefur leyfi til þess að skipta um skoðun tvisvar á ári. Það er aldrei að vita nema ég nýti mér það.“*

## Merkisatburðir

**1947** Síldar verður vart í Hvalfirði og veiðar hefjast. Næstu fjóra mánuði veiðast 1.100 þúsund mál, sem á sér ekki hliðstæðu.

**1961** Vilhjálmur Einarsson stekkur einum sentimetra hærra en skráð heimsmet í hástökki innanhúss án atrennu. Skráð heimsmet var þá 175 sentimetrar.

**1967** Almannagjá er lokað fyrir bílaumferð.

**1974** Tvöhundruð manns sitja miðilsfund á Hótel Loftleiðum.

**1977** Íslenska óperan er stofnuð.

**1980** Skúli Óskarsson setur heimsmet í réttstöðulyftu í 72 kílóa þyngdarflokki á lyftingamóti í Laugardalshöll.

**1988** Fjórburar, allt stúlkur, fæðast á Íslandi. Fæðingin markar tímamót að því leyti að öll börnin lifa.

**ÞETTA GERÐIST:** 1. NÓVEMBER 1985

## *Flutningur leikrits veldur usla*



Ríkisútvarpið baðst afsökunar á flutningi útvarpsleikritsins Galeiðan eftir Ólaf Hauk Símonarson á þessum degi árið 1985. Leikritið hafði verið flutt 29. október sama ár og var nemendaverkefni Leiklistarskóla Íslands.

Í afsökunarbeiðninni var það harmað að með flutningi leikritsins hefði minning látins manns verið vanvirt og þar fjallað um nafngreinda persónu með ósæmilegum hætti. Umræddur einstaklingur var Ólafur Thors, fyrrum forsætisráðherra. Fjallað var um flutning leikritsins á fundi útvarpsráðs og í bókuninni sem var samþykkt samhljóða segir meðal annars: „Það ber að harma að Ríkisútvarpið skuli hafa verið notað til að vanvirða minningu látins manns og fjalla um nafngreinda persónu með jafn ósæmilegum hætti og þarna var gert. Útvarpsráð telur nauðsynlegt að stofnunin biðjist opinberlega afsökunar á þeim mistökum, sem þarna áttu sér stað. Brýna verður fyrir starfsmönnum Ríkisútvarpsins að vera ávallt á verði gagnvart slíkum vinnubrögðum. Ríkisútvarpið harmar þau alvarlegu mistök, sem urðu við meðferð þessa máls hjá stofnuninni og biðst hér með afsökunar á þeim.“



*Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Egill Ágúst Jacobsen**

læknir, Bakkavör 36, Seltjarnarnesi,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans við Hringbraut þriðjudaginn 26. október. Útförin fer fram frá Seltjarnarneskirkju fimmtudaginn 4. nóvember kl. 13.00.

**Katrín Jóhannsdóttir Jacobsen**
**Elín Ingibjörg Jacobsen**
**Þorvaldur Jacobsen** — **Jensína Kristín Böðvarsdóttir**
**Katrín Þórdís Jacobsen** — **Sveinn Ingiberg Magnússon**
**og barnabörn**



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og bróðir,*

**Þorsteinn Eyjólfur Valur Einarsson**

Kópavogsbraut 1a, Kópavogi,

lést á líknardeild Landakots miðvikudaginn 27. október síðastliðinn. Jarðarförin fer fram frá Kópavogskirkju föstudaginn 5. nóvember kl. 15.00.

**Rósa Björg Þorsteinsdóttir** — **Kjell Hymer**
**Ómar Bjarni Þorsteinsson** — **Þóra Björk Harðardóttir**
**Unnur Björg Þorsteinsdóttir**
**Ævar Björn Þorsteinsson** — **Arna Geirsdóttir**
**Anna Björg Þorsteinsdóttir** — **Karl Reynisson**
**Kristján Bragi Þorsteinsson**
**Sigurður Einar Þorsteinsson** — **Kristín Helga Gísladóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**
**Hreindís Einarsdóttir** — **Karl S. Kristjánsson**



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Fríðu Freymóðsdóttur**

Andrésbrunni 17, Reykjavík.

**Ásdís K. Molvik**
**Erla Helgadóttir** — **Tómas Guðmarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn**




**Legsteinar og fylgihlutir**

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

*MOSAIK* Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is




**GAMLIR FÉLAGAR TROÐA UPP** Á tónleikum Skagfirsku söngsveitarinnar í Reykjavík á fimmtudag munu gamlir kórfélagar, sem hættu fyrir mörgum árum, syngja með sveitinni að sögn Ingunnar Sigurðardóttur, formanns söngsveitarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**HALDIÐ UPP Á STÓRAFMÆLI:** SKAGFIRSKA SÖNGSVEITIN Í REYKJAVÍK

# Sveitin ávallt metnaðarfull

Skagfirska söngsveitin í Reykjavík heldur upp á fjörutíu ára afmæli sitt um þessar mundir en sveitin var stofnuð haustið 1970. Af því tilefni verður Skagfirska söngsveitin með afmælistónleika í Langholtskirkju fimmtudaginn 4. nóvember klukkan 20. Stjórnandi kórsins er Renata Ivan og Ingunn Sigurðardóttir er formaður Skagfirsku söngsveitarinnar.

„Kórinn var upphaflega stofnaður og skipaður af burtfluttum Skagfirðingum, sem höfðu þá flutt til Reykjavíkur. Í dag er kórinn skipaður fólki úr öllum áttum og í raun er aðeins lítið brot í kórnum raunverulegir Skagfirðingar. Hins vegar í tilefni þessara afmælistónleika buðum við eldri kórfélögum sem hættu í honum fyrir mörgum árum að syngja með okkur á tónleikunum. Söngsveitin verður því skipuð rúmlega 60 manns en ekki 25 eins og venjulega,“ segir Ingunn.

Fyrsti stjórnandi kórsins var Snæbjörg Snæbjarnardóttir og stjórnaði hún kórnum í 13 ár, til ársins 1983. Við keflinu tók þá Björgvin Þ. Valdimarsson og stjórnaði kórnum í ein 25 ár, til ársins 2008, en þá kom núverandi stjórnandi kórsins til sögunnar. „Kórinn æfir einu sinni í viku og tvennir tónleikar eru alltaf haldnir á ári. Á síðasta ári bættum við svo við jólatónleikum og hyggjumst endurtaka þann leik fyrir þessi jól með tónleikum 2. desember. Stjórnendur kórsins hafa alltaf haft mikinn metnað og gert miklar kröfur, bæði til söngfólksins og svo við val á söngverkum.“

Kórinn hefur farið í margar söngferðir á erlenda grund, til Skotlands, Kanada, Þýskalands og fleiri landa en Ingunn segir hann hafa haldið fjölmarga tónleika í gegnum árin og haft samstarf við aðra kóra. Þar á meðal Óperukórinn í Reykjavík þegar Skagfirsku söngsveitinni var boðið að taka þátt í Carmina Burana í Carnegie Hall í New York ásamt fleirum íslenskum kórum.

„Lagavalið hefur alltaf verið mjög fjölbreytt hjá okkur, allt frá léttum lögum í klassísk verk. Á tónleikunum verður fyrrverandi stjórnandi kórsins, Björgvin Þ. Valdimarsson, gestastjórnandi og einsöngvari verður Kristín Ragnhildur Sigurðardóttir. Við píanóið verður Sigurður Marteinsson, sem lengi var píanóleikari með söngsveitinni.“

juliam@frettabladid.is

# Konur í skátastarfi í hundrað ár

Í ár eru hundrað ár síðan konur hófu þátttöku í skátastarfi. Í tilefni þess stendur Bandalag íslenskra skáta, í samstarfi við St. Georgs-gildin á Íslandi, fyrir málþingi þar sem konur ræða reynslu sína af skátastarfi.

Málþingið verður haldið á morgun, þriðjudag, í Háskólanum í Reykjavík og hefst klukkan 20. Frummælendur rifja upp minningar úr starfinu og ræða þýðingu þess fyrir sig en á tímamótum sem þessum er vert að varpa ljósi á hvort og þá hvernig skátastarfið jók á starfshæfni og lífsleikni viðkomandi kvenskáta.

Við setningu flytur frú Vigdís Finnbogadóttir ávarp og að því loknu taka til máls Margrét Tómasdóttir fyrrverandi skátahöfðingi með myndrænni sögu kvenskáta, Rakel Olsen forstjóri um leiðtogaþjálfun fyrir lífið, Margrét Pála skólastjóri um skátastarf og uppeldi, María Ellingsen um skátastarf og náttúruvernd og Íris Marelsdóttir um skáta í hjálparsveitum.

Málþingið höfðar sérstaklega til kvenskáta á öllum aldri og allra sem hafa áhuga á leiðtogaþjálfun ungs fólks.



**EITT SINN SKÁTI, ÁVALLT SKÁTI** Skátastarfi fylgir líf og fjör eins og hér má sjá. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Aðgangur er ókeypis en æskilegt að þátttakendur skrái sig á netfangið skatar@skatar.is eða á skrifstofu BÍS í síma 550 9800.

- þlg



**Pappírsdúskar** geta verið hin mesta prýði enda hægt að leika sér með stærðir, form og liti og ýmist hægt að skreyta með þeim borð eða láta þá hanga í lofti. Gerð þeirra er sáraeinföld en fagurkerinn Martha Stewart kennir réttu handtökin á vef sínum www.marthastewart.com


# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

**Sölufulltrúar:** Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is 512 5447





Fyrir bústaðinn og heimilið

Opið: má-fö. 12:30 -18:00,
Dalvegi 16a, Rauðu múrsteinshúsunum Kóp.201
S: 517 7727 nora.is , facebook.com/noraisland

Nóra

25% Afsláttur af myndlistarvörum í nóvember



Úrval af olíu og acryl litum, penslum ásamt striga á blindrömmum.

LISTALAGERINN JÁRN&GLER

Járn & Gler hf. - Skútuvogur 1h. Barkarvogsmegin. - 104 Reykjavík
S: 58 58 900. www.jarngler.is

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 90 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing




Allt sem þú þarft...


**Rithöfundurinn Sigtryggur Magnason fékk óskapunkt í afmælisgjöf í fyrra frá vinum sínum:**



# Lítið en töfrandi listaverk

Þríhyrningur úr gleri eftir listamanninn Finnboga Pétursson gleður Sigtrygg Magnason daglega þegar sólin skín. Verkið heitir Wish point eða óskapunktur og sé það borið upp í birtuna myndar það regnbogalitan blett.

;HEIMILI | 2

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


6 mánaða vaxtalausar greiðslur

Gerið gæða- og verðsamanburð

Svefn & heilsa ★★★★★

www.svefn.is

SVEFNSÓFAR



Hágæða svefnsófar.
Íslensk framleiðsla.
Heilsudýna úr þrýstijöfnunarefni.
Svefnflötur 140x200.
Nú aðeins kr. 264.900

SAGA OG ÞÓR
Hágæða heilsudýnur



SAGA Queen rúm, nú aðeins 129.900
ÞÓR Queen rúm, nú aðeins 149.900

IQ-CARE
Ein besta heilsudýna í heimi



Queen rúm nú aðeins kr. 179.900

ÚRVAL STILLANLEGRA HEILSURÚMA




2x90x200 og 2x90x210
Nú aðeins 349.900 með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnum

**Hótel Maison Moschino** í Mílanó er með frumlegustu hótelum. Þar eru 65 herbergi, sem öll eru innblásin af draumum og ævintýrum. Þar má finna rúm í líki flauelskjóls, kexkökuljóskrónu og rjómabollupúða. Sjá nánar á www.maisonmoschino.com




HERRA-KULDASKÓR

Úrval af herrakuldaskóm úr leðri, fóðruðum með lambsgæru.



Stærðir: 41 - 47
Verð: 23.700.-

Misty skor
Laugavegi 178

Sími 551 2070.
Opið mán.-fös. 10-18.
Laug. 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is

Vertu vinur



HITA KÚTAR
Amerísk gæða framleiðsla
30-450 lítrar
Umboðsmenn um land allt
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS


# Sveigðar slaufur úr tré

**Guðmundur Jón Stefánsson húsgagnasmíðameistari mótar slaufur úr tré. Slaufurnar eru meðal þess sem sjá má á handverkssýningunni í Ráðhúsi Reykjavíkur sem lýkur í kvöld.**

„Slaufurnar hafa fengið talsverða athygli á sýningunni en margir átta sig ekki strax á því hvað þetta er. Þá tek ég slaufuna bara af hálsinum á mér og sýni þeim,“ segir Guðmundur Jón Stefánsson húsgagnasmíðameistari en hann sýnir meðal annars hálsslaufur úr tré á sýningunni Handverk og hönnun í Ráðhúsi Reykjavíkur. Sýningunni lýkur í kvöld klukkan 19.

Í slaufurnar notar Guðmundur ask, álm, eik og kirsuberjavið, tegundir sem hann segir þægilegt að móta, en slaufurnar eru handunnar.

„Ég saga viðinn einungis gróflega í fjalir og handhefla þær niður í þynnur. Ég teikna formið eftir skapalóni og tálga það út. Þynnurnar beygi ég svo í sjóðandi vatni og læt þær þorna og kólna í móti. Engar tvær slaufur eru því alveg eins,“ útskýrir Guðmundur, sem því næst festir slaufurnar á spöng sem fer undir kraga, til dæmis á skyrtu, og á spennur fyrir hár.



Guðmundur Jón Stefánsson húsgagnasmíðameistari gengur með tréslaufu eftir sjálfan sig daglega en slaufurnar sýnir hann í Ráðhúsi Reykjavíkur í dag milli klukkan 10 og 19. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Tréslaufurnar beygir Guðmundur úr viðarþynnum í sjóðandi vatni. Ekkert lím eða festingar koma við sögu.

„Hver slaufa er bara nokkur grömm og þægilegt að bera þær. Sjálfur geng ég með slaufu daglega og hef gert í mörg ár, bæði þegar ég vann sem smiður og líka í dag en ég vinn í versluninni Handverk í Bolholti. Þar er meðal annars hægt að nálgast slaufurnar hjá mér.“

Tréslaufurnar sýndi Guðmundur fyrst árið 2004 hjá Handverki og hönnun. Tuttugu ár eru þó síðan hann fékk hugmyndina.

„Ég lék mér fyrst með formið í pappír en prófaði fyrir sex árum að beygja við í vatni. Formið er mjög þétt og í raun á mörkunum að hægt sé að beygja viðinn svona. Ég nota þó ekkert lím í slaufurnar, formið heldur þeim saman. Ég hef mjög gaman af því að smíða húsgögn og búa til hluti sem ekki eru alveg hefðbundnir.“

*heida@frettabladid.is*



Sigtryggur og hundurinn Sprækur spekingslegir í stofuglugganum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Framhald af forsíðu

„Ég fékk þetta listaverk að gjöf frá góðum vinum mínum, Berki Arnarssyni og konu hans Lani Yamamoto, í fyrra þegar ég varð þrjátíu og fimm ára,“ segir Sigtryggur og hampar stoltur litlum þríhyrningi úr gleri. Hann er eftir Finnboga Pétursson og þegar hann er hafður úti í glugga brotnar ljósið á honum þannig að inni myndast regnbogalitur punktur, óskapunktur. Það er ekki ónýtt að eiga slíkan grip.

„Ég hef mikið dálæti á þessu verki,“ segir Sigtryggur. „Finnbogi er einn okkar færustu listamanna og hann fetar í fótspor gömlu meistaranna á því leyti að hann spáir í eðlis- og efnafræði hlutanna.“

Sigtryggur er nýfluttur á Melana og stofuglugginn hans er með frönsku smárúðusniði. „Þessi gluggi beinlínis kallar á svona verk,“ segir rithöfundurinn og horfir einbeittur á punktinn. Lætur þó ekkert uppi um óskirnar.

## Verur frá Suður-Afríku

Litríkar perlulagðar verur, ættaðar frá Suður-Afríku, má um þessar mundir finna í versluninni Aurum við Bankastræti.

Mjög rúmgóð og falleg 139,5 m2, 4ra herbergja íbúð á þriðju hæð í 4ra hæða lyftuhúsi við Þorláksgeisla 5 í Grafarholti. Íbúðin skiptist í forstofu, hjónaherbergi með fataherbergi, tvö rúmgóð svefnherbergi með fataskápum, baðherbergi með baðkari og sturtuklefa, þvottahús, eldhús, stofu og borðstofu. Íbúðinni fylgir bílastæði í lokaðri bílageymslu og sér geymsla á jarðhæð.
**Eignin er laus til afhendingar strax! V. 29,0 m.** 4958




**Rúgakur 3 - 3ja m/stæði í bílageymslu**
Rúmgóð og glæsileg 142,9 m2, 3ja herbergja íbúð á 1. hæð í 2ja hæða lyftuhúsi ásamt stæði í bílakjallara svefnherbergi og hjónaherbergi með fataherbergi. Íbúðinni fylgir bílastæði ásamt stórri sér geymslu í lokuðum bílakjallara. Glæsilegar innréttingar og falleg gólfefni.
**Íbúðin er nýmáluð og tilbúin til afhendingar. Lækkað verð V. 31,9 m.** 5024




**Ásbraut - 4ra herbergja m/bílskúr**
Góð 4ra herbergja, 92,7 m2 endaíbúð á 2 hæð, ásamt 33,4 m2 bílskúr við Ásbraut í Kópavogi. Húsið ásamt bílskúrnum eru nýlega múrviðgerð og máluð að utan. Góð staðsetning! Stutt í alla þjónustu,
**Eignin er laus til afhendingar strax! V. 22,4 m. 5028**




**Rauðavað - 2ja herbergja m/stæði í bílageymslu**
Mjög falleg 92,4 m2, 2ja herbergja íbúð með sér inngangi og stórri timburverönd við Rauðavað 17 í Reykjavík. Íbúðinni fylgir stæði í lokaðri bílageymslu. Eignin skiptist í forstofu, þvottahús, baðherbergi, svefnherbergi, eldhús, stofu, borðstofu og sér geymslu innan íbúðarinnar.
**V. 22,5 m.** 5030



**BÚSETI™**
Öryggi til framtíðar, frelsi þegar þér hentar

**Búseti hsf. • Skeifan 19, 108 Reykjavík • Sími: 520 5788 • Fax: 533 5749 • www.buseti.is**

**Íbúðir í fyrstu auglýsingu - umsóknarfrestur til og með 9. nóvember og úthlutun þann 10. nóvember nk.**



Bjallavað 7



Holtabyggð 4

| Staður | Íbúð nr. | Fm | Fj.herb | Búseturéttur hámark | Búseturéttur lágmark | Búsetugjald | Tegund láns | Afhending/losnar að ósk eiganda |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Reykjavík | | | | | | | | |
| Bjallavað 7 | 102 | 71,7 | 2 | 2.284.136 | 1.673.101 | 86.926 | Almenn lán | Samkomulag |
| Hafnarfjörður | | | | | | | | |
| Holtabyggð 4 | 102 | 105,0 | 4 | 2.022.230 | 1.127.117 | 110.226 | Almenn lán | Samkomulag |

- Valkostur á húsnæðismarkaði opinn fyrir alla
- Möguleiki á láni fyrir allt að helmingi lágmarks búseturéttar
- Veitir ýmist rétt til vaxtabóta eða húsaleigubóta
- Mánaðarlegt búsetugjald innifelur heildarhúsnæðiskostnað fyrir utan eigin rafmagnsnotkun

Búseti býður uppá rúmlega 700 íbúðir á höfuðborgarsvæðinu þar sem áhersla er lögð á þjónustu og öryggi. Félagið er sjálfstætt, óháð og opið öllum. Félagið er rekið án hagnaðarsjónarmiða í þágu félagsmanna og íbúa með langtímasjónarmið að leiðarljósi.

Fasteignaeigendur ! höfum áhuga á að kaupa heilu fjölbýlishúsin, ekki stakar íbúðir.

Bjóðum bæði uppá búseturéttaríbúðir og almennar leiguíbúðir




Samkvæmt þjónustukönnun Capacent mæla 94% íbúa með félaginu við vini og fjölskyldumeðlimi.

*Fyrirvari um mögulegar prentvillur og breytingar á verði. Ofangreindir þættir taka mið af samþykktum félagsins og reglum.*

**www.búseti.is**

FASTEIGNASALAN TORG
KRAFUR - TRAUST - ÁRANGUR



**Sigurður** Lögg. fasteignasali GSM: 898 6106
**Hafdís** Sölustjóri GSM: 895 6107
**Dórothea** Sölufulltrúi GSM: 898 3326
**Jóhanna** Lögg. fasteignasali GSM: 698 7695
**Þóra** Lögg. fasteignasali GSM: 822 2225
**Berglind** Lögg. fasteignasali GSM: 694 4000
**Árni** Lögg. fasteignasali GSM: 893 4416
**Sigurbjörn** Sölufulltrúi GSM: 867 3707
**Þorsteinn** Sölufulltrúi GSM: 694 4700
**Gunnar** Sölufulltrúi GSM: 822 3702
**Bergsteinn** Lögg. fasteignasali S: 520 9595

## Neðstaleiti 20, 103 Reykjavík










**OPIÐ HÚS mánud., 1. nóv. kl. 17.30 - 18.30.**
Raðhús á tveimur hæðum. Frábær staðsetning í hjarta bæjarins. Kringlan-Fossvogur-Hvassaleiti í næsta nágrenni. Baðherbergi á báðum hæðum. Fjögur rúmgóð herbergi á efri hæð með setustofu. Stórar stofur og eldhús á neðri hæð. Innangengt í 26 fm bílskúr. Skipulag hússins gefur kost á breytinum á auðveldan hátt, t.d. í tvær íbúðir. **Velkomin í opið hús í dag, nánari uppl. Árni gsm:893-4416, netfang: arnilar@fasttorg.is**

**Vantar allar tegundir fasteigna á söluskrá!**

**Veitum öllum okkar viðskiptavinum topp þjónustu! Seljendum sem kaupendum!**

**Komdu með fasteign til okkar og við seljum hana!**

**Skuldbindingarlaust Söluverðmat í nóvember! Hringdu núna S: 520-9595**

### Gvendargeisli 50 – 113 Rvk




**OPIÐ HÚS mánud. 1.nóv kl.17:30-18:00**
Falleg 138,3ferm 4-5 herbergja + bílageymsla á 3ju hæð. Íbúðin skiptist í anddyri, eldhús, stofur, fjögur svefnh. eitt af svefnh. er teiknað sem geymsla með glugga en er nýtt í dag sem svefnh, sér þvottahús inni í íbúðinni.
**Nánari uppl. Sigurbjörn í gsm: 867-37-07**

### Lómasalir 12 – 201 Kóp




**OPIÐ HÚS þriðjud. 2.nóv kl.17:30-18:00**
Afar falleg íbúð á efstu hæð í lyftuhúsi.
Gott útsýni, fjölskylduvænt umhverfi.
**Nánari uppl. Árni gsm: 893-4416**

### Hjallasel 23 – 109 Rvk




**OPIÐ HÚS mánud. 01.nóv kl 17.30-18.00**
Mjög fallegt parhús á einni hæð með góðum flísalögðum sólskála. Húsið er mjög vel staðsett við Seljahlíð sem er þjónustumiðstöð fyrir aldraða.
**Nánari uppl. Hafdís gsm: 895-6107**

### Sæviðarsund 27 – 104 Rvk




**OPIÐ HÚS Þriðjud. 2.nóv kl 17.30-18.00**
Mjög falleg, rúmgóð og björt íbúð með sameiginlegum bílskúr. Hús mikið endurnýjað að utan sem og eldhúsinnrétting og tæki.
**Nánari uppl. Hafdís gsm: 895-6107**

### Teigasel 7 – 109 Rvk




**OPIÐ HÚS Mánud. 1. nóv kl. 17:30-18:00**
Flott 3ja herb. íbúð sem var algjörlega tekin í gegn fyrir 4 árum. Eldhús m/hvítri innréttingu og flottum tækjum. Rúmgóð stofa með útgengi á flísalagðar svalir með miklu útsýni. Baðherberbergi flísalagt m/tengi fyrir þvottavél. **Nánari uppl. Jóhanna Kristín, gsm: 698-7695**

### Hraunbær 6 – 110 Rvk




**OPIÐ HÚS Mánud. 1.nóv. kl. 18:30-19:00**
Virkilega fín 4ra herbergja íbúð á 2. hæð m/aukaherbergi í kjallara í klæddri blokk. Falleg nýleg eldhúsinnrétting. Rúmgóð stofa og 3 svefnh. á hæðinni og aukah. í kjallara með aðgengi að snyrtingu sem hentar vel til útleigu. **Nánari uppl. gefur Jóhanna Kristín gsm: 698-7695**

### Andrésbrunnur 4 – 113 Rvk




**OPIÐ HÚS mánud. 1.nóv. kl. 17:30-18:00**
***yfirtaka + sölulaun*** Rúmgóð 2ja-3ja herberga íbúð á 3.hæð með suðursvölum. Eignin er öll með parketi á gólfi, baðherbergi flísalagt í hólf og gólf. Innfelld lýsing í allri íbúðinni. Sérgeymsla í sameign ásamt vagna-og hjólageymslu. **Nánari uppl. Dórothea gsm: 898-3326.**

### Grandavegur 47 – 107 Rvk




**OPIÐ HÚS mánud. 01. Nóv. kl. 18:30-19:00**
***Lækkað verð*** Rúmgóð 3ja herberga íbúð með yfirbyggðum svölum í vönduðu fjölbýli fyrir 60 ára og eldri. 2 svefnh. og þvottahúsi innan íbúðar. Sérgeymsla í sameign. Aðgangur að mötuneyti í húsinu og húsvörður er til staðar. **Nánari uppl. Dórothea gsm: 898-3326.**

### Langalína 2 – 201 Gbæ




**NÝ 3ja HERBERGJA ÍBÚÐ m/stæði í bílskýli í nýju fjölbýlishúsi!**
Skemmtileg 3j herb. íbúð á 1.hæð með verönd til suðurs og svalir í norður. Um er að ræða nýtt fjölbýlishús í Garðabæ. PANTIÐ SKOÐUN í GSM: 694-4700. Aðeins um 9 íbúðir óseldar, ein penthouse íbúð.
**Nánari uppl. Þorsteinn gsm: 694-4700**

### Marargrund 1 – 210 Gbæ




**PANTIÐ SKOÐUN hjá Sigurði í GSM: 898-6106**
Vel við haldið einbýlishús með bílskúr, 5 svefnherb., 2 stofur og opið og gott nýuppgert eldhús og borðstofa. Tvö svefnherbergi og auka baðherbergi á neðri hæð. Gott þvottaherbergi ásamt búri inn af eldhúsi. Garður í góðri rækt.
**Nánari uppl. Sigurður gsm: 898-6106**

### Unufell 21 – 111 Rvk




**OPIÐ HÚS þriðjud. 2.nóv kl.19:00-19:30**
SKOÐAR SKIPTI Á MINNI EIGN: Rúmgóð 4ra herb. íbúð á 2.hæð. Snyrtileg sameign og aðeins 2 íbúðir á hæð. Búið að taka baðherbergi í gegn og skipta um allt gólfefni. Ný tæki í eldhúsi. Húsið var tekið í gegn fyrir 7 árum að utan og þá var skipt um alla glugga á einni hlið hússins.
**Nánari uppl. Dórothea gsm: 898-3326**

### Birtingakvísl 48 – 110 Rvk




**OPIÐ HÚS mánud. 1.nóv kl.17:30-18:00**
Mikið endurnýjað hús m.a eru allar innihurðir nýlegar, flest öll gólfefni, eldhús endurnýjað 2006 og aðalbaðherbergi 2010. Garður og timburverönd endurnýjað 2007.
**Upplýsingar veitir Hafdís gsm 895-6107.**

# Borg er sögulegt hugtak

**Franski arkitektinn Dominique Perrault vill endurskilgreina hugtakið borg.**



Dominique Perrault vill endurskilgreina hugtakið borg og hleypa náttúrunni að.

Franski arkitektinn Dominique Perrault er fulltrúi Frakka á Feneyjatvíæringnum í arkitektúr í ár. Hann fæddist 1953 í Clermont-Ferrand í Frakklandi, útskrifaðist sem arkitekt frá École Nationale Supérieure des Beaux-Arts í París 1978 og hefur síðan bætt við sig mastersgráðum bæði í borgarskipulagi og sögu. Síðan hann útskrifaðist hefur hann unnið hverja alþjóðlegu arkitektúrsamkeppnina á fætur annarri og öðlaðist heimsfrægð þegar hönnun hans á Þjóðarbókasafninu í París hlaut hin eftirsóttu Mies van der Rohe verðlaun árið 1997.

Meðal annarra þekktra verka hans eru hjólabrautin og sundlaugin á Ólympíuleikvanginum í Berlín, Ólympíutennishöllin í Madríd, viðbygging við Mariinsky-leikhúsið í Pétursborg og fleiri og fleiri. Verðlaun og viðurkenningar hafa sópast að honum og nú síðast hlaut hann gullmedalíu frönsku arkitektaakademíunnar, Académie d'Architecture 2010 fyrir ævistarfið.

Á seinni árum hefur hann einbeitt sér æ meira að borgarskipulagi, vann meðal annars samkeppnir um nýtt skipulag miðborgarinnar í Soffíu í Búlgaríu og Dónársvæðið í Vín, og verk hans á Feneyjatvíæringnum nefnist Metropolis. Hann heldur því fram að hugtökin borg og metropolis þarfnist endurskilgreiningar á 21. öldinni: „Borg er sögulegt hugtak sem notað er um staðlaðar aðstæður," segir hann í samtali við vefsíðuna ARTINFO og bendir á að á flestum stöðum í veröldinni sé hugtakið borg notað um gamlan miðbæ frá miðöldum sem sé í andstöðu við útborgir og dreifbýli. „Öll þessi hugtök eru að sligast undan sögulegum skilgreiningum og ekkert tillit tekið til þess að þessir staðir hafa gjörbreyst og eru í stöðugri þróun með öðruvísi íbúum og breytilegri afstöðu sín í milli." ARTINFO telur víst að sýningarskáli Perraults muni hleypa auknu lífi í umræðuna um skipulag og breytt hlutverk borga.

Til gamans má geta þess að verk Perraults voru sýnd í Hafnarhúsinu á vegum Listasafns Reykjavíkur í nóvember 2003.

Hér má sjá nokkur sýnishorn af verkum hans. *fridrikab@frettabladid.is*



Viðbyggingin við Mariinsky-leikhúsið í Pétursborg sýnir stíl Perraults vel.



Perrault varð heimsfrægur á einni nóttu fyrir hönnun þjóðarbókasafnsins í París.



Töfraskálin í Tennishöllinni í Madríd þykir snilldarhönnun.

# Stíflan losuð og dýrgripum bjargað

Bókina Svona á að... er bráðnauðsynlegt að eiga á heimilinu enda eru þar leiðbeiningar um allt milli himins og jarðar. Meðal þess sem kennt er í bókinni með texta og myndum er hvernig losa eigi stíflu í klósetti.

Fyrst skal setja upp hanska og fjarlægja megnið af vatninu úr klósettskálinni með því að ausa því í fötu. Þá er drullusokknum beitt tíu sinnum eða svo. Ef meira þarf til er gott að rétta úr vírherðatré og reka það niður í stífluna. Ef enn er stífla skal reka stíflusnigil niður, snúa og kippa í til að losa stífluna. Að lokum er sturtað niður og ef allt fer að óskum fer vatnið að renna niður.

Vafalaust hafa margir lent í því að missa eitthvað verðmætt í vask og talið að hringurinn, eða hvaðeina, væri tapað að eilífu. Í bókinni Svona á að er einnig kennt hvernig losa eigi vatnslás á vaski. Skrúfað er fyrir vatnið. Fötu komið fyrir, fyrir neðan vatnslásinn. Rærnar á vatnslásnum eru losaðar, hann er tekinn frá og leitað að dýrgripnum í bogna hlutanum. Þegar hann hefur verið endurheimtur er vatnslásinn festur á aftur.



Þegar eitthvað kemur uppá í baðherberginu er ekki nauðsynlegt að kalla strax á fagmanninn. Ýmislegt getur maður leyst sjálfur.
NORDICPHOTOS/GETTY




**● VAXIÐ BURT AF BORÐUM OG DÚKUM** Tími kertaljósa er runninn upp. Að sama skapi eykst hættan á því að kertavax leki á fín borð og skenki og erfiðlega getur gengið að losna við vaxið án þess að eiga á hættu að skemma yfirborð húsgagnsins. Gott ráð er að hita vaxið með því að beina hárblásara að því. Að því loknu má skrapa vaxið af með krítarkorti.

Þegar vax lekur á dúk er eitt ráð að strekkja dúkinn á til dæmis skál og festa með teigju. Mest af vaxinu er kroppað af en síðan er skálinni komið fyrir í vaski og sjóðandi vatni hellt yfir vaxið, sem leysist þá upp og skolast burt.





# ALLT Í BAKSTURINN OG ELDAMENNSKUNA






KENWOOD



**Kenwood HB150**
180w TÖFRASPROTI með stálhnífum, gúmmí gripi, plastskál ofl.

TILBOÐ
**1.995**
FULLT VERÐ 2.495

**Kenwood HB716**
700w TÖFRASPROTI með Triblade stálhnífum, Turbo, plastskál, breiður Bigfoot haus fyrir pottablöndun. ofl.

VERÐ
**6.995**
FRÁBÆRT VERÐ



**Kenwood KM001**
1000w Titanium Chef HRÆRIVÉL með 4,6l stálskál, þeytara, hnoðara, hrærara, gler blandara, K-járni, sjálfvirkum stafrænum hraðastilli með púls ofl. Silfurlit.

TILBOÐ
**69.995**
FULLT VERÐ 89.995



**Kenwood HM220**
120w HANDÞEYTARI með 3 hröðum.

VERÐ
**3.495**
FRÁBÆRT VERÐ

**Kenwood SB056**
300w Smoothie BLANDARI með 0,5l hertri plastskál, 2 hröðum og púls. Gúmmífætur. Hnífa má losa og hreinsa.

VERÐ
**4.995**
FRÁBÆRT VERÐ





*Fjöldi aukahluta fáanlegur*

**Kenwood KM336**
Vönduð 800w Kenwood Chef Classic HRÆRIVÉL með 4,6 lítra skál úr ryðfríu stáli, K-járni, hnoðara, þeytara og hraðastilli. Heldur alltaf jöfnum styrk.

TILBOÐ
**59.995**
FULLT VERÐ 69.995



**Kenwood SK620**
Vandaður og glæsilegur 2200w og 1,7 lítra ketill með gamla laginu. Sýnir vatnsmagn. Ljós í on/off rofa og kapalgeymsla.

VERÐ
**6.995**
FRÁBÆRT VERÐ







**Kenwood KM260**
Hljóðlát 900w HRÆRIVÉL með 4,3 lítra stál skál, þeytara, hnoðara og hrærara. Geisladiskur með 90 uppskriftum fylgir.

TILBOÐ
**24.995**
FULLT VERÐ 34.995

**Kenwood FP180**
450w MATVINNSLUVÉL með 1,0l blandara, Dual Drive System, 1 hraða og púls, 0,8L skál, stálhníf ofl.

TILBOÐ
**9.995**
FULLT VERÐ 12.995

**Kenwood FP250**
750w MATVINNSLUVÉL með Dual Drive System,2 hröðum, púls, 2,1l skál, 1,2l blandara, stál hníf ofl.

TILBOÐ
**19.995**
FULLT VERÐ 24.995

KENWOOD

**Heimilistæki** ht.is

*UMBOÐSMENN UM LAND ALLT*

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 36 **AKUREYRI** S: 460 3380 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** dægurs, **6.** slá, **8.** yfirbreiðsla, **9.** kæla, **11.** leita að, **12.** gerviefni, **14.** kryddblanda, **16.** í röð, **17.** smátt lausagrjót, **18.** ennþá, **20.** bókstafur, **21.** betl.

**LÓÐRÉTT**
**1.** spaug, **3.** skammstöfun, **4.** mótrök, **5.** hallandi, **7.** áleitinn, **10.** fæða, **13.** slöngu, **15.** skál, **16.** húðpoki, **19.** átt.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** dags, **6.** rá, **8.** lak, **9.** ísa, **11.** gá, **12.** nælon, **14.** karrí, **16.** hí, **17.** möl, **18.** enn, **20.** ká, **21.** snap.

**LÓÐRÉTT: 1.** grín, **3.** al, **4.** gagnrök, **5.** skå, **7.** ásækinn, **10.** ala, **13.** orm, **15.** ílát, **16.** hes, **19.** na.




# Í fullkominni sambúð

**BAKÞANKAR**
**Júlíu Margrétar Alexandersdóttur**



Miðað við hvað trúarbrögð eiga stóran hlut í sögu og menningararfi heimsins er þekking á næringarinnihaldi í matvælum meiri í dag en helstu atriðum trúarbragða. Sjálf get ég slumpað nokkurn veginn rétt á kolvetnismagnið í „Minna mál“ bitum Ágústu Johnson og veit að fituinnihald í Kotasælu er 4,5 grömm (í 100 g). Hins vegar vissi ég ekki fyrr en árið 2001 að ég mætti ekki kalla múslima „múhameðstrúarmenn“. Að Múhameð væri í þeirra trúarheimi svipaður og Abraham í mínum. Allah var maðurinn. Þetta lærði ég fyrir slysni af sjónvarpinu en ekki á skólabekk.

**ÞEKKINGARLEYSIÐ** skýtur skökku við, því þekking á trúarbrögðum hefur sjaldan verið jafn mikilvæg. Fólk af ólíkum uppruna, með mismunandi lífsskoðanir, býr hlið við hlið í helstu borgum Evrópu. Hrúgast saman en kynnist ekki. Eldfim formúla og erfið þegar þekking fólks á eðli trúarbragða hvers annars er ekki fyrir hendi, um hvað þau snúast og hver eru þeirra sérkenni.

**AÐSTÆÐUR** í dag kalla á að fólk viti sem mest um trúarbrögð. Í því felst ekki sú fullyrðing að fólk þurfi að trúa. Trúarbragðakennsla, sem á meðal annars að stuðla að fordómaleysi, getur hins vegar aldrei orðið annað en fordómafull leggi hún áherslu á að fela ákveðna kima trúarinnar. Vettvanginn þar sem trúin er stunduð, sálmana sem eru sungnir, bænirnar sem eru kyrjaðar. Sálmar, musteri, kirkjur eða moskur snúa börnum ekki til trúar, ekki frekar en Keiluhöllin, Kringlan eða Lasertag. Bónusinn sem felst í trúarbragðakennslu er svo að sjálfsögðu margvíslegur lærdómur um sagnfræði, myndlist, tónlist, bókmenntir, jafnvel matarmenningu og drykkjarvenjur.

**TILLÖGUR** mannréttindaráðs Reykjavíkurborgar eru á margan hátt skynsamlegar. Trúboð í leik- og grunnskólum er í engum takti við nútímalegt og umburðarlynt þjóðfélag. Og það er ekkert sem réttlætir að kristinni trú sé hampað á kostnað annarra trúarbragða. Réttur einstaklingsins er mikilvægari en réttur meirihlutans í þessu tilfelli. Um trúarbragðafræðslu gilda hins vegar allt aðrar reglur. Núna er rétti tíminn til að hefja metnaðarfulla fræðslu um öll trúarbrögð og kynna umhverfi þeirra. Sambýli trúarbragða, við þrengri og þrengi kost, er það sem koma skal. Og til að Jói og Emil geti í framtíðinni búið við hlið við hlið og jafnvel deilt eldhúsi er gott að allir viti hver á hvaða kex í hvaða skáp og hver þreif klósettið síðast. Jafnvel skilið það tilfinningalega gildi sem sjónvarpstækið hefur fyrir Emil (enda það eina sem hann erfði frá ömmu).

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Jolie ósátt við Brad

Bandaríska leikkonan Angelina Jolie á að hafa brugðist ókvæða við þegar hún frétti af því að sambýlismaður hennar, Brad Pitt, hafði hringt í leikkonuna Courteney Cox í kjölfar frétta af skilnaði hennar.

Cox er sem kunnugt er besta vinkona fyrrverandi eiginkonu Pitts, leikkonunnar Jennifer Aniston, og taldi Jolie óviðeigandi að Pitt væri að púkka upp á vini fyrrverandi eiginkonunnar. „Angelina hélt að Brad væri að nota skilnað Cox til þess eins að ná sambandi við Jennifer aftur,“ var haft eftir heimildarmanni. „Þegar Brad heyrði af skilnaði Courteney þá fannst honum ekkert sjálfsagðara en að hringja í sína gömlu vinkonu og sýna henni stuðning á þessum erfiðu tímum. Mistök hans voru að nefna þetta við Angelinu og hann varð orðlaus þegar hann sá hvernig hún brást við.“



**ÓSÁTT** Angelina Jolie er ósátt við að Brad Pitt hringi í gamlar vinkonur. NORDICPHOTOS/GETTY

# Góðgerðarvika í Hamrahlíðinni

„Það verður margt í boði,“ segir Ragna Sigurðardóttir, nemandi í MH sem ásamt fjórum öðrum samnemendum sínum úr Hamrahlíðinni stendur að góðgerðarviku sem hefst í dag.

„Allur ágóði vikunnar rennur óskiptur til ABC barnahjálpar. Peningurinn sem við söfnum mun renna til barnaþorpa í Pakistan, en þar voru rosaleg flóð fyrr á árinu,“ segir Ragna.

Spurð hvað verði um að vera í skólanum í vikunni segir Ragna að það verði eitthvað fyrir alla. „Við erum með lukkuhjól í samstarfi við nokkur fyrirtæki en þá borga nemendur til að fá að snúa hjólinu. Svo verðum við með kökur og annað góðgæti til sölu,“ segir Ragna.

„Á miðvikudeginum kemur svo bíll frá Blóðbankanum og nemendur fá að gefa blóð ef þeir treysta sér til,“ bætir Ragna við. Margir menntaskólar hafa tekið upp á því að halda góðgerðarvikur eins og þessa og því er vert að vita hvort góðgerðarvika MH verði eitthvað öðruvísi.

„Þetta er tiltölulega nýtt hjá öllum skólum, svo ég held að okkar verði nú bara með hefðbundnu sniði,“ segir Ragna í léttum dúr.

- ka



**STYRKJA ABC BARNAHJÁLP** Þau Heiðdís Inga Hilmarsdóttir, Jóhann Orri Briem, Þórdís Gasella Þórðardóttir og Ragna Sigurðardóttir standa að góðgerðarvikunni í MH. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**SELUR SKARTIÐ** Elin Nordegren, fyrrverandi eiginkona Tiger Woods, ætlar að selja skartið sem hann gaf henni. NORDICPHTOS/GETTY

# Selur skartið

**Elin Nordegren, fyrrverandi eiginkona kylfingsins Tiger Woods, hefur ákveðið að losa sig við allt skartið sem Woods gaf henni á meðan þau voru gift.**

**Nordegren hefur fengið uppboðshúsið Sotheby's til að selja skartið fyrir sig, en á meðal þess verður trúlofunarhringurinn frá Woods. Talið er að skartgripasafn Nordegren gæti selst á allt að 280 milljónir króna.**

**„Hún leit á skartið sem gjafir frá ástríkum eiginmanni, en nú telur hún að hann hafi keypt gjafirnar til að friða eigin samvisku og hana langar að losa sig við það,“ var haft eftir ónefndum heimildarmanni. Auk trúlofunarhringsins mun Nordegren selja hálsmen frá Tiffany's og eyrnalokka frá Cartier.**

# Hrósar Rapace

Hollywood-leikarinn Robert Downey Jr. sparar ekki lofið um sænsku leikkonuna Noomi Rapace en þau leika saman í myndinni Sherlock Holmes 2. Downey segir Rapace vera yndislega persónu, frábæra leikkonu og fagmann fram í fingurgóma.

Það vakti mikla undrun í Hollywood þegar Noomi Rapace hreppti aðalkvenhlutverkið í framhaldsmyndinni um breska spæjarann en þar deilir hún hvíta tjaldinu með Downey og Jude Law. Fyrrverandi eiginmaður Madonnu, Guy Ritchie, leikstýrir myndinni en hann hreifst einnig af sænsku stjörnunni og er sannfærður um að hún eigi eftir að koma öllum á óvart í myndinni.



**AÐDÁANDI** Robert Downey Jr. segir Rapace vera frábæra leikkonu.





Fimm rétta
DIWALI
hátíðarmatseðill
4.990 kr.

FORRÉTTUR
Malabari Machli
*Pönnusteiktur lax í kókos með karrýlaufum og garam masala*

AÐALRÉTTIR
Peshwari Gosht
*Grillað lambafillet marinerað í kasjúhnetum, engiferi, chillí og hvítlauk*
*og*
Murgh Korma
*Kjúklingalundir á hægum eldi í blöndu af kókosmjólk, birkifræjum, kanil og kardemommum*
*og*
Channa Masala
*Kjúklingabaunir eldaðar með tómötum, kúmeni, chilí og kóríander*

MEÐLÆTI
Raitha
*Heimalöguð jógúrtsósa með gúrkum og kryddblöndu*
*og*
Basmati hrísgrjón
*og*
Naan brauð
*Garlic Naan með hvítlauk*
*Masala Kulcha með kúmeni, lauk og kóríander*

EFTIRRÉTTUR
Kahjoor Halwa
*Indverskur eftirréttur með döðlum, súkkulaði, hesilhnetum og kókos*

*Hverfisgata 56, 101 Reykjavík*
*Sími: 552 1630*

*Opið:*
*sun.-fim. 18:00 - 22:00*
*fös. og lau. 18:00 - 23:00*

**Nú eru síðustu forvöð að panta borð. Diwali-hátíðinni lýkur sunnudaginn 7. nóvember.**
*Við þökkum frábærar viðtökur!*

Hátíð ljóssins hjá
*Austur-Indíafjelaginu*

Indverjum duga ekki færri en fimm dagar til að halda upp á hátíð ljóssins, Diwali, sem nú á hug þeirra og hjörtu.

Við hjá Austur-Indíafjelaginu viljum færa örlitla birtu inn í byrjun vetrar og bjóðum því upp á sérstakan **fimm rétta Diwali-hátíðarmatseðil á afar góðu verði: 4.990 kr. alla daga.**

***Borðapantanir í síma 552 1630.***

*Chandrika Gunnarsson eigandi Austur-Indíafélagsins býður gesti velkomna á Diwali, hátíð ljóssins.*

AUSTUR-INDÍAFJELAGIÐ
INDIAN RESTAURANT
www.austurindia.is

# menning

menning@frettabladid.is

**FÓSTBRÆÐUR Í LANGHOLTSKIRKJU** Í tilefni af allrasálnamessu heldur karlakórinn Fóstbræður tónleika í Langholtskirkju klukkan 20 í kvöld. Tónleikarnir bera heitið Til ljóssins og lífsins eru til minningar um látna. Tónlistin ber merki um það en sungnir verða sálmar og lög sem hafa unnið sér sess við margs konar kirkjulegar athafnir.




**FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU**
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing
Allt sem þú þarft…




# Guðný Guðmunds kveður

Tónlist ★★★★

**Þúsund og ein nótt**
Sinfóníuhljómsveit Íslands

**Verk eftir:** Ravel, Bartók og Rimsky-Korsakoff. **Einleikari:** Þórunn Ósk Marinósdóttir.

Þegar Guðný Guðmundsdóttir fiðluleikari var ráðin konsertmeistari Sinfóníuhljómsveitar Íslands árið 1974 var tekið við hana sjónvarpsviðtal. Þar var hún spurð álits á tónlistinni sem hljómsveitin spilaði. Hún svaraði að henni fyndist einum of mikið af Brahms og Beethoven. Hún vildi meiri Mahler og meiri Bartók.

Núna, rúmum aldarþriðjungi síðar, hefur hún látið af störfum. Á fimmtudagskvöldið voru kveðjutónleikar hjá Sinfóníunni, en þar var Guðný í stóru hlutverki – og líka Bartók. Guðný spilaði að vísu ekki einleikinn í Bartók, það gerði Þórunn Ósk Marinósdóttir víóluleikari. En Guðný var auðvitað konsertmeistarinn. Fyrir þá sem ekki vita er konsertmeistarinn fyrirliði strengjasveitarinnar og í raun hljómsveitarinnar allrar. Hann er líka oft milliliður hljómsveitarinnar og stjórnandans.

Stjórnandinn að þessu sinni var Petri Sakari. Hann stjórnaði víólukonsertinum eftir Bartók af nákvæmni og innlifun. Og einleikarinn var frábær. Þórunn Ósk er einn af okkar fremstu hljóðfæraleikurum. Hún er listakona í algerum sérflokki. Víólukonsertinn er kannski ekki skemmtilegasta verk í heimi. Bartók átti bara nokkra mánuði ólifaða þegar hann samdi konsertinn, og nemandi hans lauk við hann. Tónlistin er býsna fráhrindandi, en einleikur Þórunnar var samt bragðmikill, einbeittur og öruggur. Litirnir frá víólunni voru svo fjölbreyttir og fagrir að manni leiddist ekki baun!



**GUÐNÝ GUÐMUNDSDÓTTIR** Konsertmeistarinn kvaddi Sinfóníuhljómsveitina með stæl. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Tvær aðrar tónsmíðar voru á dagskránni. La Valse eftir Ravel rann ljúflega niður, og Sheherazade eftir Rimsky-Korsakoff var flott. Tónlistin er innblásin af ævintýrunum úr Þúsund og einni nótt. Sheherazade er ein af ótalmörgum eiginkonum soldáns nokkurs. Soldáninn hefur ekki mikið álit á kvenþjóðinni og kálar eiginkonum sínum eftir brúðkaupsnóttina. En Sheherazade kemst hjá því að vera einnota. Það gerir hún með því að segja soldáninum æsispennandi framhaldsævintýri á hverri nóttu.

Í þessu verki reyndi heldur betur á Guðnýju. Konsertmeistarinn er í hálfgerðu einleikshlutverki, spilar hvert sólóið á fætur öðru. Guðný var sjálfri sér lík, lék af réttu tilfinningunni. Prinsar og prinsessur, hrikalegar sjóferðir og kynjaverur urðu ljóslifandi. Og hljómsveitin í heild undirstrikaði þetta frámandi andrúmsloft. Útkoman var notalega seiðandi. Á eftir stóðu tónleikagestir upp fyrir Guðnýju. Maður á eftir að sakna hennar af þessum vettvangi. **Jónas Sen**

**Niðurstaða:** Mögnuð frammistaða Þórunnar Óskar Marinósdóttur var einstök. Hljómsveitin spilaði líflega. Guðný Guðmundsdóttir konsertmeistari kvaddi með glæsibrag.




# Önnur líf Ævars Arnar

Ævar Örn Jósepsson glæpasagnahöfundur er nú staddur á heljarinnar glæpasagnahátíð í Ruhrhéraði í Þýskalandi. Þar les hann upp úr þýskri þýðingu Blóðbergs og smásögu sem hann skrifaði í tengslum við hátíðina. Að sögn Ævars hefur allt gengið ljómandi vel fyrir sig og Þjóðverjar tekið honum vel. „Þessi hátíð stendur í tvo mánuði og svolítið sérstök að því leyti. Það eru margir viðburðir í gangi um allt héraðið og ég kom bara fram á tveim. Höfundarnir sem koma fram skipta því tugum," segir Ævar.

Og glæpasagnahöfundurinn mætir til leiks með nýja bók fyrir þessi jól. Hún ber heitið Önnur líf og það eru þau Guðni og Katrín sem eru í aðalhlutverkum. Bókin gerist mest í Hvassaleitinu og nær yfir eitt og hálft ár. Hún segir frá því að ráðist er á stúlku sem Katrín þekkir til í kjölfar mótmælanna á Austurvelli. Meintir árásarmenn nást en ekki tekst að sanna neitt. Einu ári seinna er aftur ráðist á sömu stúlku og nú er árásin lífshættuleg. „Og svo er Guðni í miklu basli, blandast inn í rannsókn á öðrum glæp og verður miðpunkturinn í henni," útskýrir Ævar.

Rithöfundurinn viðurkennir að hið spennuþrungna andrúmsloft í þjóðfélaginu sé ákjósanlegt, menn megi hins vegar ekki ofgera hlutunum. „Þetta er vandmeðfarið efni en ég held að það sé mikilvægt að verk úr öllum listgreinum taki á honum, þetta er einstakur tími í sögu þessarar þjóðar." **- fgg**



**MÆTIR MEÐ NÝJA BÓK** Ævar Örn gefur út nýja bók, Önnur líf, þar sem persónurnar Guðni og Katrín verða í aðalhlutverkum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



# „FREMSTUR NORRÆNNA SAKAMÁLAHÖFUNDA.“

THE TIMES






## *Furðustrandir*

**eftir ARNALD INDRIÐASON**

## kemur út í dag!

Lögreglumaðurinn Erlendur er kominn á æskuslóðir til fundar við fortíðina, fundar sem verður afdrifaríkari en nokkurn grunar.

Arnaldur bregst ekki lesendum sínum í magnaðri bók.

**„Á heimsmælikvarða.“**

Westdeutsche Allgemeine

**„Sagnameistari.“**

The Guardian

VAKA-HELGAFELL

www.forlagid.is

# Mikið stuð í Vesturbænum

**Lára Björg Björnsdóttir gefur um þessa jól út sína fyrstu bók, sem ber heitið Takk útrásarvíkingar. Lára Björg hélt óneitanlega sérstakt útgáfuhóf á föstudagskvöldið en það fór fram á heimili hennar í Vesturbænum. Fjöldi góðra gesta mætti til að samgleðjast Láru með bókina en systir hennar, Birna Anna Björnsdóttir, flaug meðal annars heim til Íslands frá New York. Lesið var upp úr bókinni við góðar viðtökur og þá flutti faðir Láru, Björn Ragnarsson, gamanmál sem vöktu mikla kátínu.**



Systurnar Birna Anna og Lára Björg með föður sinn, Björn Ragnarsson, á milli sín. Björn fór með gamanmál í útgáfuteitinu sem vöktu mikla kátínu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Ingunn Hauksdóttir og Elva Dögg Melsteð létu sjá sig í Vesturbænum.



Bryndís Ísfold Hlöðversdóttir og Auður Jónsdóttir voru meðal gesta Láru.



Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda, og Þórir Ingólfsson létu sig ekki vanta.

# Ástæða skilnaðarins

Er lesbíski plötusnúðurinn Samantha Ronson ástæða hjónaskilnaðar söngkonunnar Christinu Aguilera? Þetta er nýjasta kjaftasagan í Hollywood en Aguilera á að hafa átt vingott við Ronson um hríð og lesbískar hneigðir hennar verið ástæðan fyrir endalokum hjónabandsins. Aguilera skildi við dansarann Jason Bratman á dögunum eftir fimm ára hjónaband en þau eiga saman tveggja ára son.

Aguilera hefur talað frjálst um kynhneigð sína og nú síðast í viðtali við blaðið Out Magazine í vor sagðist hún ekki neita því að vilja einhvern tímann vera með stelpu ef sú rétta birtist.

Kannski það sé Ronson, en hún er fræg fyrir að hafa komið leikkonunni og vandræðapésanum Lindsay Lohan út úr skápnum.



**ÚT ÚR SKÁPNUM?** Kjaftasögur eru komnar á kreik um ástæðu hjónaskilnaðar Christinu Aguilera. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY


NÝTT Í BÍÓ

LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus






LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| MACHETE | 5.50, 8 og 10.10(POWER) | 16 |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI 2 | 5.50 - ISL TAL | 16 |
| TAKERS | 8 og 10.10 | 7 |
| THE SOCIAL NETWORK | 7.30 og 10.10 | L |
| AULINN ÉG | 6 - ISL TAL | L |

BESTA SKEMMTUNIN SAMBÍÓIN







SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| LET ME IN | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| THE SWITCH | kl. 6 - 8:10 - 10:20 | 10 |
| KONUNGSRÍKI UGLANNA-3D M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | 7 |
| ÓRÓI | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 10 |
| THE TOWN | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| THE TOWN | kl. 6 - 9:15 | VIP |
| FURRY VENGEANCE | kl. 6 | L |
| DINNER FOR SCHMUCKS | kl. 8 - 10:30 | 7 |
| ALGJÖR SVEPPI-3D | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| KONUNGSRÍKI UGLANNA-3D ÍSL TAL | kl. 6 | 7 |
| LET ME IN | kl. 8 - 10:10 | 16 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 6 | L |
| THE SWITCH | kl. 8 | 10 |
| ÓRÓI | kl. 10:10 | 10 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| LET ME IN | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| THE SWITCH | kl. 8 | 10 |
| KONUNGSRÍKI UGLANNA-3D M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | 7 |
| LEGEND OF THE GUARDIANS-3D ótxt Ensku | kl. 5:50 | 7 |
| ÓRÓI | kl. 10:10 | 10 |
| THE TOWN | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| FURRY VENGEANCE | kl. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| SOCIAL NETWORK | kl. 8 | 7 |
| THE AMERICAN | kl. 10:20 | 16 |
| ÓRÓI | kl. 8 | 10 |
| REMEMBER ME | kl. 10:20 | 12 |

HALTU UPP Á AFMÆLIÐ Í BÍÓ SENDIÐ FYRIRSPURNIR Á HOPAR@SAMBIO.IS

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| MACHETE | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| MACHETE LÚXUS | kl. 10.20 | 16 |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI 2 | kl. 3.40 | L |
| INHALE | kl. 6 - 8 - 10.40 | 16 |
| TAKERS | kl. 10 | 16 |
| SOCIAL NETWORK | kl. 5.20 - 8 - 10.35 | 7 |
| BRIM | kl. 4 - 6 | 12 |
| EAT PRAY LOVE | kl. 8 | L |
| AULINN ÉG 2D | kl. 3.40 | L |
| AULINN ÉG 3D | kl. 3.40 | L |

facebook.com/smarabio AUKAKRÓNUR 5%

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| KIDS ARE ALLRIGHT | kl. 8 - 10.15 | 12 |
| MEÐ HANGANDI HENDI | kl. 6 | L |
| INHALE | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| SOCIAL NETWORK | kl. 6 - 9 | 7 |
| BRIM | kl. 6 - 8 | 12 |
| EAT PRAY LOVE | KL. 10 | L |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| MACHETE | kl. 8 - 10 | 16 |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI 2 | kl. 6 | L |
| TAKERS | kl. 10.15 | 16 |
| SOCIAL NETWORK | kl. 8 | 7 |
| BRIM | kl. 6 | 12 |



ÍSLENSKA

# HAMBORGARAFABRIKKAN



# RÚDOLF

## JÓLABORGARINN

ER KOMINN Á HAMBORGARAFABRIKKUNA

**Í dag, mánudaginn 1. nóvember, fylgir Fabrikku DVD barnadiskur með hverjum seldum Rúdolf á meðan birgðir endast.**

Rúdolf er ómótstæðilegur hreindýraborgari af Héraði, blandaður apríkósum og gráðaosti.

Borinn fram með sultuðu kanilrauðkáli og eplasalati til hliðar.

Rúdolf er engum líkur og hringir inn jólin á Hamborgarafabrikkunni!

Rúdolf fæst einungis fram að jólum á meðan birgðir endast.

**BORÐAPANTANIR**

Í síma 575 7575
og á fabrikkan@fabrikkan.is

**TAKE AWAY**

· Mættu á Fabrikkuna og pantaðu
· Taktu matinn með
· Hámarksbiðtími 15 mín.

**FLJÓTLEGT Í HÁDEGINU**

Meðalbiðtími eftir mat á
Fabrikkunni er aðeins 8 mínútur
frá því að pöntun er tekin

2010

# sport

sport@frettabladid.is



**0%** **BJÖRGVIN PÁLL GÚSTAVSSON**, aðalmarkvörður íslenska handboltalandsliðsins, náði ekki að verja skot í leikjunum á móti Lettlandi og Austurríki. Björgvin Páll byrjaði báða leiki og spilaði alls í 28 mínútur áður en Hreiðar Levý Guðmundsson kom inn í markið í báðum leikjum. Öll 20 skotin sem komu á Björgvin Pál (9 á móti Lettlandi, 11 á móti Austurríki) enduðu í markinu.

## TÖLRÆÐIN

*Undankeppni EM 2012:*

**1-RIÐILL**

Eistland-Ungverjaland 19-31
Bosnía-Makedónía 28-28
Stigin: Ungverjal. 4, Maked. 3, Bosnía 1, Eistl. 0.

**2. RIÐILL**

Litháen-Króatía 19-21
Rúmenía-Spánn 20-35
Stigin: Spánn 4, Króatía 4, Litháen. 0, Rúm. 0

**3. RIÐILL**

Úkraína-Slóvenía 25-31
Portúgal-Pólland 27-27
Stigin: Slóvenía 4, Pólland 3, Portúgal 1, Úkr. 0

**4. RIÐILL**

Svartfjallaland-Slóvakía 25-35
Ísrael-Svíþjóð 28-32
Stigin: Slóvakía 4, Svíþjóð 4, Svartf., 0, Ísrael 0.

**5. RIÐILL**

**Austurríki-Ísland 28-23 (12-11)**

**Mörk Austurríkis (Skot):** Viktor Szilagyi 7 (14), Janko Bozovic5 (7), Roland Schlinger 5 (10), Robert Weber 4 (4), Konrad Wilczynski 3/1 (5/1), Bernd Friede 2 (2), Patrick Fölser2 (3), Damir Djukic (1).
**Varin skot:** Nikola Marinovic26/2 (47/6, 55%), Thomas Bauer 0 (2/2)
**Hraðaupphlaupsmörk:** 5 (Wilczynski 2, Schlin ger, Friede, Bozovic).
**Fiskuð víti:** (Fölser)
**Brottvísanir:** 16 mínútur
**Mörk Íslands:** Ólafur Indriði Stefánsson 11/6 (15/7), Alexander Petersson 3 (7), Ásgeir Örn Hallgrímsson 2 (2), Róbert Gunnarsson 2 (3), Oddur Gretarsso 2 (3), Arnór Atlason 2 (6), Snorri Steinn Guðjónsson 1 (6/1), Aron Pálmars son (4), Hannes Jón Jónsson (2), Ingimundur Ingimundarson (1).
**Varin skot:** Hreiðar Levy Guðmundsson 9 (26/1, 35%), Björgvin Páll Gústavsson 0 (11/0, 0%).
**Hraðaupphlaupsmörk:** 4 (Ásgeir, Alexander, Oddur, Arnór)
**Fiskuð víti:** (Róbert 3, Ingimundur, Ólafur, Hannes, Oddur, Ásgeir Örn).
**Brottvísanir:** 12 mínútur.

**Lettland-Þýskaland 18-36 (8-17)**

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Þýskaland** | **2** | **1** | **1** | **0** | **62-44** | **3** |
| Austurríki | 2 | 1 | 1 | 0 | 54-49 | 3 |
| **Ísland** | **2** | **1** | **0** | **1** | **51-54** | **2** |
| Lettland | 2 | 0 | 0 | 2 | 44-64 | 0 |

**6. RIÐILL**

Holland-Tékkland 25-33
Grikkland-Noregur 25-32
**Stigin:** Tékkl. 4, Noregur 4, Holland 0, Grikkl. 0

**7. RIÐILL**

Sviss-Danmörk 25-36
Hvíta-Rússland-Rússland 32-39
**Stigin:** Danm. 4, Rússl. 4, Sviss 0, Hvíta-Rússl. 0

# Slök sókn og skelfileg markvarsla

## „Ég hef áhyggjur," segir Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari eftir tvo slaka leiki á móti Lettum og Austurríkismönnum í undankeppni EM. Íslenska liðið tapaði með fimm mörkum í Austurríki á laugardag.

**HANDBOLTI** Íslenska landsliðið var nánast óþekkjanlegt í tveimur leikjum á móti Lettlandi og Austurríki í undankeppni EM. Liðið rétt marði Letta á miðvikudaginn en náði ekki að rífa upp sinn leik fyrir leikinn í Austurríki á laugardaginn þar sem liðið varð að sætta sig við fimm marka tap, 23-28.

„Sóknarleikurinn var ekki góður og við fáum allt of lítið af mörkum fyrir utan. Það var aðeins í fyrri hálfleik sem Alexander og Ólafur náðu að skora en þar fyrir utan erum við nánast með ekki neitt vinstra megin á vellinum og af miðjunni. Það gerði okkur mjög erfitt fyrir sóknarlega. Við erum líka ekkert að fá úr hraðaupphlaupum. Það er mjög erfitt að þurfa að stilla upp í hverri sókn," sagði Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari.

Vandamál sóknarleiksins kristölluðust ekki síst þær mínútur sem íslenska liðið var manni fleiri því liðið nýtti þá kafla skelfilega illa og það leit þannig út um tíma að það væri betra fyrir Austurríkismenn að vera manni færri. Varnarleikur íslenska liðsins var þó betri en á móti Lettum en á móti kom að það var mikill munur á markvörslu liðanna enda varði Nikola Marinovic, markvörður Austurríkis, 17 fleiri skot en íslensku markverðirnir.

„Ég var tiltölulega sáttur við varnarleikinn í 45 til 50 mínútur og það gekk allt upp sem við lögðum upp með. Varnarleikurinn var mjög góður í fyrri hálfleik. Við fylgdum því hins vegar ekki eftir, hvorki með markvörslu né hraðaupphlaupum. Markvarslan var alveg skelfileg," segir Guðmundur en aðalmarkvörðurinn varði ekki skot í leikjunum tveimur.

„Það var nánast orðið þannig á tímabili að þeir skoruðu hvar á vellinum sem þeir vildu, hvort sem það var að fara inn af endalínu eða vera langt fyrir utan," sagði Guðmundur, sem fer ekkert í felur með það að þessi frammistaða liðsins gefi honum ástæðu til að hafa áhyggjur af liðinu tíu vikum fyrir HM í Svíþjóð.



**ELLEFU MARKA MAÐUR** Ólafur Stefánsson var langatkvæðamestur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Ég hef áhyggjur af þessu vegna þess að ég var óánægður með leikinn á miðvikudaginn. Það eru viðvörunarbjöllur í sóknarleiknum hjá okkur, sem hefur hingað til alltaf verið okkar sterkasta hlið. Við höfum alltaf náð að skora vel yfir 30 mörk í leik en gerðum það ekki í hvorugum þessara leikja. Það er auðvitað áhyggjuefni og þess vegna þurfum við að bregðast við því og bæta það," segir Guðmunur.

Guðmundur vill meina að íslenska liðið hafi kannski ofmetnast eftir góðan árangur.

„Ég held að við höfum gott af því að fá aðvörun og ég vona að það muni nýtast okkur til að bæta okkur. Ég er sannfærður um að við gerum það og við komum til baka. Það er gríðarlegur karakter í þessu liði og við ætlum að bæta fyrir þetta," sagði Guðmundur.

„Ég held að menn hafi þurft að sjá það að þetta rúllar ekki sjálfkrafa af því að við unnum silfur og svo unnum við brons. Þannig er það ekki því við þurfum að hafa fyrir hverju einasta marki, fyrir hverri einustu vörn og hverju einasta hraðaupphlaupi. Það hefur alltaf verið þannig og mun alltaf vera þannig hjá okkur," segir Guðmundur, sem vildi ekki taka einstaka menn út.

„Menn þurfa að bæta sig og ég ætla ekki að fara út í einhverja ákveðna leikmenn. Það er alveg klárt að ákveðnir menn þurfa að skila meiru til liðsins í bæði vörn og sókn," segir Guðmundur.

Íslenska liðið mátti ekki við því að AG-félagarnir Arnór Atlason og Snorri Steinn Guðjónsson voru langt frá sínu besta. Þeir nýttu saman aðeins 6 af 24 skotum sínum í leikjunum tveimur, þar af klikkaði Snorri Steinn á 9 af 11 skotum sínum og báðum vítunum.

Meiðsli leikmanna veiktu liðið líka mikið í þessum tveimur leikjum. Það er enn óvíst hvort Guðjón Valur Sigurðsson verður með á HM, Logi Geirsson og Þórir Ólafsson meiddust báðir í Lettaleiknum sem kostaði þá Austurríkisleikinn og þá gat Alexander Petersson ekkert spilað í seinni hálfleik eftir að hafa meiðst illa á ökkla undir lok þess fyrri. Þá var greinilegt að Aron Pálmarsson var í engu standi til að spila þessa leiki enda gerði hann ekkert af viti þær fáu mínútur sem hann spilaði.

Landsliðsfyrirliðinn Ólafur Stefánsson tók þó af skarið í báðum leikjunum og skoraði í þeim 17 mörk en það dugði skammt. Hann skoraði sem dæmi 8 mörkum meira en næsti maður á móti Austurríki.

„Við erum sjálfsgagnrýnir og vitum það þegar við þurfum að bæta okkur og þegar við stöndum okkur ekki. Þetta var ekki nægilega gott og dugar ekki til þess að vinna frambærileg lið. Það er það sem við vitum núna og þá þurfum við að gera eitthvað í því," sagði Guðmundur.

ooj@frettabladid.is


SETTU ÞITT KYNNINGAREFNI INN Í FRÉTTABLAÐIÐ




Notaðu mest lesna blað landsins til að dreifa kynningarefni til þinna viðskiptavina. Það er hvergi betri staður fyrir fjölpóst en inni í Fréttablaðinu því það tryggir að auglýsingaefnið lendi á eldhúsborðinu þegar blaðið er opnað.

**93% landsmanna hafa aðgang að Fréttablaðinu.**

**Kannaðu dreifileiðir í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi orn@365.is**

FRÉTTABLAÐIÐ

Fjölpóstur með Fréttablaðinu skilar árangri!


Rakel Dögg Bragadóttir var ekki sátt við frammistöðu landsliðsins um helgina:

# Gerðum of mikið af mistökum

**HANDBOLTI** „Mér finnst það ógeðslega fúlt að hafa ekki náð að vinna," sagði Rakel Dögg Bragadóttir landsliðskona eftir að stelpurnar okkar gerðu jafntefli við norska U20 landsliðið í gær. Þetta var annar leikurinn á jafnmörgum dögum en fyrri leiknum lyktaði með norskum sigri.

„Ég hefði viljað sjá okkur vinna báða leikina. Við erum að fara á Evrópumótið þar sem við keppum við mun sterkari lið og mér finnst það ekki nógu gott að ná ekki að klára þetta norska lið."

Rakel segir að Ísland hafi gert of mörg mistök í þessum viðureignum. „Við getum alveg tekið einhverja jákvæða punkta. Einstaka sóknir eru fínar og við erum að spila ágætis vörn. En við erum að klúðra of mörgum dauðafærum og gera mikið af mistökum," sagði Rakel.

„Það var allavega bæting á frammistöðunni milli leikja. Við gerðum ekki eins mikið af klaufalegum tæknifeilum. Þetta var hrikalegt í gær (laugardag) þar sem var eins og við gætum ekki haldið á boltanum. Heilt yfir fannst mér þessi leikur í dag vera betri," sagði landsliðsfyrirliðinn.



**MARKAHÆST** Rakel Dögg Bragadóttir skoraði átta mörk fyrir íslenska landsliðið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Jákvæðu punktarnir eru varnarlega, sérstaklega eins og við vorum að spila í dag. Hraðaupphlaupin, fyrsta og annað tempó. Á neikvæðu nótunum var of mikið af tekrískum feilum, sérstaklega í gær," sagði Júlíus Jónasson landsliðsþjálfari.

„Við töpuðum þessu á síðustu sekúndunum í dag (í gær) og misstum þetta frá okkur á síðustu mínútunum í gær (á laugardag). Ég hefði viljað fá meira út úr þessu," sagði Júlíus. - egm

## TÖLFRÆÐIN

Lau: Ísland-Noregur 22-24 (10-11)

**Mörk Íslands:** Rakel Dögg Bragadóttir 5/1, Hanna Guðrún Stefánsdóttir 3, Hrafnhildur Skúladóttir 3/2, Sólveig Lára Kjærnested 3, Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 2, Karen Knútsdóttir 1, Arna Sif Pálsdóttir 1, Sunna María Einarsdóttir 1, Stella Sigurðardóttir 1, Rebekka Rut Skúladóttir 1, Ásta Birna Gunnarsdóttir 1.
**Varin skot:** Berglind Íris Hansdóttir 8, Íris Björk Símonardóttir 5.

Sun: Ísland-Noregur 29-29 (14-11)

**Mörk Íslands:** Rakel Dögg Bragadóttir 8/3, Hrafnhildur Skúladóttir 7, Hanna Guðrún Stefánsdóttir 3, Karen Knútsdóttir 3, Arna Sif Pálsdóttir 3, Ásta Birna Gunnarsdóttir 2, Sólveig Lára Kjærnested 13, Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 1, Stella Sigurðardóttir 1, Sunna Jónsdóttir 1.
**Varin skot:** Berglind Íris Hansdóttir 11, Guðrún Maríasdóttir 3.


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
MÁNUDAGUR
FISKUR
Í BÓNUS
698
KR.800g
BÓNUS ÝSUBITAR Í RASPI 800g
FRYSTIVARA
998
KR.kg
Fiskbúðin okkar
NÝ FERSK LÍNUÝSA ROÐ OG BEINLAUS
STEINBÍTSBITAR
898
KR.kg
NORÐANFISKUR: FROSNIR ÝSUBITAR
ROÐ OG BEINLAUSIR
898
KR.kg
norðanfiskur
NORÐANFISKUR: FROSNIR
ÞORSKBITAR ROÐ OG BEINLAUSIR
698
KR.kg
Fiskbúðin okkar
FISKBÚÐIN OKKAR: FERSKAR
STEIKTAR FISKBOLLUR
579
KR.kg
norðanfiskur
NORÐANFISKUR: FRYSTAR
STEIKTAR FISKBOLLUR
PRÓTEINBOMBA
BITAFISKUR
1398
KR.200g
GULL BITAFISKUR/HARÐFISKUR 200g
Rúmlega 80g af próteini í 100g af Gullfiski.
ALLT Í MATINN Á BETRA VERÐI Í BÓNUS
Spelt
359
KR. 1 kg
SOLLU SPELTHVEITI
GRÓFT OG FÍNT 1 KG.
ALGJÖRT SÆLGÆTI
298
KR. 500g
AKURSEL LÍFRÆNAR
GULRÆTUR 500G
Broccoli vegetable mix
298
KR. 1kg
EUROSHOPPER FROSIÐ BROKKOLI
OG GRÆNMETISBLANDA 1 kg
98
KR. 1 kg
NÝJAR ÍSLENSKAR KARTÖFLUR Í LAUSU
GULLAUGA/RAUÐAR
BÓNUS
100% SAFI
149
KR. 3 fernur
BÓNUS HREINN ÁVAXTASAFI EPLA/APPELSÍNU 3 x 250g
pick me up.
in fruit we trust.
one ingredient fruit.
no bad stuff. zilch, zero, nada.
froosh
298
KR. 250g
FROOSH SMOOTHIE ÁVAXTA-ORKUDRYKKUR 250g
BÓNUS
GJAFAKORT
Rafræna Bónus gjafakortið er vinsælasta jólagjöfin í Bónus
Þú kaupir inneign að eigin vali á gjafakortið, kortið er áfyllingarkort.
Hafðu samband við skrifstofu Bónus og fáðu nánari upplýsingar.
Skrifstofa Bónus er opin frá kl. 9-16 alla virka daga.
ALGJÖRT SÆLGÆTI
598
KR.600g
NÝ UPPSKERA FERSKAR DÖÐLUR 600g
159
KR. 2 stk
EUROSHOPPER FROSIN HVÍTLAUKSBRAUÐ 2 STK
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

## ÚRSLITIN

### Enska úrvalsdeildin

| | |
|---|---|
| Arsenal - West Ham | 1-0 |
| 1-0 Alexandre Song (88.) | |
| Blackburn - Chelsea | 1-2 |
| 1-0 Benjani (22.), 1-1 Nicolas Anelka (39.), 1-2 Branislav Ivanovic (83.) | |
| Everton - Stoke | 1-0 |
| 1-0 Aiyegbeni Yakubu (67.) | |
| Fulham - Wigan | 2-0 |
| 1-0 Clint Dempsey (30.), 2-0 Dempsey (44.). | |
| Wolves - Man City | 2-1 |
| 0-1 Emmanuel Adebayor, víti (23.), 1-1 Nenad Milijas (30.), 2-1 David Edwards (57.) | |
| Manchester United-Tottenham | 2-0 |
| 1-0 Nemanja Vidic (30.), 2-0 Nani (84.) | |
| Aston Villa - Birmingham | 0-0 |
| Newcastle - Sunderland | 5-1 |
| 1-0 Kevin Nolan (26.), 2-0 Nolan (34.), 3-0 Shola Ameobi, víti (45.+3), 4-0 Ameobi (70.), 5-0 Nolan (75.), 5-1 Darren Bent (90.) | |
| Bolton - Liverpool | 0-1 |
| 0-1 Maxi Rodriguez (86.) | |

### Iceland Express kvenna

| | |
|---|---|
| Snæfell-Fjölnir | 66-50 (36-26) |
| **Stigahæstar:** Sade Logan 20, Björg Guðrún Einarsdóttir 12, Helga Hjördís Björgvinsdóttir 11 - Bergþóra Holton Tómasdóttir 15, Inga Buzoka 10. | |
| Hamar-KR | 79-76 (42-36) |
| **Stigahæstar:** Jaleesa Butler 28 (20 frá.), Kristrún Sigurjónsd. 19, Slavica Dimovska 17 (6 stoðs.), Fanney Lind Guðmundsd. 9 - Margrét Kara Sturlud. 28 (8 frák./6 stoðs.), Hildur Sigurðard. 24 (8 frák./5 stoð.), Guðrún Gróa Þorsteinsd. 10. | |
| Keflavík-Haukar | 79-49 (40-23) |
| **Stigahæstar:** Bryndís Guðmundsdóttir 18 (8 frák./5 stoðs.), Birna Valgarðsdóttir 15, Pálína Gunnlaugsdóttir 14, Jacquline Adamshick 14(10 fráköst/5 stolnir) - Íris Sverrisdóttir 11, Ragna Margrét Brynjarsdóttir 8. | |

### HM áhugamanna í golfi

**Íslenska karlalandsliðið** i golfi endaði í 19. á heimsmeistaramóti áhugamanna í golfi sem lauk í Argentínu í gær. Hlynur Geir Hjartarson lék lokadaginn á 78 höggum eða 6 yfir pari, Ólafur Björn Loftsson lék á 76 höggum eða 4 yfir pari og Guðmundur Ágúst Kristjánsson lék á 84 höggum eða 12 yfir pari.



**BIKARMEISTARAR** Edda Garðarsdóttir og Ólína Viðarsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Sænski kvennafótboltinn:

## Edda og Ólína unnu bikarinn

**FÓTBOLTI** Edda Garðarsdóttir og Ólína Guðbjörg Viðarsdóttir urðu bikarmeistarar saman í fjórða sinn á fimm árum í gær þegar lið þeirra Örebro vann 4-1 sigur á Guðbjörgu Gunnarsdóttur og félögum Djurgården í bikarúrslitaleiknum í Svíþjóð. Þetta var fyrsti titill kvennaliðs Örebro.

Edda og Ólína léku báðar allan úrslitaleikinn eins og þær gerðu líka þegar þær unnu bikarinn með Breiðabliki 2005 og með KR 2007 og 2008. - óój

Man. United innsiglaði sigur sinn á Tottenham með furðumarki og Harry Redknapp var ekki sáttur í leikslok:

# Farsakenndur skrípaleikur og hneyksli

**FÓTBOLTI** Annað mark Manchester United gegn Tottenham um helgina er mikið í umræðunni og skyldi engan undra. Heurelho Gomes, markvörður Tottenham, hélt að hans lið ætti aukaspyrnu og setti boltann niður.

Portúgalski vængmaðurinn Nani var fljótur að átta sig og skoraði í óvarið markið.

Skömmu áður hafði Nani fallið í teignum án þess að dómarinn Mark Clattenburg hafði dæmt vítaspyrnu. Knötturinn fór síðan í hendina á Nani svo aðstoðardómarinn flaggaði. Clattenburg hunsaði þennan aðstoðarmann sinn og dæmdi ekkert þó að Gomes hefði haldið annað.

„Tottenham-menn voru alls ekki sáttir og það er kannski skiljanlegt,“ sagði Darren Fletcher, miðjumaður Manchester United, eftir leikinn sem hans menn unnu 2-0. „En það var rétt hjá Nani að skora. Ef hann hefði ekki gert það hefði hann fengið að heyra það frá stjóranum og samherjum sínum.“



**FURÐUMARK** Nani fagnar marki sínu en Heurelho Gomes mótmælir harðlega. NORDICPHOTOS/AFP

Á vefsíðu breska blaðsins The Sun var gerð könnun meðal lesenda hvort þeir teldu að Clattenburg hefði gert rétt í þessu umtalaða atviki. Um 65% lesenda stóðu með dómaranum.

Harry Redknapp, stjóri Tottenham, er ekki sammála þeim. „Clattenburg er góður dómari en þetta var farsakenndur skrípaleikur. Þetta var hneyksli. Við vorum samt að tapa þessum leik þegar atvikið gerðist og ég ætla ekki að nota það sem afsökun fyrir að við fengum ekkert úr leiknum,“ sagði Redknapp.

Carlo Ancelotti, knattspyrnustjóri Chelsea, getur leyft sér að brosa eftir helgina enda heldur hans lið forystu sinni á toppi deildarinnar.

Hann var hreinskilinn eftir sigurinn gegn Blackburn og sagði að hann hefði verið hrein heppni.

„Við vorum alls ekki góðir en sigurinn var verulega góður. Blackburn var einfaldlega betra liðið, komst yfir og hefði getað gert út um leikinn. En heppnin var einfaldlega á okkar bandi. Yury Zhirkov var að mínu mati maðurinn sem skildi milli liðanna, hann var frábær í þessum leik,“ sagði Ancelotti. - egm

# Breytir varla liðinu núna

**Gylfi Þór Sigurðsson var funheitur í sínum fyrsta byrjunarliðsleik með Hoffenheim og skoraði tvö mörk og lagði upp eitt í 4-0 sigri á Hannover.**

**FÓTBOLTI** Hoffenheim gerði sér lítið fyrir og lagði Hannover 4-0 í þýsku úrvalsdeildinni í gær. Gylfi Þór Sigurðsson heldur áfram að gera góða hluti en þetta var hans fyrsti leikur í byrjunarliði Hoffenheim. Hann skoraði tvö fyrstu mörk leiksins, það seinna úr vítaspyrnu, áður en hann lagði svo upp þriðja markið.

„Þetta gekk mjög vel og að ná að vinna svona sterkt lið 4-0 er verulega jákvætt,“ sagði Gylfi eftir leikinn en hann reiknar að sjálfsögðu með því að halda sæti sínu í byrjunarliðinu.

„Þjálfarinn fer ekki að breyta liðinu held ég eftir þennan leik. Þetta var samt ekki besti leikur sem ég hef spilað. Við vorum nokkuð lengi í gang en við lifnuðum við í lok fyrri hálfleiks og vorum svo mikið betri í seinni hálfleikknum. Fyrir utan mörkin tvö og stoðsendinguna var þetta ekkert minn besti leikur.“

Gylfi hefur nú skorað fjögur deildarmörk fyrir Hoffenheim, sem situr nú í þriðja sætinu, sjö stigum á eftir Dortmund sem er á toppnum. „Þetta er mjög sterk deild og allir leikir eru erfiðir. Það hefur aðeins komið mér á óvart hve margir áhorfendur eru á leikjunum. Þetta er allt saman mjög stórt og mikil stemning í kringum þetta,“ sagði Gylfi.

Hann telur að Hoffenheim geti verið í toppbaráttunni í allan vetur. „Byrjunin var erfið en vonandi munum við halda áfram að klifra upp töfluna. Við eigum Hamborg á útivelli næst og við verðum bara að spila eins og við gerðum í dag.“

Slæm byrjun stórliðs Bayern München hefur vakið athygli en liðið er aðeins í sjöunda sæti. „Þeir eru með of gott lið til að vera í einhverju bulli í allan vetur. Þeir munu fara í gang býst ég við,“ sagði Gylfi Þór.

elvargeir@frettabladid.is



### Leikirnir með Hoffenheim

Gylfi Þór Sigurðsson hefur skorað 4 mörk í fyrstu 6 leikjum sínum með Hoffenheim í þýsku úrvalsdeildinni.

**Leikir Gylfa með Hoffenheim 2010-11:**

| | |
|---|---|
| Schalke (2-0 sigur) | Varamaður á 77. mín. |
| Kaiserslautern (2-2) | Varamaður á 77. mín **1 mark** |
| Köln (1-1) | Varamaður á 46. mín |
| Mainz (2-4 tap) | Varamaður á 60. mín **1 mark** |
| Dortmund (1-1) | Varamaður á 46. mín |
| Hannover(4-0 sigur) | Í byrjunarliðinu **2 mörk** |



**GUÐMUNDUR BENEDIKTSSON** Á leið í Kópavoginn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Pepsi-deild karla í fótbolta:

## Gummi Ben til Breiðabliks

**FÓTBOLTI** Guðmundur Benediktsson verður hluti af þjálfarateymi Ólafs Kristjánssonar hjá Íslandsmeisturum Breiðabliks næsta sumar en hann mun einnig koma að þjálfun í öðrum, þriðja og fjórða flokki karla hjá félaginu. Þetta kom fram á fotbolti.net í gærkvöldi.

Guðmundur fékk sína fyrstu reynslu af meistaraflokksþjálfun í sumar þegar hann þjálfaði lið Selfoss en eftir að liðið féll ákvað Selfoss að nýta sér uppsagnarákvæði í samningi Guðmundar. - óój

Pepsi-deild karla í fótbolta:

## Hörður í Val

**FÓTBOLTI** Keflvíkingurinn Hörður Sveinsson gerði 3 ára saming við Val í gær og er þar með fjórði leikmaðurinn á stuttum tíma sem gengur til liðs við Hlíðarendafélagið.

Áður höfðu þeir Guðjón Lýðsson (Haukum), Halldór Kr. Halldórsson (Leikni) og Andri Fannar Stefánsson (KA) samið við Val.

Sigurbjörn Hreiðarsson framlengdi einnig samning sinn við Val um tvö ár. - óój

DOMUSNOVA
Fasteignasala

Ágætu viðskiptavinir / kaupendur og seljendur það er mér sönn ánægja að tilkynna ykkur að ég hef hafið störf á Domusnova fasteignasölu...

Við seljum fyrir þig !
Hringdu í 897 5930

Sigurður Fannar Guðmundsson
Sölumaður

[+354] 897 5930
siggifannar@domusnova.is
siggifannar.domusnova.is

Turninum 12 hæð - Smáratorgi 3 - 201 Kópavogi - Axel Axelsson - Löggiltur fasteignasali - www.domusnova.is



Newcastle fór illa með nágranna sína í Sunderland í ensku úrvalsdeildinni í gær:

# Maxi skaut Liverpool úr fallsæti

**FÓTBOLTI** Maxi Rodriguez tryggði Liverpool sigur á Bolton í ensku úrvalsdeildinni í gær með því að skora eina mark leiksins fjórum mínútum fyrir leikslok. Argentínumaðurinn skaut þar með liði sínu úr fallsæti. Newcastle var lið dagsins eftir 5-1 sigur á nágrönnum sínum í Sunderland þar sem fyrirliðinn Kevin Nolan var með þrennu.

Liverpool endaði næstum því mánaðardvöl sína í fallsæti og vann sinn fyrsta útileik síðan í apríl þegar liðið sótti Grétar Rafn Steinsson og félaga í Bolton heim í gær.

Fernando Torres lagði upp sigurmarkið fyrir Maxi Rodriguez á 86. mínútu og hefur því verið maðurinn á bak við sigurmörk liðsins í síðustu tveimur leikjum. Maxi potaði boltanum inn með tánni og sá til þess að Liverpool er komið upp í 12. sæti og er nú aðeins þremur stigum á eftir Tottenham.

„Það er ánægjulegt að sjá í smá ljósglætu í enda ganganna. Það er of snemmt að missa sig í bjartsýni en við erum búnir að taka skref í rétta átt,“ sagði Roy Hodgson, stjóri Liverpool, eftir leikinn.



Newcastle fór illa með nágranna sína í Sunderland og vann stærsta sigurinn í norðausturslagnum í 54 ár. Kevin Nolan skoraði þrennu í 5-1 sigri og Shola Ameobi skoraði hin tvö. Newcastle komst í 3-0 í fyrri hálfleik og var síðan manni fleiri síðustu 37 mínúturnar eftir að Titus Bramble fékk rautt spjald.

„Þetta var yndisleg frammistaða hjá öllu liðinu. Þetta er búin að vera erfið vika en endaði á frábærum degi,“ sagði Chris Hughton, stjóri Newcastle. Einhverjir enskir fjölmiðlar vildu meina það í vikunni að Hughton yrði rekinn á næstunni en þessi úrslit ættu að styrkja stöðu hans. „Ég er vissulega ánægður fyrir hönd stuðningsmannanna en ég er sérstaklega ánægður fyrir hönd Chris, sem á þennan sigur skilinn eftir það sem hann þurfti að ganga í gegnum í vikunni,“ sagði Kevin Nolan. - óój




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR 2 SPORT 2 SPORT 2 SPORT 3 2 SPORT 4 2 SPORT 5 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## > Isla Fisher

„Það eina sem ég veit varðandi brúðkaup er að það er ekki inn að klæðast vængjum. Þegar ég var níu ára ætlaði ég að gifta mig með álfavængi en ég átta mig fullkomlega á því í dag að það er ekki töff.“

***Isla Fisher, sem er nýgift leikaranum Sacha Baron Cohen, fer með hlutverk í gamanmyndinni Hot Rod sem er sýnd á Stöð 2 Bíó í kvöld klukkan 20.00.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SARA MCMAHON HORFIR Á SKEMMTILEGA MATREIÐSLUÞÆTTI

# *Ég hjarta skandinavískt sjónvarpsefni*



Suma daga er ég svo afskaplega þakklát því að ég skuli hafa aðgang að skandinavísku ríkissjónvarpsstöðvunum. Ég er sérstaklega þakklát þeim dönsku og sænsku, enda horfi ég oftast á þær.

Mér finnst ánægjulegt að geta setið heima og hlustað á syngjandi sænskuna og rúllandi dönskuna þegar mér sýnist svo. Þetta er líka kjörin leið til að viðhalda skandinavískunni á meðan hún er ekki í stöðugri notkun.

Um daginn datt ég inn á sænskan matreiðsluþátt, Niklas mat, þar sem þáttarstjórnandinn ferðaðist um sveitir Svíþjóðar og atti saman tvemur bestu þorpskokkunum í þorpinu sem hann heimsótti. Kokkarnir fengu að velja hráefni sem Niklas hafði sjálfur fundið til og áttu þeir svo að elda úr því dýrindis rétt á örfáum mínútum. Báðir notuðust kokkarnir við makríl, annar eldaði hann upp á franska vísu á meðan hinn kaus að elda makrílinn á meira framandi hátt og sótti innblástur sinn til Suður-Ameríku. Báðir litu réttirnir afskaplega vel út og með þessu skoluðu kokkarnir niður ekta sænsku hvítvíni. Svona eru Skandinavar lunknir við að búa til skemmtilegt sjónvarpsefni og ávallt til fyrirmyndar.

## SJÓNVARPIÐ

**16.40 Hljómar í 40 ár** (e)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Landinn** (e)
**18.00 Sammi** (52:52)
**18.07 Franklín** (13:13)
**18.30 Skúli skelfir** (52:52)
**18.40 Vinslit** Hollensk barnamynd. (e)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Saga vísindanna - Hvernig komumst við hingað?** (6:6) Heimildamyndaflokkur frá BBC. Hvað er þarna úti? Hvaðan komum við? Úr hverju erum við gerð? Hvert er leyndarmál lífsins? Stendur okkur til boða ótakmörkuð orka?
**20.55 Á meðan ég man** (9:9) Í hverjum þætti er farið yfir fimm ára tímabil í sögu Sjónvarpsins. Þessi þáttur nær yfir árin 1971-1975.
**21.25 Önnumatur** (9:9) Í þessari dönsku matreiðsluþáttaröð töfrar kokkurinn Anne Hjernøe fram kræsingar af ýmsu tagi.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.15 Handboltinn** Fjallað verður um leiki í N1-deildinni í handbolta.
**22.40 Leitandinn** (22:22) Bandarísk ævintýraþáttaröð.
**23.25 Hófsöm rjúpnaveiði** (e)
**23.40 Kastljós** (e)
**00.05 Fréttir** (e)
**00.15 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Thank You for Smoking**
**10.00 Grilled**
**12.00 Akeelah and the Bee**
**14.00 Thank You for Smoking**
**16.00 Grilled**
**18.00 Akeelah and the Bee**
**20.00 Hot Rod**
**22.00 Irresistible**
**00.00 Joshua**
**02.00 Day Watch**
**04.10 Irresistible**
**06.00 The Heartbreak Kid**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Þúsund andlit Bubba**
**10.50 White Collar**
**11.45 Falcon Crest** (21:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Nancy Drew**
**14.40 Frasier** (24:24)
**15.10 ET Weekend**
**15.55 Barnatími Stöðvar 2**
**16.40 Áfram Diego, áfram!**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (17:25)
**18.23 Veður** Markaðurinn.
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (3:19)
**19.45 How I Met Your Mother** (1:22)
**20.10 Extreme Makeover: Home Edition** (9:25)
**20.55 V** (8:12) Vandaðir spennuþættir sem segja á afar raunverulegan hátt frá því þegar nokkur risavaxin geimskip taka sér stöðu yfir stærstu borgum heims.
**21.40 The Event** (6:13) Hörkuspennandi þættir um venjulegan, ungan mann sem lendir í þeirri skelfilegu lífsreynslu að kærustunni hans er rænt.
**22.25 Dollhouse** (5:13) Spennuþáttaröð sem gerist í náinni framtíð þar sem skotið hafa upp kollinum undirheimafyrirtæki sem gera út sérstaka málaliða, svokallaðar „brúður".
**23.15 Unhitched** (1:6)
**23.40 Cougar Town** (20:24)
**00.05 White Collar**
**00.50 The Shield** (8:13)
**01.35 Portraits of a Lady**
**02.15 Fierce People**
**04.05 See no Evil**
**05.30 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**18.00 Cimb Asia Pacific Classic**



**21.00 Spænsku mörkin 2010-2011** Sýnt frá öllum leikjunum, öllum mörkunum og öllum helstu tilþrifunum úr leikjum helgarinnar í spænska boltanum.
**22.40 Main Event** Sýnt frá World Series of Poker Main Event þar sem allir bestu spilarar heims eru mættir til leiks.
**23.30 Fréttaþáttur** Skyggnst á bakvið tjöldin hjá liðunum sem leika í Meistaradeild Evrópu. Hitað upp fyrir komandi leiki og um leið hinir ýmsu leikir krufðir til mergjar.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Newcastle - Sunderland**
**15.05 Everton - Stoke**
**16.50 Sunnudagsmessan**
**17.50 Premier League Review 2010/11** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**18.45 PL Classic Matches: Liverpool - Newcastle, 1998**
**19.15 PL Classic Matches: Everton - Leeds, 1999**
**19.50 Blackpool - WBA**
**22.00 Premier League Review 2010/11** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**23.00 Ensku mörkin 2010/11** Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.
**23.30 Football Legends - Cruyff**
**00.00 Blackpool - WBA**

## SKJÁREINN

**08.00 Dr. Phil** (37:175)
**08.40 Rachael Ray** (113:175)
**09.25 Pepsi MAX tónlist**
**16.55 Rachael Ray** (114:175)
**17.40 Dr. Phil** (38:175)
**18.20 Spjallið með Sölva** (6:13)
**19.00 Judging Amy** (4:23)
**19.45 Accidentally on Purpose** (13:18) Bandarísk gamanþáttaröð um konu á besta aldri sem verður ólétt eftir einnar nætur kynni með ungum fola.



**20.10 90210** (1:22) Bandarísk þáttaröð um ástir og átök ungmenna í Beverly Hills.
**20.55 Friday Night Lights** (9:13) Dramatísk þáttaröð um ungmenni í smábæ í Texas þar sem lífið snýst um fótboltalið skólans.
**21.45 CSI: New York** (14:23) Bandarísk sakamálasería um Mac Taylor og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í New York.
**22.35 Jay Leno** (137:260) Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
**23.20 Leverage** (7:15) Spennandi þáttaröð um þjófahóp sem rænir þá sem misnota vald sitt og ríkidæmi.
**00.00 Spjallið með Sölva** (6:13) Sölvi Tryggvason fær til sín góða gesti og spjallar um lífið, tilveruna og þjóðmálin.
**00.05 United States of Tara** (4:12)
**00.35 CSI: Miami** (7:25)
**00.40 Pepsi MAX tónlist**
**01.20 Pepsi MAX tónlist**
**06.00 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**17.10 Golfing World**
**18.00 Golfing World**
**18.50 Andalucia Masters**
**22.50 Golfing World**
**23.40 PGA Tour Yearbooks**
**00.25 Golfing World**
**01.15 ESPN America**
**06.00 ESPN America**

## EXTRA

**19.00 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey.
**19.40 ER** (22:22) Sígildir þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago.
**20.25 Little Britain** (3:6) Stöð 2 rifjar nú upp þættina sem slógu svo rækilega í gegn.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Hlemmavídeó** (2:12) Frábærir gamanþættir með Pétri Jóhanni Sigfússyni sem leikur Sigga sem er fráskilinn og býr einn rétt hjá Hlemmi og rekur gamla vídeóleigu sem hann erfði eftir föður sinn.
**22.15 The Mentalist** (4:22) Þriðja serían af frumlegri spennuþáttaröð um Patrick Jane, sjálfstætt starfandi ráðgjafa rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu.
**23.00 Numbers** (2:16) Sjötta þáttaröðin í vönduðum spennuflokki sem fjalla um tvo ólíka bræður sem sameina krafta sína við rannsókn flókinna sakamála.
**23.45 The Pacific** (7:10) Magnaðir verðlaunaþættir frá framleiðendum Band of Brothers.
**00.35 Spaugstofan**
**01.00 ER** (22:22)
**01.45 The Doctors**
**02.25 Little Britain** (3:6)
**02.55 Sjáðu**
**03.25 Fréttir Stöðvar 2**
**04.15 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Að norðan með Hildu Jönu Gísladóttur** Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.

## ÍNN

**21.30 Eldhús meistarana**
**22.00 Kolbrún Baldursdóttir og Sigrún Elín Birgisdóttir spákona spá í hvernig er að spá**
**22.30 Nýju fötin Keisarans**
**23.00 Frumkvöðlar**
**23.30 Eldhús meistarana**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.40
### The Event

Hörkuspennandi þættir um venjulegan, ungan mann sem lendir í þeirri skelfilegu lífsreynslu að kærustunni hans er rænt og hann grunaður um að hafa komið henni fyrir kattarnef. Staðráðinn í að sanna sakleysi sitt leggur hann á flótta og reynir að finna hana en áður en hann veit af er hann flæktur í meiri háttar samsæri gegn forseta Bandaríkjanna.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.03** Veðurfregnir **10.13** Stefnumót **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Hringsól **14.03** Bak við stjörnurnar **15.03** Útvarpssagan: Stormur **15.25** Fólk og fræði **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Kvika **21.10** Ópus **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Girni, grúsk og gloríur **23.05** Lostafulli listræninginn **23.45** Heimsókn til listamanna **00.05** Næturtónar

## BBC entertainment

**14.00** Monarch of the Glen **14.50** Absolutely Fabulous **15.20** Absolutely Fabulous **15.50** My Family **16.20** Waterloo Road **17.10** The Weakest Link **17.55** Deal or No Deal **18.30** My Hero **19.00** Keeping Up Appearances **19.30** QI Children in Need Special **20.00** How Not to Live Your Life **20.30** Waking the Dead **21.20** Keeping Up Appearances **21.50** QI Children in Need Special **22.20** How Not to Live Your Life **22.50** Come Dine With Me **23.15** Come Dine With Me **23.40** EastEnders

## DR 1

**12.20** OBS **12.30** Aftenshowet **13.00** DR1 Dokumentaren **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** Hjerteflimmer Classic **15.30** Svampebob Firkant **15.50** Nik & Jan **16.00** Karlsson på taget **16.30** Stor & Lille **16.40** Peddersen og Findus **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Aftenshowet 2. del **18.30** Kristendemokraternes landsmøde **19.00** Lulu og Leon **19.45** Det søde liv **20.00** TV Avisen **20.25** Horisont **20.50** SportNyt **21.00** White House: Through the Lens **21.50** Miss Marple **23.25** OBS **23.30** Naruto Uncut

## NRK 1

**13.30** Tinas mat **14.00** NRK nyheter **14.10** Sjukehuset i Aidensfield **15.00** Derrick **16.00** NRK nyheter **16.10** Palme ved reisens slutt **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.45** Puls **19.15** Matlyst **19.45** Muntre glimt fra „Smil til the skjulte kamera" **19.55** Distriktsnyheter **20.30** Borgen **21.30** En sterk historie **22.00** Kveldsnytt **22.15** Dalziel og Pascoe **23.55** Nytt på nytt

## SVT 1

**13.05** Landstormens lilla argbigga **14.35** Hannah Montana **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.55** Livet på landet **16.25** Robins **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Fråga doktorn **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Sommarpratarna **20.00** Våra vänners liv **21.00** I Anneli **21.30** Nära & kära **23.15** The Event **23.55** Dansbandskampen


# ERTU Í VITLAUSUM BANKA?




**Veldu S24 og fáðu betri vexti á debetreikninginn**

## DEBETREIKNINGUR MEÐ BETRI VÖXTUM

**Sæktu um á www.s24.is eða hringdu í 533 2424 til að fá nánari upplýsingar – og þú hagnast.**

DYNAMO REYKJAVÍK

S24 …og þú hagnast

*M.v. vaxtatöflu banka og sparisjóða þann 21.10.2010. Tekið er mið af fyrsta þrepi debetreikninga.



# SKEMMTUM OKKUR INNANLANDS

FLUGFELAG.IS

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

SJÓNVARPSÞÁTTURINN



*„Tónlistarmenn eru alltaf að æfa á kvöldin svo það gefst ekki mikill tími í sjónvarpsgláp. Þegar ég er heima stilli ég gjarna á Discovery Science stöðina, þar sem er svona fræðandi afþreyingarefni. Stundum kasta ég öðru auganu á þáttinn Loga í beinni.“*

Gunnar Reynir Þorsteinsson, trommari hljómsveitarinnar Bermúda.

# Rebekka Guðleifs sýnir á Manhattan

„Það sem mér finnst svo skemmtilegt við þetta er að það kemur svo fágaður og alvörustimpill á sýninguna að hún sé haldin á Manhattan,“ segir listamaðurinn Rebekka Guðleifsdóttir í léttum dúr.

Rebekka á ljósmynd á sýningu tólf kvenna í galleríi á Manhattan í New York. Sýningin, sem stendur nú yfir, leggur áherslu á konur sem hafa vakið athygli á netinu.

„Það var haft samband við mig og mér boðið að vera með,“ segir Rebekka. Hundruð kvenna sóttu um að fá að sýna á sýningunni, en aðeins tólf komust að.

Ljósmyndir Rebekku hafa vakið gríðarlega athygli á Flickr, sem er stærsta ljósmyndasíða heims. Fjallað hefur verið um hana í fjölmörgum erlendum fjölmiðlum og var hún sögð vinsælasti ljósmyndarinn á netinu í gríni í Wall Street Journal árið 2006. „Þær eru að hampa okkur sem jafngildum listamönnum - þeim sem vekja athygli á netinu hefur kannski ekki verið gert jafn hátt undir höfði og hinum.“

Art+Culture Editions er í samstarfi við sýninguna og hóf að selja prent af myndunum í takmörkuðu upplagi í gær. Fyrirtækið er afar virt á sínu sviði og hefur selt myndir eftir marga af virtustu ljósmyndurum heims. „Það gerir þetta meira spennandi,“ segir Rebekka og bætir við að þrjár myndir til viðbótar við þá sem er á sýningunni verði til sölu á vefsíðu fyrirtækisins. - afb





MYND/REBEKKA

**REBEKKA SÝNIR Á MANHATTAN** Þessi mynd heitir ...Af jörðu ertu komin og er meðal þeirra sem er í boði á vefsíðu fyrirtækisins Art+Culture Editions.

# Íslendingar verða að láta af fordómunum

„Mér finnst þetta bara frábært og hver er ég að dæma stúlkur sem vilja koma sér á framfæri með því að taka þátt í fyrirsætukeppni?“ spyr Haffi Haff en hann er titlaður listrænn stjórnandi í fyrirsætukeppni vefritsins Samúels, Samúelstúlkan 2010. Keppnin hefur verið milli tannanna á fólki síðan hún fór í loftið, meðal annars sökum þess hversu fáklæddar og ögrandi keppendurnir eru á myndunum inni á vefsíðu Samúels.

„Íslendingar verða að hætta að vera svona fordómafullir og lokaðir. Ég er löngu hættur að dæma fólk fyrir að gera það sem það dreymir um. Það er markaður fyrir svona myndatökur og á meðan þetta er ekki að skaða neinn finnst mér þetta vera hið besta mál. Af hverju eru stelpurnar í þessari keppni eitthvað öðruvísi en þær sem koma fram á nærfötunum í Ungfrú Ísland?“ spyr Haffi og bætir við að glamúrfyrirsætustörf séu líka vinna og alls ekki auðveld og að hann beri mikla virðingu fyrir stúlkunum í keppninni. „Þær eru að taka þetta alvarlega og eru mjög fagmannlegar. Þetta eru stelpur sem vilja verða fyrirsætur, sýna líkamann sinn og koma sér á framfæri. Það er ekki okkar að dæma. Ef þetta fer í taugarnar á einhverjum geta þeir bara litið í hina áttina,“ segir Haffi ákveðinn og lofar góðri skemmtun á úrslitakvöldinu 19. nóvember.

„Ég held við eigum eftir að koma mörgum á óvart. Ég var fenginn til að gera keppnina töff, og það er planið,“ segir Haffi en fyrir helgi sendi hann frá sér nýtt myndband við lagið Dirty Side. „Ég er mjög ánægður með myndbandið og vona að fólk fíli það,“ segir Haffi að lokum. - áp



**LISTRÆNN STJÓRNANDI** Haffa Haff er margt til lista lagt en nú hefur hann tekið að sér að listræna stjórnun á fyrirsætukeppni vefrits Samúel. FRÉTTABLAÐSINS/ARNÞÓR



**SIGURVEGARARNIR SÆLIR** Ásdís Guðmundsdóttir, Evrópumeistari í hópfimleikum, og Kári Árssælsson, Íslandsmeistari í knattspyrnu, eiga íbúð í Baugakór, sem auðvitað er í Kópavoginum nálægt æfingaaðstöðu Breiðabliks og Gerplu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**ÁSDÍS GUÐMUNDSDÓTTIR:** MÉR FINNST MINN TITILL FLOTTARI

# Kærustupar í Kópavogi sópar að sér meistaratitlum

„Núna tekur bara venjulega lífið við,“ segir Ásdís Guðmundsdóttir, sem á dögunum varð Evrópumeistari í hópfimleikum ásamt liði sínu Gerplu.

Kærasti Ásdísar er Kári Ársælsson, fyrirliði karlaliðs Breiðabliks í knattspyrnu. Þau eru því bæði nýkrýndir sigurvegarar með liðum sínum, því Kári varð Íslandsmeistari með Blikunum í síðasta mánuði. Ásdís og Kári hafa verið saman í rúmt ár, en Kári er 25 ára og Ásdís árinu yngri.

„Það gefst loksins smá tími til að sinna fjölskyldunni og vinunum, núna þegar EM er búið,“ segir Ásdís. „Við Kári fáum ekki mikinn tíma saman vegna æfinga en það skiptir ekki endilega öllu hversu miklum tíma maður eyðir saman, heldur hvernig maður nýtir tímann. Sem afreksíþróttafólk lítum við aldrei á tímann sem við eyðum í æfingar sem einhverja fórn.“

Fimleikar og fótbolti eru frekar ólíkar íþróttir og því eru æfingatímarnir mismunandi. „Það kemur stundum fyrir að við erum að hittast hálf ellefu á kvöldin, þar sem Kári er á æfingum á daginn en ég á kvöldin,“ segir Ásdís. Spurð út í undirbúninginn fyrir EM segir Ásdís hann hafa verið gríðarlegan. „Ég var í mínum undirbúningi í allt sumar og alveg fram á haust og á meðan var Kári á fullu í Pepsi-deildinni. Við settum okkur bæði markmið, hann ætlaði að verða Íslandsmeistari og ég ætlaði að verða Evrópumeistari.“

Ásdís segir að hún hafi haft lítinn áhuga á fótbolta áður en þau Kári byrjuðu saman en það sé breytt í dag. „Ég mæti á alla þá leiki sem ég kemst á og hann gerir það sama fyrir mig. Kári skoraði nokkur stig hjá stelpunum í Gerplu þegar hann skildi liðsfélagana úr Breiðablik eftir í sínu eigin fyrirpartíi fyrir lokahóf Breiðabliks til að koma og horfa á mig keppa. Hann sat bara uppi í stúku í jakkafötunum,“ segir Ásdís og hlær.

Kári og Ásdís eru bæði í námi samhliða æfingunum. „Kári er að læra flugumferðarstjórn og ég er að læra sjúkraþjálfun í Háskóla Íslands. Sjúkraþjálfunin er krefjandi nám og því er ekkert auðvelt að sinna því af fullri hörku á meðan maður eyðir um tuttugu klukkustundum í fimleikasalnum vikulega. En þetta gerir það að verkum að maður verður að skipuleggja tímann sem maður hefur,“ segir Ásdís, nýkrýndur Evrópumeistari. En er enginn metingur á milli Kára og Ásdísar? „Nei alls ekki. Mér finnst minn titill flottari en það er kannski ekki alveg hægt að bera þessa tvo titla saman,“ segir Ásdís að lokum.

kristjana@frettabladid.is

# Í myndbandi eftir frægan teiknara

„Ég hafði ekki hugmynd um að þetta væri svona stórt verkefni,“ segir Þórhildur Þorkelsdóttir, tískubloggari, sem var fengin til að leika í myndbandi í sumar sem síðar var sýnt á stóru tískuvikunum í New York og London. „Þegar myndbandið var frumsýnt var haldið heljarinnar frumsýningarpartí á Soho Grand í New York og um 300 gestum boðið,“ segir Þórhildur. Listamaðurinn sem stóð á bak við myndbandið heitir Philip Smiley og er teiknari, en í myndbandinu sést Þórhildur ráfa um í teiknuðu umhverfi sem allt var hannað af Smiley. „Hann hefur verið að vinna með Stellu McCartney, Burberry og fleiri þekktum hönnuðum,“ segir Þórhildur, sem eyddi síðasta ári í New York sem au pair.

„Maður sem ég kynnist fyrir tilviljun á flugvellinum úti segir mér síðar að vinur hans sé að leita að venjulegri stelpu til að leika í myndbandi fyrir sig. Sá maður reynist svo vera Philip Smiley.“ Þórhildur reiknar ekki með að taka þátt í fleiri myndböndum með Smiley, þetta hafi einfaldlega bara verið skemmtilegt verkefni.

Tískublogg Þórhildar hafa vakið athygli á veraldarvefnum en Þórhildur byrjaði fyrst að blogga eftir að hún fluttist til New York. „Ég fór út ágúst í fyrra og byrjaði þá að blogga um daginn og veginn. Það þróaðist svo bara út í tískublogg,“ segir Þórhildur, sem bloggar enn þrátt fyrir að vera flutt heim. Fyrir áhugasama er hægt að kynna sér bloggið hennar á www.thorhildurth.blogspot.com. - ka



**TÖFF TÝPA** Tískubloggarinn Þórhildur Þorkelsdóttir bjó í New York um skeið og lék í myndbandi sem sýnt var á tískuvikunum í New York og London. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Á pólinn með þýskum stjörnum

„Við erum að vinna með fyrirtæki sem heitir Extreme World Races og gerði meðal annars vinsæla þáttaröð fyrir BBC fyrir tveimur árum sem gerðist líka á Suðurpólnum. Þannig kom þetta verkefni inn á borð hjá okkur,“ segir Aron Reynisson hjá Arctic Trucks.

Fimm starfsmenn fyrirtækisins eru nú staddir í Suður-Afríku að breyta Toyota Hilux bílum fyrir ansi merkilega keppni milli Austurríkis og Þýskalands en það eru þýska sjónvarpsstöðin ZDF og austurríska ríkisstöðin ORF sem standa fyrir henni. Eins og Fréttablaðið greindi frá á föstudag var austurríska ofurskíðahetjan Hermann Maier stödd hér á landi að taka upp auglýsingu í tengslum við þessa keppni, sem haldin er í tilefni af því að hundrað ár eru liðin frá því að tvíeykið Scott og Amundsen gekk á Suðurpólinn. Maier mun etja kappi við þýsku sjónvarpsstjörnuna Marcus Lanz en þeir félagar munu þeysast yfir Suðurpólinn í bílum frá Arctic Trucks. Þrír ökumenn frá fyrirtækinu fara með, en leiðangurinn hefst 9. desember og er stefnt að því að koma á pólinn 2. janúar. Mikið hefur verið gert úr keppninni í Þýskalandi og Austurríki og fór meðal annars fram stór hæfileikakeppni um hverjir fengju að fara með þeim félögum í þetta mikla ævintýri en sýnt verður frá leiðangrinum í febrúar. - fgg



**ARON REYNISSON** Leiðangurinn með Hermann Maier og Marcus Lanz þegar nágrannaríkin Austurríki og Þýskaland takast á í kapphlaupi á Suðurpólinn verður sýndur á ZDF og ORF. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Óperukórinn • Félagar úr Karlakór Fóstbræðra • Stúlknakór Reykjavíkur
Stórhljómsveit Frostrósa • Tónlistarstjóri: Karl O. Olgeirsson • Hljómsveitarstjóri: Árni Harðarson
Frostrósir
Klassík
Hátíðartónleikar á jólum
Ný upplifun frá Frostrósum í lok aðventu • Háskólabíó 19. desember
Miðasala hefst í dag kl. 10:00 á midi.is
Kristinn Sigmundsson
Greta Hergils
Diddú
Jóhann Friðgeir
Garðar Thór Cortes
Miðasala á síðustu aukatónleikana
hefst í dag kl. 10:00 á midi.is
Hof Akureyri 18. des. kl. 20:00
Selfosskirkja 3. des. kl. 23:00
Egilsstaðakirkja 4. des. kl. 23:00
Eskifjarðarkirkja 5. des. kl. 18:00
2010
Frostrósir
...færa þér jólin
Viðskiptavinir Vildarklúbbs Íslandsbanka
Íslandsbanki
Munið afsláttinn
Frekari upplýsingar
Þjónustuver íslandsbanka
440 4000
Uppselt er á þrenna tónleika í Laugardalshöll - aðeins örfá sæti laus á fjórðu og síðustu tónleikana
Kringlan
Nóa Konfekt
Flugfélag Íslands
Vinsælasti tónlistarviðburður á Íslandi - Uppselt á 18 tónleika í desember

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

vísir.is
„...ég sá það á vísi"


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Fámennt í Soho

Íslenska tónlistarkonan **Hafdís Huld** heldur ansi sérstaka tónleka á Source Below í Soho-hverfinu í London á mánudag. Staðurinn hýsir aðeins fimmtíu manns og hyggst vefsíðan drownedinsound.com í samstarfi við landkynningarverkefnið Inspired By Iceland bjóða upp á getraun þar sem heppnir geta unnið sér inn miða. Hafdís hefur verið á ferðalagi um Evrópu og nýjasti diskur hennar kom nýverið út í bæði Bandaríkjunum og Kanada.



### Flottir dómar

Kvikmyndin Brim, eða Undercurrent eins og hún heitir á ensku, fær mjög góða dóma í bandaríska kvikmyndatímaritinu Hollywood Reporter. Gagnrýnandinn Neil Young segir myndina vera ágætis áminningu fyrir umheiminn að Íslendingar flytji ekki bara út eldfjallaösku og bankahrun. Þá segir Young myndina vera heillandi og eilítið yfirþyrmandi innsýn inn í erfitt líf þeirra sem sæki sjóinn. Young telur að myndin gæti átt ágætis erindi inn á markaði erlendis, ekki síst vegna nærveru **Björns Hlyns Haraldssonar** og Ingvars E. Sigurðssonar, sem hafi gert góða hluti saman í Mýrinni. - fgg



### Mest lesið vísir.is

1. Sérsveitin kölluð út - menn með riffla á almannafæri
2. Silungar í sundi
3. Tveggja rjúpnaskytta leitað
4. „Hann segir ekki neitt af viti, alveg eins og kelling"
5. Eigandi labradortíkur fundinn


Office1
Fyrirtækjaþjónusta
ÓDÝR REKSTRARVARA
Hringdu í fyrirtækjaþjónustu Office1 og lækkaðu rekstrarkostnað fyrirtækisins.
PÖNTUNARSÍMI 550 4111
Fyrirtækjaþjónustan er opin 8 - 17
pontun@office1.is
www.office1.is

HP Probook 6550b
hp - MEST SELDU FARTÖLVUR Í HEIMI*
HÖNNUÐ FYRIR FYRIRTÆKI, STÍLFÆRÐ FYRIR EINSTAKLINGA
NÝSKÖPUN
HREYFANLEIKI
FRAMÚRSKARANDI






Vörunr.: WD700EA
HP Probook 6550b
239.900 kr.

- Intel Core i5-450M
- Microsoft Windows 7 Professional 32-bit
- 2GB DDR3 1333MHz
- 320GB SATA II 7200 rpm með 3D DriveGuard
- LightScribe DVD+/-RW SuperMulti DL skrifari
- Magnesium ál rammi
- TPM öryggiskubbur 1.2, HP ProtectTools, Enhanced Pre-Boot Security, HP Spare Key
- HP Disk Sanitizer, Enhanced Drive Lock, Drive Encryption, File Sanitizer
- 3 ára HP ábyrgð

Opin kerfi eru dreifingar- og þjónustuaðili HP á Íslandi. HP tölvubúnaður fæst hjá samstarfsaðilum um land allt.






Opnunartími: mán - fös. kl. 9 - 18
* Skv. Gartner
OK búðin
Ok búðin / Höfðabakka 9 / 110 Reykjavik / Sími 570 1140 / www.okbudin.is